



# SKÝRSLA STARFSHÓPS UM HEIMA- OG ÍBÚÐAGISTINGU

Júní 2017



## EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur.....	3
1.1.	Tillögur starfshópsins .....	4
1.2.	Breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald – innleiðing breytinga vegna gististaða.....	5
2.	Kortlagning á stöðu heimagistingar og íbúðagistingar í Reykjavík.....	9
2.1.	Greining Deloitte á þróun Airbnb íbúða í Reykjavík fyrir starfshópinn .....	9
2.2.	Rekstrarleyfi, byggingarleyfi og eftirlit með breyttri notkun.....	14
2.3.	Fjármálaskrifstofa: innheimta fasteignagjalda .....	18
2.4.	Heilbrigðiseftirlit: útgefin starfsleyfi.....	18
2.5.	Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.....	19
2.6.	Höfuðborgarstofa .....	23
2.7.	Lög um fjöleignarhús.....	26
3.	Stefnumörkun Reykjavíkurborgar um heimagistingu og íbúðagistingu.....	30
3.1.	Stefna um gististarfsemi í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.....	30
3.2.	Skipulagsbreytingar sem takmarka gististarfsemi .....	36
3.3.	Aðalskipulagsbreytingar vegna heimilda um gististarfsemi .....	38
3.4.	Eftirlit með heimagistingu og íbúðagistingu.....	39
4.	Lagaumhverfi í öðrum borgum – Hvað hefur verið gert til að vernda íbúðabyggð? .....	42
5.	Spá um framtíðarþróun og líklegar sviðsmyndir .....	50

## INNGANGUR

Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 19. júlí 2016 og í honum sitja Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, sem einnig er formaður hópsins, Halldóra Hrólfsdóttir, verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa, Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu, Ívar Örn Ívarsson, lögfræðingur á fjármálaskrifstofu, Óskar Torfi Þorvaldsson, yfirverkfræðingur hjá byggingarfulltrúa, sem áheyrnarfulltrúi Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri heilbrigðiseftirlits, ásamt Hrólfi Jónssyni, skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar, sem sat í hópnum til að byrja með en vék svo sæti og setti Valdimar Karl Guðlaugsson í sinn stað. Valdimar lét af störfum hjá á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og kom Óli Örn Eiríksson inn sem fulltrúi skrifstofunnar á lokasprettinum. Einnig lagði Gylfi Ástbjartsson, ráðgjafaverkfræðingur hjá byggingarfulltrúa, hópnum lið. Með hópnum starfaði Bjarni Þóroddsson, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjórnar. Hópurinn fundaði alls 13 sinnum, þar af voru tveir stórir samráðsfundir með öllum umsagnaraðilum sem koma að veitingu rekstrarleyfa. Starfshópurinn fékk einnig fjölda gesta til sín: Harald Sigurðsson, deildarstjóra stefnumótunar og greiningar hjá umhverfis- og skipulagssviði, Harra Ormarsson, lögfræðingur hjá umhverfis- og skipulagssviði, Nikulás Úlfar Mátsson byggingarfulltrúa, Sigurbjart Halldórsson, byggingatæknifræðingur hjá byggingarfulltrúa, Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóra, Sigurð G. Hafstað frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, Kristín Mía Magnússon, ráðgjafa hjá Expectus, og Viktoríu Júlíu Laxdal frá skrifstofu borgarstjórnar.

Í erindisbréfi hópsins kom fram að heimagisting og íbúðagisting í Reykjavík hefði aukist mikið samhliða verulega auknum ferðamannastraumi. Mikilvægt væri að afla heildstæðra upplýsinga um fjölda íbúða í útleigu í Reykjavík, um líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar og hvaða stefnuvalkosti Reykjavíkurborg hefur í málaflokknum. Samþykktar hafa verið breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (heimagisting og flokkar veitingastaða). Í lögnum er gert ráð fyrir að heimagisting verði eingöngu skráningarskyld en samkvæmt eldri lögum voru gerðar allar sömu kröfur í umsóknarferli til að öðlast rekstrarleyfi fyrir heimagistingu og giltu um aðra gististaði, svo sem hótél eða gistiheimili.

Starfshópnum var svo gert að skoða hvaða valkosti Reykjavíkurborg hefði í málaflokknum og setja fram drög að stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu, m.a. um skilgreiningu skammtímagistingar, íbúðagistingar og heimagistingar. Fjallað skyldi um heimildir íbúðaeigenda í fjöleignarhúsum til skammtímaleigu og hlutfall íbúða undir slíka starfsemi í fjöleignarhúsum. Starfshópurinn átti að setja fram tillögur um hvernig haga mætti eftirliti á grundvelli laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða).

Starfshópurinn átti einnig að skoða alþjóðlega þróun heimagistingar og íbúðagistingar, hvað hefur verið gert erlendis til að vernda íbúðabyggð og spá fyrir um framtíðarþróun og líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar í Reykjavík. Að lokum var óskað eftir tillögum um frekari aðgerðir Reykjavíkurborgar í málaflokknum m.t.t. stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu og erlendra fyrirmynda.

## TILLÖGUR STARFSHÓPSINS

1. Lagt er til að Reykjavíkurborg óski þegar í stað eftir viðræðum um tvíhliða samning við Airbnb þar sem markmiðin taki m.a. mið af þeim samningum sem fyrirtækið hefur gert við borgaryfirvöld í Amsterdam og London. Í þeim samningum er m.a. kveðið á um að þak sé sett á skráningu eigna við ákveðinn dagafjölda (60 eða 90 daga). Ef ætlunin er að bjóða eignina til lengri leigu þarf að afhenda Airbnb afrit af gistileyfum og skráningarnúmer.
2. Lagt er til að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir frekari einföldun í regluverki og óski m.a. eftir því í viðræðum við ríkisvaldið að breyta starfsleyfisskilyrðum í lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti á þann hátt að gerðar verði aðrar og einfaldari kröfur í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Þannig myndi heimagisting falla utan starfsleyfisskyldu og mögulega vera einungis skráningarskyld hjá heilbrigðisyfirvöldum.<sup>1</sup> Einnig er lagt til að Reykjavíkurborg óski eftir endurskoðun laga um fjöleignarhús með það að augnamiði að skýrt verði í lögnum hvort og hvenær er þörf á samþykki meðeigenda fyrir leyfisskyldri gististarfsemi sem atvinnustarfsemi annars vegar og heimagistingu hins vegar og þá samþykki hve margra.
3. Lagt er til að Reykjavíkurborg að hafi forgöngu í því að koma af stað samráðs- og upplýsingavettvangi þeirra aðila sem koma að rekstrarleyfisveitingu og eftirliti innan málaflokksins í þeim tilgangi að skiptast á nauðsynlegum upplýsingum, forgangsraða og jafnvel samræma aðgerðir eftirlitsaðila.
4. Lagt er til að Reykjavíkurborg auki verulega upplýsingagiöf til borgaranna um gististarfsemi, bæði um skilyrði og málsmeðferð leyfisveitinga og um útgefnar umsagnir og leyfi. Til þess að auka líkurnar á því að stefnumörkun Reykjavíkurborgar í málaflokknum skili sér er lagt til að komið verði upp gagnvirku korti af Reykjavík sem sýni á einfaldan hátt hvaða gististarfsemi er heimil á hvaða stað ásamt einföldum leiðbeiningum um hvernig skal bera sig að við að sækja um og í hvaða röð.

---

<sup>1</sup> Krafa um starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna heimagistingar hefur verið felld niður með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem samþykkt var á Alþingi í júní. Breytingin tekur gildi 1. júlí næstkomandi.

5. Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofu borgarstjórnar verði falið að yfirfara verkferla innan Reykjavíkurborgar og styrkja samvinnu þeirra aðila innan stjórnkerfisins sem koma að leyfisveitingum í málafloknum. Með breytingu á reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald voru tekin af öll tvímæli um að íbúðagisting er leiga á stakri íbúð til ferðamanna og falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingarfulltrúa sem slík. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að tryggja að ekki verið gefin út starfs- eða rekstrarleyfi fyrr en búið er að ganga frá byggingarleyfi og lögbundnum úttektum.
6. Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði verði falið að kortleggja þær eftirlitsheimildir sem Reykjavíkurborg hefur í málafloknum og leiða má af mannvirkjalögum og lögum um mengunarvarnir og hollustuhætti. Slík kortlagning er nauðsynleg til að unnt verði að samræma aðgerðir eftirlitsaðila þannig að þær skili sem mestum árangri.
7. Lagt er til að Reykjavíkurborg haldi áfram viðræðum við ríkisvaldið og á vettvangi Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirkomulags gistináttagjalds og aukinnar hlutdeildar sveitarfélaga í þeim tekjum sem koma frá ferðamönnum.
8. Að lokum er lagt til að starfshópurinn komi saman að ári liðnu og meti árangur af starfinu og endurmeta stöðuna í ljósi reynslunnar.

## **BREYTINGAR Á LÖGUM UM VEITINGASTAÐI, GISTISTAÐI OG SKEMMTANAHALD**

### **INNLEIÐING BREYTINGA VEGNA GISTISTAÐA**

Breytingar þær sem gerðar voru á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald stöfuðu að meginstefnu til frá starfshópi sem iðnaðar- og viðskiptaráðherra skipaði í ágúst 2013. Í maí 2014 kom út skýrsla á vegum Ferðamálastofu um einföldun regluverks í ferðapjónustu sem starfshópurinn hafði til hliðsjónar við vinnu sína við endurskoðun löggjafarinnar sem þó átti einungis að ná til þess málaflokks sem heyrði undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, en málefni veitingastaða, gististaða og skemmtanahalds fluttust þangað frá innanríkisráðuneytinu. Starfshópurinn hóf samráð við hagsmunaaðila í byrjun árs 2014 og óskaði eftir ábendingum um hvað mætti betur fara í löggjöf veitinga-, gisti- og skemmtistaða.

Efnt var til endurskoðunar á lögnum vegna fjölgunar ferðamanna auk töluverðrar umræðu um flækjustig við leyfisveitingar í veitinga- og gistirekstri. Einnig var hafin umræða um leyfislausa gististarfsemi og skort á eftirliti með íbúða- og heimagistingu þar sem farið var að bera á því í auknum mæli að einstaklingar leigðu út húsnæði sitt til ferðamanna tiltekinn tíma ársins og að það væri til dæmis gert með milligöngu sérstakra aðila eða gegnum vefsíður. Að sama skapi var orðið algengt að einstaklingar og lögaðilar ættu fjölda íbúða sem leigðar væru út til ferðamanna.

Í fjölmörgum skýrslum sem unnar hafa verið um málaflokkinn, m.a. skýrslu Rannsóknastofnunar atvinnulífsins, er því haldið fram að stærsta vandamál gistinguþjónustunnar sé fjöldi óskráðra og leyfislausra gistinguþjónustustaða sem standi ekki skil á sköttum og skyldum. Þá hafa ýmsir skoðað fjölda gistinguþjónustustaða á landinu og nýtingu þeirra og er margt sem bendir til þess að ferðamenn nýti sér í auknum mæli annars konar gistinguþjónustu en þá sem skilar inn upplýsingum um fjölda gistinguþjónustustaða. Aukning ferðamanna hefur undanfarin ár verið talsvert yfir fjölgun hótélherbergja og mismuninum hefur m.a. verið mætt með framboði af gistinguþjónustu í íbúðum í miðbæ Reykjavíkur. Í gildistíð eldri laga var að finna flokk yfir heimagistingu sem fjölmargir nýttu sér þegar í raun var um að ræða starfsemi sem átti heima í öðrum flokkum, s.s. gistinguheimili eða íbúðagistingu.

Með lagabreytingunni var lögð áhersla á að bregðast við nýrri þróun í gistinguþjónustu og leyfislausri gistinguþjónustu en ljóst þótti að eftirlit með málaflokknum er umfangsmikið verkefni og mikilvægt að tryggja fjármagn og mannafla til þess. Ein af mikilvægustu breytingunum var því breytt skilgreining laganna á heimagistingu og skráningarskylda í stað rekstrarleyfis. Nú er gert ráð fyrir því að einstaklingum verði heimilt að starfrækja heimagistingu hafi þeir skráð sig á vefsvæði sýslumanns á viðkomandi stað eða á tiltekinni vefsíðu eða vefgátt og hafi aflað sér starfsleyfis.

Áður voru gerðar sömu kröfur í umsóknarferli til að öðlast rekstrarleyfi sem heimagisting og gerðar eru um aðra gistinguþjónustustaði, svo sem hótél eða gistinguheimili. Í nýju lögum er líka tekin skýr afstaða gagnvart gráu svæði í tíð eldri laga en nú er lögaðilum ekki heimilt að skrá sig í flokk heimagistingar, einungis einstaklingum. Þar sem ekki er lengur gerð krafa um rekstrarleyfi fara þessir aðilar ekki í sama umsóknarferli og umsækjendur um gistinguþjónustu í öðrum flokkum en þurfa þó að uppfylla kröfur um brunavarnir, svo sem varðandi fjölda reykskynjara og aðrar brunavarnir.

Gistinguþjónustustarfsemi er enn starfsleyfisþjónustuskuld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 en mikilvægt er talið að Reykjavíkurborg hlutist eins og mögulegt er til um að því verði breytt varðandi heimagistinguþjónustustaða eða kröfur mildaðar, þó þannig að hún uppfylli nauðsynlegar kröfur um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við lagasetninguna var ákveðið að draga úr vægi leyfisveitinga og þess í stað var aðilum gert að skrá eignir sínar á grundvelli samræmdra skilyrða um viðkomandi starfsemi sem sætir eftir sem áður eftirliti heilbrigðisnefnda.<sup>2</sup> Nauðsynlegt er að breyta lögum/reglugerð um hollustuhætti til samræmis við þær breytingar sem hafa verið gerðar varðandi heimagistingu þannig að skráðum heimagistinguþjónustustaðum dugi að tilkynna um útleigu og sæta eftirliti hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar án þess að til þurfi starfsleyfi.

Eftir breytingar á lögum um heimagistingu er einstaklingum heimilt að leigja út lögheimili sitt auk einnar annarrar fasteignar. Er þar komið til móts við fólk sem vill geta leigt út sumarhús sitt eða frístundaíbúð til skamms tíma og var miðað við að um væri að ræða lögheimili og frístundaeygn

---

<sup>2</sup> Krafa um starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna heimagistingar hefur verið felld niður með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem samþykkt var á Alþingi í júní. Breytingin tekur gildi 1. júlí næstkomandi.

annars staðar á landinu. Skráningarskyldum aðilum er þó aðeins heimilt að leigja út viðkomandi eignir í 90 daga samtals á ári hverju. Er þar átt við að heildarleigutími, ekki samfelldur þó, megi ekki vera lengri en 90 dagar og gildir þessi tímalengd hvort sem um er að ræða leigu einnar eða tveggja eigna á hverju almanaksári og samanlagðar tekjur af leigu eignanna skulu ekki nema hærri fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölulið 4. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Þeir aðilar sem starfrækja skráða heimagistingu skulu skila nýtingaryfirliti til sýslumanns á viðkomandi svæði fyrir almanaksár en slíkt yfirlit er nauðsynlegt til að auðvelda eftirlit með heimagistingu. Auk þess verður sýslumönnum heimilt að afhenda skattayfirvöldum umræddar skýrslur til samkeyrslu við skattskil.

Við vinnslu laganna voru einnig til umræðu tengsl nýtingar fasteignar til útleigu fyrir ferðamenn og álagning fasteignaskatts á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og reglugerðar þar um nr. 1160/2005. Í sumum tilfellum hafa sveitarstjórnir metið það svo að útleiga íbúðarhúsnæðis til ferðamanna leiði til hækkunar fasteignaskatta viðkomandi eignar. Talið er mikilvægt að reynt verði að haga skattlagningu fasteigna hvað varðar útleigu sem fellur undir flokk heimagistingar á samræmdan hátt milli sveitarfélaga og á sem sanngjarnastan máta fyrir bæði eigendur og sveitarfélög.

Nýmæli laganna um skráningarskyldu og breytta skilgreiningu heimagistingar er tilraun til þess að einfalda fyrirkomulag útleigu einstaklinga á heimilum sínum til skamms tíma. Markmið ákvæða um heimagistingu er einnig að ná skammtímaleigu til ferðamanna upp á yfirborðið og aðskilja þetta form útleigu frá hefðbundinni gististarfsemi í atvinnuskyni. Með þessum nýju reglum má einnig gera ráð fyrir að samkeppnisstaða gististaða styrkist þegar flokkur heimagistingar nær aðeins til útleigu sem aukabúgreinar og utan almennrar atvinnustarfsemi. 1. júní, fimm mánuðum frá gildistöku lagana, voru skráðar 183 heimagistingar, þar af 143 í Reykjavík. 202 til viðbótar voru í vinnslu.

Önnur mikilvæg breyting sem var gerð um áramótin var á 11. gr. þágildandi laga þar sem rekstrarleyfi á grundvelli laganna, þ.e. leyfi fyrir veitingastaði í flokki II og III og fyrir gististaði í flokkum II, III og IV, var gerð ótímabundin. Áður voru leyfin veitt til fjögurra ára í senn og mögulegt að sækja um endurnýjun að þeim tíma liðnum. Þá voru felld úr gildi ákvæði sem tengjast endurnýjun leyfa. Breytingin var í samræmi við áherslur um einföldun starfsumhverfis og regluverks í ferðaþjónustu. Lagði hópurinn til að leyfin yrðu ótímabundin en fyrst færi fram lögbundin úttekt og áhættumat. Það var mat starfshópsins að nægilegt væri að í upphafi færi umsókn í lögbundið umsagnarferli þar sem farið væri yfir allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar. Eftir að leyfi er veitt er gert ráð fyrir öflugum eftirliti bæði umsagnaraðila og eftirlitsaðila. Er þar um að ræða eftirlit heilbrigðisnefnda, eftirlit með brunavörnum á grundvelli laga um brunavarnir nr. 75/2000, eftirlit byggingarfulltrúa ef breytingar eru gerðar á húsnæði á grundvelli mannvirkjalaga og byggingarreglugerðar ásamt eftirliti lögreglu. Svo að tryggja megi virkt eftirlit gerir frumvarpið ráð fyrir því að allir eftirlitsaðilar og leyfisveitendur tilkynni sýslumanni á viðkomandi stað ef gerðar eru breytingar á veitinga- eða gististað, ef eitthvað er athugavert við

rekstur eða ef rekstur missir eitt af þeim leyfum sem nauðsynleg eru til þess að starfsemi sé heimil. Í slíkum tilfellum hefur leyfisveitandi, þ.e. sýslumaðurinn, heimild til þess að fella niður viðkomandi rekstrarleyfi.

Ennfremur hefur leyfisveitandi sjálfstæða heimild til þess að fella niður rekstrarleyfi hafi engin starfsemi verið af hálfu rekstrarleyfishafa á viðkomandi stað í tólf mánuði samfelld. Skal rekstrarleyfishafa tilkynnt um að niðurfelling standi til áður en hún fer fram og honum veittur kostur á að gera athugasemdir við niðurfellinguna eða fá hana dregna til baka.

Komi nýr aðili að rekstri á tilteknum stað þarf að fara fram sama ferli og við veitingu nýs rekstrarleyfis, þó með tilteknum undantekningum í samræmi við ákvæði 3. mgr. 12. gr. laganna. Markmiðið með breytingunni er að vinna að einföldun og aukinni skilvirkni í rekstri veitingastaða og gististaða. Undir núgildandi fyrirkomulagi hafa leyfishafar, sem margir hverjir eiga fjölda rekstrarleyfa á mismunandi stöðum á landinu, þurft að hafa mikið fyrir því að halda utan um endurnýjanir og hafa lagt í töluverða vinnu við endurnýjun á fjögurra ára fresti.

Í ljósi markmiða um einföldun löggjafar felst í frumvarpinu samræming á umsögnum sveitarfélags, byggingarfulltrúa, heilbrigðisnefndar og slökkviliðs enda starfa bæði byggingarfulltrúi, slökkvilið og heilbrigðisnefnd innan sveitarfélagsins. Þannig sendir sveitarstjórn nú sýslumanni samantekna niðurstöðu umsagnaraðila í þeim tilgangi að tryggja samræmda niðurstöðu og meira samstarf milli aðila innan sveitarfélagsins. Nú berst sýslumanni ein sameiginleg umsögn Reykjavíkurborgar þar sem m.a. tekið er á starfseminni, úttektum, skipulagsþáttum og opnunartíma en auk þess berst umsögn frá Vinnueftirliti ríkisins og lögreglu.

Reykjavíkurborg hefur unnið að innleiðingu þessarar breytingar jafnt og þétt frá áramótum með liðsinni starfshópsins sem tók það að sér að aðstoða við innleiðinguna samhliða því að vinna að þessari úttekt. Tveir stórir samráðsfundir voru haldnir til að undirbúa breytt verklag sem reyndust afar vel og eru umsagnaraðilar sammála um að breytingin sé til mikilla bóta.

Þegar sýslumanni berst umsókn um rekstrarleyfi sendir hann hana til umsagnar hjá skrifstofu borgarstjórnar. Þar fer nú fram forathugun á umsókninni sem snýr aðallega að meðfylgjandi gögnum og skipulagsþáttum. Ef skipulagsleg niðurstaða er neikvæð gerir skrifstofa borgarstjórnar neikvæða umsögn þá þegar. Ef skipulagsleg niðurstaða er jákvæð, sendir skrifstofa borgarstjórnar umsóknina til umsagnar hjá byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlitinu og slökkviliði sem senda sínar athugasemdir til skrifstofu borgarstjórnar sem tekur alla þætti saman í eina umsögn fyrir sýslumann. Þetta breytta verklag hefur í för með sér gífurlegan vinnusparnað fyrir umsagnaraðila auk þess sem umsækjendur hafa nú einn þjónustuaðila sem þeir leita til með upplýsingar og aðstoð. Búið er að slípa af ferlunum einstaka hnökra og virðist þetta fyrirkomulag ætla að skila tilætluðum árangri, sérstaklega ef fjármagn fæst til þess að bæta upplýsingagjöf og símsvörun.




# KORTLAGNING Á STÖÐU HEIMAGISTINGAR OG ÍBÚÐAGISTINGAR Í REYKJAVÍK

## GREINING DELOITTE Á ÞRÓUN AIRBNB ÍBÚÐA Í REYKJAVÍK FYRIR STARFSHÓPINN

Starfshópurinn hóf strax í upphafi leit að innlendum aðila sem hefði tekist með fullnægjandi árangri að sækja vélrænt þau gögn sem er að finna á vefsvæði Airbnb og vinna úr þeim eftir óskum starfshópsins. Slíkur aðili fannst ekki og leitaði því starfshópurinn til að byrja með, með aðkomu Höfuðborgarstofu, beint til Airdna sem vinnur greiningar og skýrslur upp úr gögnum Airbnb.


Að lokum var óskað eftir samstarfi við Deloitte sem vinnur nú að því að afla gagna fyrir stjórnstöð ferðamanna, m.a. um stöðu Airbnb á Ísland. Samkvæmt óskum starfshópsins vann Deloitte gögn eingöngu úr skráningum í Reykjavík. Þar er greindur fjöldi skráðra Airbnb íbúða eftir hverfum, meðalverð pr. dag á þeim íbúðum og þróun þess frá janúar 2015. Einungis eru sýndar tölur yfir virkar eignir, þ.e. eignir sem skapa leigutekjur í viðkomandi mánuði eða eru bókaðar í einhverja daga í þeim mánuði. Verður hér stuttlega farið yfir helstu niðurstöður skýrslunnar en hana má finna í heild sinni í fylgiskjöllum þessarar skýrslu.



© 2017 Deloitte ehf.

Fjölgun virkra eigna milli tímabila (miðað við sama mánuð árið áður)


Á þessari mynd má sjá hlutfallslega fjölgun Airbnb íbúða miðað við sama mánuð árið áður. Þannig var fjöldi íbúða í útleigu í janúar 2016 330% af fjölda íbúða sem voru í útleigu í janúar 2015, eða 3,3 sinnum fleiri. Fjöldi íbúða í útleigu á Airbnb í janúar 2017 er þannig 177% meiri en í janúar 2016. Undanfarið ár hefur hægt á fjölguninni milli mánaða.



© 2017 Deloitte ehf.


### Heildarfjöldi rýma eftir mánuðum

Hér má sjá heildarfjölda virkra eigna í hverjum mánuði. Milli ára dregur úr sveiflum milli árstíða. 2015 var heildarfjöldi leigurýma mest 1.416 og minnst 400, 2016 mest 2.622 og minnst 1.283. Sé tímabilið frá maí 2016 skoðað sérstaklega sést að fjöldi virkra eigna hefur haldist nokkuð stöðugur í 11 mánuði, en er þó mestur yfir sumartímam og um jól og áramót.



Heildarfjöldi rýma eftir tegundum

Hér má sjá skiptingu á leigurýmum eftir því hvort um er að ræða heimili, einkarými eða deilirými innan heimila. Hlutfall milli einkarýma og heimila í útleigu hefur haldist nokkuð óbreytt milli ára og eru deilirými enn talsverð undantekning.



© 2017 Deloitte ehf.


### Heildarfjöldi leigurýma pr. tímabil flokkað eftir hverfum

Hlutfall miðbæjarins er í heildarfjölda virkra eigna lægra í janúar, febrúar og mars 2017 en 2016. Það er 44,34% í janúar 2016 á móti 37,6% í janúar 2017, 46,76% í febrúar 2016 á móti 39,37% 2017 og 44,41% í mars 2016 á móti 40,18% 2017. Hlutdeild Vesturbæjarins er sömuleiðis lægri 2017 en 2016. Þessi tvö hverfi eiga þó enn samtals um 60% af öllum gistirýmum á Airbnb.

Mán	Árbær	Breiðholt	Grafarvogur	Háaleiti og Bústaðir	Hlíðar	Laugardalur	Miðbær	Vesturbær
Jan-16	1,38%	1,45%	1,45%	3,77%	15,97%	8,13%	44,34%	20,75%
Feb-16	1,01%	1,48%	1,71%	2,73%	16,52%	7,01%	46,06%	21,12%
Mar-16	0,87%	1,67%	1,67%	3,81%	16,66%	7,63%	44,41%	20,67%
Jan-17	1,73%	2,55%	2,51%	4,90%	18,43%	9,91%	37,60%	19,83%
Feb-17	1,64%	2,73%	3,03%	4,87%	16,53%	9,58%	39,37%	19,76%
Mar-17	1,64%	2,47%	2,71%	4,84%	16,97%	9,62%	40,18%	19,29%


Mán	Meðal- tal	Árbær	Breið- holt	Grafar- vogur	Háaleiti og Bústaðir	Hlíðar	Laugar- dalur	Miðbær	Vestur- bær
Janúar	176%	221%	310%	305%	229%	204%	215%	150%	169%
Febrúar	157%	254%	289%	277%	280%	157%	214%	134%	147%
Mars	138%	262%	204%	224%	175%	141%	175%	125%	129%

Í þessari töflu er að finna fjölgun gistirýma milli janúar, febrúar og mars 2016 og 2017 eftir hverfum. Hlutfallsleg fjölgun gistirýma milli janúar 2016 og 2017 var 176%. Sé hún brotin niður á hverfi sést að hún er mest í Breiðholti (310%) og Grafarvogi (305%), næst Háaleiti og Bústaðum (229%) og Árbæ (221%), Laugardal (215%) og Hlíðum (203%). Fjölgun í miðbæ og Vesturbæ var undir meðaltali (150%) og (168%). Fjölgunin er því minnst í þeim hverfum sem eru með flest rými til leigu fyrir, þ.e. miðbæ og Vesturbæ, og verður meiri eftir því sem er farið fjær því sem kalla má miðsvæðið.



Mánaðarleg þróun dagleiguverðs

Hér sést meðaldagleiguverð í krónum annarsvegar og dollurum hinsvegar. Fyrir hvern mánuð hækkaði verðið að meðaltali um 0,6 dollara en lækkaði um 10,7 krónur. Verðhækkunin í dollurum nær s.s. ekki að vinna upp styrkingu krónunnar á sama tímabili. Einnig sést á þessari töflu að árstíðasveiflur fara vaxandi. Nánari sundurliðun á þróun leiguverðs, t.d. eftir hverfum og tegundum rýma, er í skýrslu Deloitte sem finna má í viðaukum.



Heildartekjur af Airbnb leigu

Hlutfallsleg aukning heildartekna vegna útleigu á Airbnb er meiri en hlutfallsleg fjölgun íbúða. Milli janúar 2015 og 2016 var hlutfallsleg fjölgun íbúða 330% en hlutfallsleg hækkun verðs 333%. 2016-2017 var það 176% á móti 250%. Svipaða sögu er að segja yfir sumartímann, en hlutfallsleg fjölgun íbúða á móti hlutfallslegri hækkun leiguverðs í júní 2016-2017 var 236%/288% og 210%/259% fyrir júlí.

## REKSTRARLEYFI, BYGGINGARLEYFI, SKRÁNINGARSKYLDA OG EFTIRLIT MEÐ BREYTTRI NOTKUN

Til þess að hefja gístirekstur samkvæmt núgildandi lögum um veitingastaði, gístistaði og skemmtanahald þurfa rekstraraðilar að sækja um þrjú leyfi. Ef um er að ræða íbúðagistingu, gístistað í flokki II (án veitinga) þarf að sækja um byggingarleyfi fyrir breyttri notkun þ.e. að leyfi sé veitt fyrir því að breyta íbúð í atvinnuhúsnæði. Einnig þarf að sækja um rekstrarleyfi rekstraraðili hyggst stunda starfsemi sem fellur undir gístiflokkka II–IV<sup>3</sup> og veitingastaðaflokkka II og III. Í rekstrarleyfi getur falist leyfi til sölu gistingar og/eða veitingar og sölu veitinga, hvort sem er í mat eða drykk, bæði áfengra og óáfengra, og/eða útleigu samkomusala í atvinnuskyni.

<sup>3</sup> Flokkur I, heimagisting

Flokkur II, gístistaður án veitinga

Flokkur III, gístistaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum

Flokkur IV, gístistaður með áfengisveitingum

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík gefur út byggingarleyfi fyrir breyttri notkun íbúða sem ætlunin er að breyta í gististað í flokki II en samkvæmt reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald skal aðeins starfrækja gististað í húsnæði sem byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heimagistingu má reka í samþykktu íbúðarhúsnæði en allir aðrir gististaðir að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka skulu vera í samþykktu atvinnuhúsnæði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út rekstrarleyfi fyrir gististaði, sbr. lög nr. 85/2007 m.s.br. og reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Rekstrarleyfi eru gefin út að fengnum jákvæðum umsögnum lögbundinna umsagnaraðila, þ.e. sveitarstjórnar, en í Reykjavík er það skrifstofa borgarstjórnar sem annast gerð umsagna og kallar eftir umsögnum annarra aðila, þ.e. byggingarfulltrúa, heilbrigðiseftirlits, slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og skipulagsfulltrúa. Einnig veita Vinnueftirlitið og lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu umsagnir beint til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Til þess að mega starfrækja heimagistingu, þ.e. bjóða gistingu gegn endurgjaldi á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu þarf einungis að tilkynna sýslumanni að einstaklingur hyggist leigja út eign sína. Við skráningu ber viðkomandi aðila að staðfesta að til staðar sé starfsleyfi heilbrigðisnefndar<sup>4</sup>, húsnæðið uppfylli kröfur í reglugerð um brunavarnir, það hafi hlotið samþykki sem íbúðarhúsnæði og að húsnæðið sé fullnægjandi með tilliti til hollustuhátta samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Endurnýja þarf skráningu á ári hverju og við lok hvers almanaksárs skal aðili með skráða heimagistingu skila til sýslumanns yfirliti um þá daga sem húsnæði var leigt út ásamt upplýsingum um leigutekjur. Skil á upplýsingum skv. 1. másl. er skilyrði fyrir endurnýjun skráningar á næsta almanaksári. Sýslumanni er heimilt að senda upplýsingar skv. 1. másl. til skattyfirvalda. Við skráningu heimagistingar skal sýslumaður úthluta aðila númeri skráningar og ber aðila að nota númerið í allri markaðssetningu og kynningu, þ.m.t. á vefsíðum, bókunarsíðum, á sjálfri fasteigninni og í auglýsingum hvers konar.

Samkvæmt upplýsingum frá leyfedeild Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við gildistöku nýrra laga um áramót voru útgefin rekstrarleyfi í Reykjavík samtals 154 í gistiflokki I (heimagisting eins og hún var skilgreind fyrir lagabreytingu) og 184 í gistiflokki II (gististaður án veitinga, íbúðir), sbr. neðangreindar töflur.

---

<sup>4</sup> Sá áskilnaður fellur úr gildi 1. júlí 2017

Fjöldi leyfa í Reykjavík eftir póstnúmerum í flokki I:

Póstnúmer	Fjöldi
101	88
103	3
104	6
105	17
107	14
108	6
109	5
110	4
111	1
112	2
113	4
116	4

Fjöldi leyfa í Reykjavík eftir póstnúmerum í flokki II:

Póstnúmer	Fjöldi
101	137
102	1
104	3
105	32
108	9
112	1
113	1

Unnið hefur verið að athugun á skráningu fasteignagjalda á íbúða- og heimagistingu í Reykjavík hjá skilmálaeftirliti byggingarfulltrúa með hliðsjón af útgefnum rekstrarleyfum. Fyrst og fremst hafa verið skoðaðar íbúðir þar sem eru til staðar leyfi í gistiflokki II þar sem breyting á notkun er byggingarleyfisskyld.

Bornar hafa verið saman skráningar á þeim gististöðum sem skráðir eru með leyfi hjá leyfedeild sýslumanns og kannað hvort þeir hafi verið færðir í C-skattflokk í fasteignaskrá, en fasteignir eru skattlagðar eftir skráningu þeirra með eftirfarandi hætti:



### **A-skattflokkur, 0,2% af fasteignamati**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

### **B-skattflokkur, 1,32% af fasteignamati**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

### **C-skattflokkur, 1,65% af fasteignamati**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Ef fasteign undir gististað er ranglega flokkuð sendir embætti byggingarfulltrúa tilkynningarbréf til eiganda þar sem greint er frá áformum um að skattleggja húsnæðið í C-flokki og kostur gefinn á andmælum innan ákveðins tímafrests. Ennfremur hefur byggingarfulltrúi hafið yfirferð á vefsíðum þar sem gisting er boðin í íbúðum í Reykjavík og borið skráningar þar saman við fasteignagjaldskráningar. Í framhaldi fara fram bréfasendingar til eigenda með leiðbeiningum um að sækja þurfi um leyfi fyrir gististarfsemi. Helstu vandamál sem upp hafa komið og verið er að leysa úr hjá embætti byggingarfulltrúa eru þessi:

- Rekstrarleyfi eru gefin út á heimilisfang en ekki er getið fastanúmers fasteignar í leyfisbréfinu sjálfu.
- Í rekstrarleyfisbréfinu vantar stundum upplýsingar um fyrir hve marga aðila gisting er leyfð.
- Vandkvæði geta verið á því að finna nákvæma staðsetningu íbúða sem eru í boði á þeim vefsíðum sem bjóða gistingu, þ.e. hvert er heimilisfang eða númer íbúðar þar sem hnit eru oft ranglega skráð til að villa um fyrir eftirlitsaðilum.
- Ekki er alltaf ljóst á vefsíðum sem bjóða gistingu hversu margar íbúðir eru í boði á hverjum stað.

Í lögum um mannvirki nr. 160/2010 kemur fram að sveitarstjórn ber ábyrgð á að stjórnslá og eftirlit byggingarfulltrúa sé í samræmi við ákvæði laganna. Byggingarfulltrúar annast eftirlit með byggingarleyfissskyldum framkvæmdum s.s. þeim að óheimilt er að breyta notkun mannvirka án samþykkis sbr. 1. mgr. 9. gr. Ef byggingarleyfissskyld framkvæmd er hafin án þess að sótt hafi verið um leyfi fyrir breyttri notkun mannvirkis, s.s. þegar verið er að breyta íbúð í gististað eða ef mannvirki er tekið til annarra nota en heimilt er samkvæmt útgefnu byggingarleyfi getur byggingarfulltrúi stöðvað slíkar framkvæmdir eða notkun tafarlaust og fyrirskipað lokun mannvirkisins. Ef byggingarframkvæmd er hafin án þess að leyfi sé fengið fyrir henni eða hún

brýtur í bága við skipulag getur byggingarfulltrúi krafist þess að starfsemi verði hætt. Sinni eigandi ekki þeirri kröfu er heimilt að vinna slík verk á hans kostnað.

## **FJÁRMÁLASKRIFSTOFA: INNHEIMTA FASTEIGNAGJALDA**

Eitt markmið frumvarps þess er varð að lögum nr. 67/2016, þ.e. lög um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, var að einfalda fyrirkomulag útleigu einstaklinga á heimilum sínum til skamms tíma. Því geta nú eingöngu einstaklingar skráð eignir sínar í flokk heimagistingar og er það skilyrði að um sé að ræða fasteign sem eigandi hefur persónuleg not af. Þá er sérstaklega tekið fram í 5. mgr. 13. gr. laga nr. 85/2007 að heimagisting sem uppfylli skilyrði laganna teljist ekki atvinnuhúsnæði í skilningi laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Af því leiðir að fasteignaskattur íbúða sem nýttar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 85/2007 verður eins og um íbúðarhúsnæði sé að ræða.

Leyfi sem gefin hafa verið út samkvæmt ákvæðum eldri laga nr. 85/2007 halda gildi sínu og verður fasteignaskattur lagður á þær fasteignir líkt og um atvinnuhúsnæði sé að ræða þann tíma sem leyfið er í gildi. Búast má við að einhver hluti þeirra sem hafa slíkt leyfi kjósi fremur að nýta sér 90 daga heimagistinguna og því líklegt að einhver hreyfing verði á milli nýja og gamla flokksins með tilheyrandi breytingum á fasteignagjöldum.

## **HEILBRIGÐISEFTIRLIT: ÚTGEFIN STARFSLEYFI**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur út starfsleyfi fyrir gististarfsemi sem atvinnurekstur og fyrir stofnanir sem veita almenningi þjónustu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þegar rekstraraðili hefur sent inn umsókn tekur heilbrigðisfulltrúi hana til meðferðar. Uppfylli rekstraraðili skilyrði er umsóknin tekin til afgreiðslu, að öðrum kosti er umsækjanda leiðbeint um það sem upp á vantar. Jákvæð umsögn frá byggingarfulltrúa fyrir húsnæði og notkun þarf að liggja fyrir áður en heilbrigðiseftirlit getur afgreitt umsókn en umsóknin er lögð fyrir vikulega afgreiðslufundi til samþykktar.

Starfsleyfi tekur gildi þegar reikningur fyrir leyfið hefur verið greiddur. Þá er leyfisbréfið sent leyfishafa og er gildistími þess 12 ár. Óheimilt er að hefja starfsleyfis skylda starfsemi áður en leyfi hefur tekið gildi en það er gefið út með fyrirvara um rekstrarleyfi sýslumanns.

Fjöldi útgefna starfsleyfa heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 1. janúar 2017 var 183 fyrir heimagistingu og 210 fyrir íbúðagistingu.

## SKRIFSTOFA EIGNA OG ATVINNUPRÓUNAR

Nokkuð hefur borið á því undanfarin misseri að reynt hafi verið að ná utan um umfang og áhrif heimagistingar á Íslandi. Háskólinn á Bifröst gaf út skýrslu um umfang íbúðagistingar í ferðapjónustu haustið 2015. Skýrslan var unnin samkvæmt samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið en samkvæmt henni voru 2.343 íbúðir og 975 herbergi á skrá hjá Airbnb á Íslandi. Þar af var talið að fjöldinn í Reykjavík væri um 1.900 herbergi og íbúðir.

Í byrjun árs 2016 sendi vefritið túristi.is fyrirspurn á Airbnb og óskaði eftir upplýsingum um fjölda eigna á skrá hjá fyrirtækinu.<sup>5</sup> Samkvæmt svörum fyrirtækisins voru skráðar eignir á Íslandi 3.903. Í fréttinni er tekið fram til samanburðar að samanlagt hafi þrjár stærstu hótélkeðjur landsins, Íslandshótel, Icelandair Hotels og Kea hótél, 2.829 herbergi. Þessi samanburður segir þó ekki mikið enda er stór hluti þeirra gistikosta sem boðnir eru fram á Airbnb aðeins fánlegur hluta úr ári, en rannsóknir fyrirtækisins hafa sýnt að meðaleign í Danmörku er aðeins í boði í 22 daga á ári. Auk þess eru skráningar á Airbnb ekki bundnar við herbergi, stundum er um að ræða stök herbergi en í öðrum tilfellum íbúðir, einbýlishús eða sumarhús sem rúma mun fleiri gesti en hefðbundið hótélherbergi. Þegar fólk leigir út heimili sitt meðan það er ekki í notkun, t.d. vegna sumarleyfa, eða leigir út herbergi innan íbúðar þegar það ella stæði autt, má tala um góða nýtingu á eignum og minni þjóðhagslega sóun. Öðru máli gegnir um eignir sem eru teknar af almennum húsnæðismarkaði og einungis nýttar sem gistieiningar. Slíkt dregur úr framboði á húsnæði til varanlegrar búsetu og ýtir undir ójafnvægi þar sem viðkomandi rekstur er undir öðru regluverki en aðrir gjististaðir.

Greiningardeild Íslandsbanka gerði úttekt á stöðu í ferðapjónustu fyrir árið 2016 þar sem staðan á Airbnb var sérstaklega tekin fyrir. Þar var það metið svo að meðalfjöldi virkra gistirýma í Reykjavík árið 2016 hefði verið um 2.000. Virk rými eru þau sem hafa verið leigð út a.m.k. einu sinni á tímabilinu. Af þessum skráðu rýmum voru rúmlega 500 herbergi og tæplega 1.500 íbúðir. Nýting rýma var 55%. Yfir sumarið fóru virk rými upp í 2.500 og nýting hækkaði í 62%.

Í skýrslu greiningardeildarinnar kemur fram að fjölgun virkra gistirýma í Reykjavík árið 2016 (509) hafi verið meiri en fjölgun íbúða í borginni (399). Þó verður að horfa til þess að líklegt er að mikill fjöldi virkra gistirýma á sumrin sé á vegum fólks sem leigir út heimili sitt meðan það er sjálft í sumarfríi. Því er ekki ástæða til að ætla að þessar eignir hafi nauðsynlega horfið af markaði.


Í apríl birti Hagstofa Íslands tölur yfir seldar gistinætur á Íslandi árið 2016. Í heildina voru seldar 8,8 milljón gistinætur yfir árið (en gistinótt er skilgreind sem nótt sem ein manneskja gistir í herbergi, þannig teljast það tvær gistinætur ef tvær manneskjur gista saman í herbergi). Þar af voru 3,6 milljón gistinætur á höfuðborgarsvæðinu. Hagstofan áætlaði um 2.000 virkar skráningar á höfuðborgarsvæðinu á Airbnb en þær tölur eru byggðar á gögnum frá Airdna. Hagstofan skoðaði

---

<sup>5</sup> <http://turisti.is/frettir/2484-naerri-fjogur-thusund-islenskar-gistingar-i-bodi-a-airbnb>

einnig virkni leigjenda og í ljós kom að flestar eignirnar (38%) eru einungis í útleigu í 1-3 mánuði en fæstar (15%) eru í leigu allt árið. Hagstofan áætla að heildarfjöldi gistingu Airbnb á Íslandi hafi verið ein milljón og þar af hafi fjöldi gistingu í Reykjavík verið um 670.000.



Greiningardeild Íslandsbanka kannaði einnig dreifingu skráðra eigna á Airbnb eftir póstnúmerum og komst að því að í júlí 2016 var 1 af hverjum 23 „íbúðum“ (þ.e. bæði íbúðum og herbergjum) skráð á vefinn. Þetta hlutfall dreifist ekki jafnt yfir borgina heldur er það langhæst í 101 þar sem ein eign af hverjum átta er skráð á vefinn (12,4%).



Airbnb skráningar í Reykjavík í maí 2016. Rauður punktur: íbúð, blár punktur: herbergi. Heimild: Airdna


Því hefur stundum verið fleygt fram að 4% íbúða í Reykjavík séu farin af húsnæðismarkaði og inn á Airbnb markaðinn. Af tölum Airdna má sjá að slíkar fullyrðingar eru hæpnar. Í fyrsta lagi er um fjórðungur skráðra eigna herbergi innan íbúðar og er því íbúðin sjálf enn á húsnæðismarkaði. Í öðru lagi er stærstur hluti íbúða einungis til leigu í 1-3 mánuði á ári og því líklegt að um sé að ræða eigendur sem leigja íbúð sína á meðan þeir eru sjálfir í frí. Þau 15% skráðra eigna á Airbnb sem eru til leigu í 10-12 mánuði og verða því að teljast alfarið horfin af leigumarkaði gætu því verið í kringum 300. Það jafngildir 0,6% af öllum íbúðaeiningum í Reykjavík. Til að komast að því hversu margar eignir eru farnar af markaði þarf að draga frá herbergi innan íbúðar og eignir sem

eru aðeins í útleigu lítinn hluta ársins. Vöxturinn milli ára hefur þó verið mjög mikill og verður því áhugavert að sjá þróun skráðra eigna á komandi sumri.




## Tekjumöguleikar af leigu til ferðamanna hafa hækkað verð

Allt að 3.200\* íbúðir og herbergi eru til leigu í Reykjavík einhvertímann á næstu mánuðum



Heil íbúð  
Herbergi  
Herbergi deilt með öðrum




13 Heimildir: Skjaskot af Airdna.co, Þjóðskrá Íslands, Airdna, Greiningardeild Arion banka. \*ATH að vísbendingar eru um að þessi tala sé ofmetin.

Arion banki  
- fyrir framtíðina

## Margt á huldu varðandi Airbnb á Íslandi og áhrif á íbúðaframboð

Flest bendir til þess að áhrifin séu oft ýkt. Áhrif ferðapjónustu á íbúðaframboð eru þó vafalítið til staðar




27 Heimildir: Airdna, Hermann Valsson.

Arion banki  
- fyrir framtíðina

## Tilkoma deiliahagkerfisins mun líklega létta eitthvað á spennunni

Íbúðagisting hefur mjög sótt í sig veðrið um allan heim með tilkomu samskiptasiða eins og Airbnb og Home-exchange. Samkvæmt könnun ferðamálastofu frá árinu 2014 nýttu um 18% þeirra ferðamanna sem komu til Íslands slíka þjónustu og miðað við þann mikla vöxt sem verið hefur að undanförmu má gera ráð fyrir að hlutfallið hafi hækkað nokkuð síðan þá.

Þó deila megi um samkeppnisstöðu hótela gagnvart þessum nýja keppinaut þá er engum blóðum um það að fletta að tilkoma íbúðagistingar léttri á spennunni sem myndast á hótelmörkaði þegar framboð nær illa að anna eftirspurn og gerir um leið fleiri ferðamönnum kleift að sækja landið heim. Íbúðagisting nýtir betur þær fjárfestingar sem fyrir eru, eykur framleiðni og virkar sveiflujafnandi fyrir hagkerfið.



18

Heimildir: Ferðamálastofa, mbl.is (janúar 2016)

## Airbnb íbúðum fjölgar um 124% á einu ári



Fjöldi íbúða í miðbænum eru til leigu á vefnum airbnb, bæði íbúðir sem einstaklingar leigja út og stærri leigufélög. *Þóttur Arnar Þórðarson*

Það skál þó tekið fram að þessar tölur eru ekki alveg samanburðarhæfar og bendir Túristi á að samkvæmt könnun Airbnb í Danmörku er hver gístkostur í boði að meðaltali í 22 daga á ári. Þá séu skráningar á Airbnb herbergi eða íbúðir, meðan þau eru talin í herbergjum hjá hóteliþjónunum.

Síðustu 12 mánuði ársins fjölgaði gestum Airbnb hér á landi um 156%, en ekki er gefinn upp nákvæmur fjöldi gesta. Þá fjölgaði íslenskum leigjendum á síðustu 12 mánuðum um 90%.

Alls eru 3.903 íbúðir auglýstar til útleigu á vefnum Airbnb og hefur fjölgað um 124% frá því í fyrra þegar þær voru rúmlega 1.700. Síðustu þrjú mánuði hefur fjölgunin verið rúmlega 10%, eða 350 íbúðir. Þetta kemur fram á vefnum Túristi, en tölur eru fengnar frá Airbnb.

Á gístoðum Íslandshótela, Icelandair hotels og Kea hótela séu í dag samtals 2.829 herbergi og því séu herbergi eða íbúðir til leigu á Airbnb en hjá þessum stærstu hóteliþjónunum landsins.



## HÖFUÐBORGARSTOFA

Höfuðborgarstofa hefur frá árinu 2004 látið kanna viðhorf ferðamanna til áfangastaðarins Reykjavíkur. Könnunin er framkvæmd af fyrirtækinu Rannsóknir og ráðgjöf ferðaðjónustunnar og er gerð meðal erlendra brottfarargesta í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Könnunin er framkvæmd árið um kring og gefur góðar vísendingar um reynslu ferðamanna af Reykjavík, hvort þeir mæla með Reykjavík sem áfangastað við aðra, afþreyingu fólks í borginni og álit á henni.

Höfuðborgarstofa hefur frá og með febrúar 2017 fjölgað spurningum í könnuninni og spyr nú hvers konar gístimöguleika erlendir ferðamenn nýta sér í Reykjavík. Þannig verður hægt að fylgjast með þróun á vali gístikosta ferðamanna í Reykjavík til framtíðar auk gístináttafjölda fyrir hvern kost fyrir sig.

Spurt verður:

What type of accommodation did you use on this trip in Iceland and in Reykjavík? Mark with the correct number of nights, which apply:

- Tent
- Rented camper van
- Hotel
- Guest house

Farm holiday  
Summer house/cottage  
With family or friends  
Youth hostel  
Airbnb apartment  
Other apartment

Menningar- og ferðamálasvið hefur auk þess ákveðið að kaupa þjónustu af fyrirtækinu Airdna sem mun mánaðarlega skila skýrslu sem veitir upplýsingar um Airbnb gistingarmöguleika í borginni. Höfuðborgarstofa getur framkvæmt reglulega kannanir meðal ferðamanna í Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík á því hvers konar gistingu þeir nýta sér í Reykjavík og viðhorfum þeirra til einstakra gistingarmöguleika, sé eftir því óskað.

Höfuðborgarstofa telur mikilvægt að vera í góðu samtali við íbúa í og við miðborg Reykjavíkur til að tryggja áframhaldandi farsælt samband milli íbúa, ferðamanna og ferðaþjónustunnar í borginni. Höfuðborgarstofa hefur í tvígang gert könnun meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu til að meta viðhorf til ferðamanna og ferðaþjónustu. Kannanirnar voru framkvæmdar vorin 2015 og 2016. Viðhorf íbúa til ferðamanna reyndist mjög jákvætt og jákvæðara en viðhorf íbúa til ferðaþjónustunnar almennt. Þó gefur könnunin 2016 ákveðnar vísbendingar um að ferðamannastraumurinn í miðborginni nálgist þolmörk íbúa. Í könnuninni 2016 taldi rúmlega helmingur íbúa miðborgar fjölda ferðamanna hæfilegan að sumri til og 75% segja fjöldann hæfilegan yfir vetrarmánuðina. Er þetta nokkur lækkun frá 2015 og mikilvægt að fylgjast vel með þróuninni. Höfuðborgarstofa vill óska eftir því að Maskína, sem framkvæmir könnunina, athugi fyrir könnunina árið 2017 hvort og með hvaða hætti megi mæla viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til Airbnb og hvort íbúar telji of mikið af Airbnb íbúðum í boði í viðkomandi hverfi. Slíkar mælingar myndu gefa góðar vísbendingar um hvort munur sé á viðhorfum íbúa eftir hverfum og hvar helst reynir á þolmörk. Slíkt getur gagnast Reykjavíkurborg við skipulagsvinnu til framtíðar.


Höfuðborgarstofa er aðili að European City Marketing auk annarra svokallaðra Visit-skrifstofa í höfuðborgum landa í Evrópu og öðrum lykilborgum. Gott tengslanet hefur myndast milli borganna sem eiga aðild að samtökunum sem nýta má til að afla gagna og upplýsinga um stöðu mála í viðkomandi borgum og hvað hefur verið gert til að vernda íbúðarbyggð.

Ekki liggja enn fyrir tölur um fjölda gistingu í heimagistingu og íbúðagistingu á árinu 2016 en gagna frá Hagstofunni er að vænta. Gistinætur á heimagististöðum árið 2015 voru 233.259 samanborið við 175.320 árið áður, sem er 33% aukning milli ára. Á árinu 2015 voru gistinætur í íbúðagistingu 520.183 og fjölgaði um 22,1% frá árinu 2014. Í Hagtíðindum um ferðaþjónustu sem komu út 5. apríl 2016 kemur fram hvernig fjöldi gistingu er eftir tegundum:



## Mynd 2. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2015

Figure 2. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2015



Ljóst er að deiliahagkerfið hefur vaxið hratt undanfarin ár og samkvæmt greiningu Íslandsbanka sem birt var í október 2016 voru 3.049 eignir skráðar til útleigu á Airbnb í ágúst 2016 eða um 80% fleiri en í ágúst 2015. Á hverjum degi í júlí var ein af hverjum átta íbúðum í 101 Reykjavík í leigu til ferðamanna í gegnum Airbnb. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að fjárfestingar í hótél- og gistirými hafa ekki fylgt eftir vextinum í fjölda ferðamanna, sérstaklega ekki á vinsælustu gístisvæðunum á höfuðborgarsvæðinu. Því hefur skapast grundvöllur fyrir mikinn vöxt deiliahagkerfisins og aukinni eftirspurn eftir gistirými hefur að stórum hluta verið mætt með framboði af íbúðarhúsnæði í gegnum Airbnb. Óvíst er hvort og þá hvernig hægt hefði verið að taka á móti þeim fjölda ferðamanna sem kom til höfuðborgarinnar á árinu 2016 án Airbnb.

Í ferðaþjónustuúttekt greiningardeildar Arion banka, sem birt var 20. september 2016, kemur fram að miðað við kannanir um dvalartíma ferðamanna hér á landi séu um 40% gistinátta óskráð en þannig hafi það einnig verið fyrir tíma Airbnb. Þar kemur einnig fram að nýtingarhlutfall á Airbnb gistingu er nokkuð gott, eða á bilinu 46-94% á tímabilinu ágúst 2015-ágúst 2016.

## LÖG UM FJÖLEIGNARHÚS

Mikið hefur verið rætt um rekstur heimagjastingar og íbúðagjastingar í fjöleignarhúsum og það ónæði sem getur hlotist af umferð ferðamanna í og við íbúðarhús. Á grundvelli laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994 þar sem fjallað er um réttindi og skyldur eigenda fjöleignarhúsa, hefur eigandi einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni með þeim takmörkunum einum sem greinir í lögum, því sem leiðir af óskráðum grenndarreglum, eðli máls eða því sem byggist á löglegum ákvörðunum og samþykktum húsfélags. Þessi eignarráð má takmarka í tilteknum tilvikum sem nánar eru skilgreind í 27. gr. laganna, svo sem þegar breyting er gerð á hagnýtingu séreignar frá því sem verið hefur eða ráð fyrir gert í upphafi og hefur í för með sér verulega meira ónæði, röskun eða óþægindi fyrir aðra eigendur. Þörf fyrir samþykki eigenda annarra eignarhluta við breytingu á hagnýtingu eignar, s.s. vegna gististarfsemi, veltur á ákvæðum og túlkun áðurnefndra laga. Ekki var unnt að taka afstöðu til þessara tilfella við endurskoðun löggjafar um veitingastaði og gististaði heldur var bent á í greinargerð með frumvarpinu að það færi betur á að slíkt mat ætti sér stað á grundvelli laga um fjöleignarhús. Því var lagt til við vinnslu frumvarpsins að velferðarráðuneytið, sem fór með málaflökk fjöleignarhúsa, tæki afstöðu til málsins og mæti hvort nauðsynlegt væri að setja sérstakt ákvæði eða leiðbeiningar í tengslum við leigu íbúða í fjöleignarhúsum til ferðamanna. Er sú tillaga ítrekuð á þessum vettvangi og hvatt til þess að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir að það verði gert en þörfin fyrir skýrar reglur í þessum málum verður bara brýnni.

Lög um fjöleignarhús nr. 26/1994 tóku gildi 1. janúar 2005 en lengi hefur staðið til að endurskoða þau í heild sinni. Meginregla laganna um töku ákvarðana er sú að allir hlutaðeigandi eigendur eigi óskoraðan rétt á að taka þátt í öllum ákvörðunum er varða sameignina, bæði innan húss og utan, og sameiginleg málefni sem snerta hana beint og óbeint. Til fyllingar meginreglunni gilda þær reglur um ákvörðunartöku um sameiginleg málefni í fjöleignarhúsum að gerður er greinarmunur á þeim ákvörðunum sem þurfa samþykki allra eigenda, aukins eða einfalds meirihluta eigenda eða minnihluta eigenda.

<b>VIENNA</b>	Position Paper "Turning the Sharing Economy into a fair Economy in Vienna" <a href="https://www.wien.gv.at/wirtschaft/standort/pdf/sharing-economy-in-vienna.pdf">https://www.wien.gv.at/wirtschaft/standort/pdf/sharing-economy-in-vienna.pdf</a> Vienna is favourable to innovative ideas – if they benefit the people. We want courageous entrepreneurs to be able to do business. The limits are drawn, however, where the	<b>COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS:</b> No maximum No maximum - No permission is needed if you offer no more than ten beds. By offering more than ten beds or by providing some kind of services (e.g. breakfast, cleaning) you might fall under the Trade, Commerce and Industry Regulation act and need a trade licence.					No.	There is no maximum. By offering more than 10 beds you need a trade licence.	Sub-letting in the case of public housing is not allowed.  In most rental agreement, subletting is forbidden.	The approval of all other owners is needed	If you need a trade licence then you have to follow the specific conditions set in the licence.	No.	No.		Local tax 3.2% of accommodation fees.	
	Interests of the citizens, consumers and fair competition are affected.	<b>TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE:</b> Ibid. <b>COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS:</b> Ibid. <b>PARTIAL HOME RENTALS:</b> Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.	Ibid.
<b>DONOSTIA/ SAN SEBASTIÁN</b>	<b>COMMERCIAL SHORT-TERM VACATION RENTALS:</b> Basque Government Law- 13/2016, of 28 <sup>th</sup> July (Specific order not developed yet)  Donostia / San Sebastián Town Hall regulation	Up to 31 days twice or more times in a year No maximum Any type of houses offered temporarily as a tourist service directly or by any other way in exchange for remuneration "Declaration of Responsibility" Document + Certificate of Occupancy + Register with the Basque Government Tourism Registration service				NO	Max fixed by Basque Government Housing Law 3/2015, art. 62,2  + Whole residence	Sub-letting not allowed	No permission needed	Safety requirements necessary (not fixed yet)	Primary residential use not allowed simultaneously with the touristic use  If property rented for more than 31 days at a time, then contract falls as temporary renting under the National Law of Urban Leases (LAU)	Local Government law doesn't allow commercial uses on 2 <sup>nd</sup> floor or above.	NO			
	<b>TEMPORARY RENTAL OF PRIMARY RESIDENCE:</b>															

		<b>PARTIAL HOME RENTAL:</b> Basque Government Law: 13/2016, of 28 <sup>th</sup> July (Specific order not developed yet)	Up to 31 days in a row	No maximum	Primary houses	"Declaration of responsibility" document	Yes	It will be limited by the new Basque Government Order (not fixed yet)	Tenant must communicate the activity to Landlord	No permission needed	Safety requirements necessary (not fixed yet)		No restrictions	NO
--	--	--	------------------------	------------	----------------	--	-----	---	--	----------------------	---	--	-----------------	----

Einnig hefur verið tekið saman til hvaða aðgerða borgirnar sem taka þátt í verkefninu hafa gripið:

IMPLEMENTATION	Relationship with platforms				Enforcement			
	Requirement for information + checks on hosts' compliance with regulations	Requirement for data release and listings disclosure to public authorities	Requirement for tax collection	Fines for non-compliance (liability for illegal ads)	Right of third parties to complain (e.g. neighbours) and channels for complaints	Dedicated team in city council for inspections + collaboration of other agencies/parties (e.g. police)	Sanctions and fines on flat owners	Data monitoring
<b>AMSTERDAM</b>	The council signed an agreement with Airbnb in 2014.  New agreement signed with Airbnb starting on 1/01/2017: Airbnb caps the rental at 60 days, unless hosts prove they have permission from the city for permanent rental.  Platforms play an educational role for hosts and community members	Yes, in the new agreement Airbnb will provide individual data to the city when asked for it, to complete a report on illegal rental.	Collection of tourist tax by Airbnb	Both home owners and intermediate companies can be fined for illegal rent.	General public encouraged to report possible infringements anonymously via online form on website and hotline (e.g. to denounce suspected "illegal hotels")	45 inspectors	Fines from €12,000 onwards. Sanctions: closing, eviction	Since April 2016: City Council uses digital investigation techniques ("scraping") to automatically collect content from Airbnb's booking database: looking for landlords who no longer live in their homes, rent multiple properties, rent for over 60 days/year, or to more than 4 people at once.
<b>BARCELONA</b>	Platforms must adhere to advertising requirement that properties must include registration number with clear liability as intermediates.	Yes 36.1 34/2002 LSSI (Informational Society Services Spanish Law)  Art. 73.5 Law of Tourism 16/2002 (Catalan Law)	Not directly through platforms. Tax collected directly by the owners or firms and transferred to the Government of Catalonia	- July 2014: Catalan government fined 8 letting sites €30,000 euros for advertising rooms and non-registered apartments. - December 215: Barcelona fined 2 platforms for advertising non-registered apartments and for not attending to information requirement. - Nov. 2016: city government fined Airbnb and Homeway €600,000 each for advertising illegal listings (3,812 and 1,744 properties respectively).	General public encouraged to report possible infringements anonymously via online form on website. <a href="http://meet.barcelona.cat/habitatgeuristic/es/">http://meet.barcelona.cat/habitatgeuristic/es/</a>  Online tool for general public to check if a flat has a license to operate as short term rental: <a href="http://med.barcelona.cat/habitatgeuristic/es/">http://med.barcelona.cat/habitatgeuristic/es/</a>	City of Barcelona: 20 agents from the central enforcement direction and 6 agents at the District level + 20 visualitzadors: agents able to detect potential illegal activities but with no permission to start legal pursuits.  New measure under development: to reach 110 agents by 2018. Target: in 2019, more than 3,000 closing orders.	Sanctions between €3,000 and €30,000 for the first lawsuit. Up to €600,000 for reoffenders according to the Tourism Law 16/2002.  More than 1,500 disciplinary proceeding in 2015/2016.	Since 2016: the municipal government publishes the list of authorized commercial short-term vacation rentals  Use of digital investigation techniques ("scraping") to investigate online booking databases and identify illegal adverts
<b>BERLIN</b>	No	Platforms can be forced by local authorities to deliver data on the host of apartments such as names and addresses.	Not directly through platforms. The City Tax is being collected directly by the owners or firms and is transferred to the Government of Berlin Bureau for Taxation	July 2016: Up to €100,000 for advertising apartments without permission.	General public encouraged to report possible infringements anonymously via online form on website.	60 employees at the district level	Monetary fines up to €100,000 to homeowners or hosts.  If flats are illegally used as short-term vacation rentals: district office has power to evict tenants and require that housing be reinstated into residential market at the owner's expense.  From May 2014 to February 2016, approximately 6,300 apartments had been registered and about 1,200 possible violations had been identified.	None
<b>MADRID</b>	No regulation	Yes 36.1 34/2002 LSSI (Informational Society Services Spanish Law)	There is no tourist tax.		Local police in case of claims and complaints.	The body in charge is the Tourism Unit of the Autonomous Community (region) of Madrid  Inspectors are allowed to seek the help of State security enforcement bodies and forces as well of the local police.  Inspections are ruled according to the Community of Madrid Tourism Law 1/1999, of 12 March.	Penalties may range from a warning to activity suspension.  The fines may vary between €3,000 and €300,000, depending of the severity of the case. In case of activity suspension, the sanction might also involve a fine.  Sanctions are applied according to Community of Madrid Tourism Law 1/1999, of 12 March.	n/a



<b>MUNICH</b>	In our current law there is no obligation for the portals to provide information. This should be changed with a tightened law from Summer 2017.				We get information from neighbours, building management agencies, interested citizens via post, e-mail, telephone. In 2018 we are planning a special platform.	We are a special team of 7 persons with the support of various departments and the police.	Max. €50,000	Through different statistics
<b>PARIS</b>	Platforms are obliged to inform those who advertise properties on their websites of their obligation (= need for a change of use authorisation) changement d'usage) and have to collect a declaration from hosts certifying the respect of their legal obligations  Since April 2016: Airbnb sends out communications to hosts likely to be renting their primary residence for more than 4 months or a home not their primary residence and advise them of their responsibilities.		Since 1 October 2015, Collection of tourist tax by Airbnb				€25,000 for housing unit rented without authorization  Astreinte €1000 / day  Compensation provision (= put an equivalent floorspace for residential use on the market) not enforced in the past, ignored by property owners	Since 9 May 2016 : the municipal government publishes the list of authorized commercial short-term vacation rentals
<b>REYKJAVIK</b>				No provisions yet regarding illegal advertising of non-registered apartments.	No provisions yet that encourage the general public to report infringements anonymously.	Reykjavik task force regarding the matters of the city centre (including short-term tourist accommodation) released their report in 2016.  Collaboration with the general commissioner, police and fire department officials regarding unlicensed short-term tourist accommodation.	Sanctions according to the provisions in law 85/2007 and 7/1998 can be fines, suspension of licences and in extreme cases, imprisonment.  In the recent updates on the law 85/2007, new provisions on administrative fines if the conditions reg. registration of temporary rental of primary residence and partial home rental incl. display of reg. number.	List of authorized commercial short-term vacation rentals is published online by the local commissioner that issues the licences.  Reykjavik has just started using digital investigation techniques ("scrapping") to investigate online booking databases and monitoring illegal adverts.  Once a year hosts are required to hand in a report about use in the previous calendar year and rental income. This information can be shared with tax authorities, according to law 85/2007
<b>SANTIAGO DE COMPOSTELA</b>	Not specified in the legislation	The owner or the commercialization company must communicate the guest ID to the police.	NO	NO	Not specified in the legislation	Tourism Inspectors are regulated by the Galicia Government.	From €300 to €90,000, depending on the type of sanction (Law 7/2011)	A first approach to the number of houses available for holiday rent through online platforms was made by the team responsible for organizing "STO conference". According to that numbers there are: - houses in the municipality: 306 (1,548 places) - houses in the old town: 102 (568 places)
<b>STOCKHOLM</b>							Tenant in a rental apartment: you as a tenant are liable to jeopardize the contract you have with your landlord. If your landlord discovers that you rent out your accommodation without permission, you risk losing your apartment.  Tenant-owner in a condominium: the statutes need to state the "specific reasons" for which you can sublet your apartment. If you violate these statutes, you usually get a warning. If something goes very wrong, you as tenant-owner can be asked to sell and move.	

<b>DONOSTIA/ SAN SEBASTIÁN</b>	Platforms must register in the Basque Tourism Enterprises Register to obtain the registration number, needed for legal advertising.		No taxes for the moment					
------------------------------------	---	--	-------------------------	--	--	--	--	--

Til að draga saman þær upplýsingar sem starfshópurinn aflaði sér og koma m.a. fram í töflunni að ofan, er ljóst að aðrar borgir hafa töluvert ríkari heimildir til að setja heima- og íbúðagistingu skorður með staðbundum reglum og sektarheimildum. Mikið hefur verið fjallað um aðgerðir Barcelona en borgaryfirvöld þar gripu til þess ráðs að stöðva útgáfu (moratorium) allra gistileyfa, þ.m.t. vegna íbúðagistinga á meðan unnið væri að setja gistihúsastefnu um uppbyggingu innan borgarmarkanna. Stefnan var samþykkt í byrjun þessa árs og byggist á þeirri meginreglu að ekki sé heimilt að ganga á samþykkt íbúðarhúsnæði með gististarfsemi. Jafnframt er borginni skipt upp í fjóra hluta og í miðborginni er nú yfirlýst stefna um fækkun gistirýma til langs tíma. Í stefnunni er einnig búið að skilgreina þróunarsvæði þar sem heimilt er að fjölga gistirýmum.

Borgaryfirvöld í Amsterdam hafa einnig nýlega sett sér hótélstefnu og sama meginreglan er í gildi þar, búið er að afmarka ákvæðin svæði þar sem ekki verður heimiluð frekari gististarfsemi. Það sem einkennir umhverfið í Amsterdam er mikið og öflugt eftirlit með íbúðaleigu þar sem flokkar eftirlitsmanna eru á ferðinni og banka uppá í því skyni að finna leyfislausu starfsemi.

Borgaryfirvöld í Berlín hafa einnig nýlega uppfært stefnumörkun sína með reglusetningu um heima- og íbúðagistingu. Í borginni gildir nú almennt bann við svokallaðri skammtímaleigu íbúða til ferðamanna þótt að einstaklingum verði enn heimilt að leigja stök herbergi til ferðamanna. Til þess þaf þó heimagistingarleyfi sem hvert staðbundin stjórnvöld hverfanna veita. Íbúðareigendur þurfa jafnframt að rökstyðja þörfina vandlega til þess að fá leyfið og eru stjórnvöldum veittar ríkar heimildir til að hafna umsóknum sem ekki þykja nægilega vel ígrundaðar. Sektargreiðslur vegna ólöglegrar útleigu í Berlín eru háar og eftirlit með slíkri starfsemi mikið, en sú aðferð virðist skila árangri þar sem skráðum útleigugeignum hefur fækkað mikið á milli ára.

## SPÁ UM FRAMTÍÐARÞRÓUN OG LÍKLEGAR SVIÐSMYNDIR

Með nýjum lögum um heimagistingu skapast ákveðin óvissa þar sem minnihluti þeirra aðila sem leigja út íbúðir á Airbnb og öðrum sambærilegum vefsíðum eru með tilskilin leyfi. Þróunin mun að hluta til ráðast af því eftirliti sem verður með skráningu og leyfisskyldu þeirra sem eru með húsnæði í boði á Airbnb og er ljóst að stjórnvöld verða að leggja til aukið fjármagn til að eftirlitsþátturinn getir virkað sem skyldi.

Ferðapjónusta á heimsvísu er í miklum uppgangi og áhugi á Reykjavík og Íslandi sem áfangastað meiri en nokkru sinni fyrr. Leiðakerfi til og frá landinu stækkar stöðugt sem eykur möguleika ferðamanna á að sækja landið heim. Deiliahagkerfið og Airbnb eru uppspretta samfélagsbreytinga sem tekur til lífsstíls, ábyrgðar og væntinga. Sífellt fleiri ferðamenn vilja eyða minna í flug og gistingu og meira í afþreyingu og upplifun. Ungt fólk sækir í auknum mæli í að nýta sér íbúðagistingu á þeim stöðum sem það ferðast til og á það við á Íslandi eins og annars staðar. Hér hefur þó vöxtur deiliahagkerfisins ekki síður mótast af þeirri miklu þörf sem er fyrir gistirými, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, vegna mikils vaxtar í ferðapjónustu á liðnum árum. Uppbygging hótél- og gistirýmis hefur ekki náð að halda í við vöxt í ferðapjónustunni sem ræðst meðal annars af því að 2-4 ár tekur að byggja hótél og koma því í fullan rekstur.

Vandamálið er að fyrirtæki í deiliahagkerfinu geta náð samkeppnisforskoti á skökkum grunni þar sem þau greiða ekki sömu skatta og gjöld til samfélagsins og önnur fyrirtæki. Deiliahagkerfið gerir þó einstaklingum um leið kleift að nýta fjárfestingu sína í fasteignum til að afla sér viðbótartekna með einföldum, öruggum og löglegum hætti. Því er mikilvægt að eftirlit með nýjum lögum sé markvisst og gagnsætt og að fólk sem hefur atvinnu af því að leigja út íbúðir á Airbnb greiði skatta og skyldur til samfélagsins líkt og önnur fyrirtæki án þess þó að það hamli endilega vexti og framþróun deiliahagkerfisins sem óneitanlega er mikilvægur liður í að Reykjavík og Ísland geti tekið vel á móti vaxandi fjölda ferðamanna til landsins.

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg haldi áfram að móta sér skýra sýn á hvar á að vera leyfilegt að vera með Airbnb gistingu og nýti þær heimildir sem hún hefur til að koma í veg fyrir að íbúum fækki á svæðum í og við miðborg vegna ágangs ferðamanna í heima- og íbúðagistingu á þessu svæði.

Það er jafnframt mikilvægt að Reykjavíkurborg kortleggji og nýti til hins ítrasta þær eftirlitsheimildir sem hún hefur samkvæmt gildandi lögum og samræmi aðgerðir með öðrum stjórnvöldum í greininni til að ná tókum á þeirri leyfislausu starfsemi sem fengið hefur að vera að mestu óáreitt um nokkuð skeið.

Reykjavíkurborg verður um leið að vera tilbúin til að styðja við að deiliahagkerfið geti haldið áfram að vaxa og þróast í takt við aukinn áhuga ferðamanna á að dvelja í heimahúsum á ferðalögum sínum.

## FYLGIGÖGN

- Fylgiskjal 1: Erindisbréf starfshóps um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík
- Fylgiskjal 2: Fundargerðir starfshóps um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík
- Fylgiskjal 3: Skýrsla Deloitte – Reykjavíkurborg: greining á þróun Airbnb íbúða í höfuðborginni
- Fylgiskjal 4: Skýrsla VSÓ – Ferðapjónusta í Reykjavík: áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað
- Fylgiskjal 5: Greining VSÓ – Gististaðir í Reykjavík: þróun, áskoranir og stýring – kynning
- Fylgiskjal 6: Könnun Maskínu – Ferðamálastofa: erlendir ferðamenn á Íslandi
- Fylgiskjal 7: Mæliborð Expectus: staða Airbnb í Reykjavík, apríl 2017
- Fylgiskjal 8: Dómur Hæstaréttar nr. 624/2016: Guðlaugur Rúnar Guðmundsson og Sigrún Gróa Skæringsdóttir gegn Húsfélaginu 101 Skuggahverfi-1
- Fylgiskjal 9: Aðalskipulag Reykjavíkur: heimildir um veitinga- og gististaði
- Fylgiskjal 10: Samantekt á stöðu og aðgerðum hraðvaxtarborga í ferðaiðnaði
- Fylgiskjal 11: Niðurstöður Governance and management of urban Tourism Summit: Vacation Rental
- Fylgiskjal 12: Tilkynning Barcelona um hvernig þau hyggjast stýra gistirýmum
- Fylgiskjal 13: Lagaleg úrræði við aukningu ferðamanna í samhengi Evrópuréttar – 1. hluti: Barcelona, 3. nóvember 2016
- Fylgiskjal 14: Lagaleg úrræði við aukningu ferðamanna í samhengi Evrópuréttar – 2. hluti: Berlín, 9. mars 2017
- Fylgiskjal 15: Kynning: Private holiday rental in Amsterdam: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 16: Kynning: How to enforce illegal hotels – Amsterdam: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 17: Kynning: Vacation rental management – Barcelona: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 18: Kynning: L'encadrement des locations touristiques á Paris – París: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 19: Kynning: Uno de los destinos urbanos del Mediterráneo Español – Valencia: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 20: Kynning: Workshop 5. Tipología de Alojamientos – Valencia: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 21: Kynning: Turning the sharing economy into the fair economy in Vienna – Vienna: Barcelona, nóvember 2016
- Fylgiskjal 22: Kynning: The ban on the misuse of housing in Berlin: Berlín, 9. mars 2017
- Fylgiskjal 23: Kynning: The regulation of home-sharing and short term vacation rentals: overview of the situation in participating European cities: Berlín, 9. mars 2017



## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

#### Inngangur:

Mikil aukning hefur átt sér stað á heimagistingu og íbúðagistingu í Reykjavík samhliða verulega auknum ferðamannastraumi. Heimagisting er gisting á heimili leigusala gegn endurgjaldi á meðan íbúðagisting er gisting gegn endurgjaldi í samþykktu íbúðarhúsnæði, án þess að heimilismaður sé viðstaddur. Mikilvægt er að afla heildstæðra upplýsinga um fjölda íbúða í útleigu í Reykjavík, um líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar og hvaða stefnuvalkosti Reykjavíkurborg hefur í málaflokknum.

Samþykktar hafa verið breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða). Í lögnum er gert ráð fyrir að heimagisting verði eingöngu skráningarskyld en samkvæmt núgildandi lögum eru gerðar allar sömu kröfur í umsóknarferli til að öðlast rekstrarleyfi fyrir heimagistingu og gilda um aðra gististaði, svo sem hótél eða gistiheimili.

#### Helstu verkefni:

##### 1. Áfangi

- Kortleggja stöðu heimagistingar og íbúðagistingar í Reykjavík.
- Starfshópurinn skoði hvaða valkostir eru til staðar fyrir Reykjavíkurborg í málaflokknum og setji fram drög að stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu, m.a. um skilgreiningu skammtímagistingar, íbúðagistingar og heimagistingar. Fjalla skal um heimildir íbúðaeigenda í fjöleignarhúsum til skammtímaleigu og hlutfall íbúða undir slíka starfsemi í fjöleignarhúsum.
- Gerð tillagna um hvernig haga megi eftirliti á grundvelli laga um veitingastaði, gisti- staði og skemmtanahald, nr. 85/2007, með síðari breytingum (heimagisting og flokkar veitingastaða).

##### 2. Áfangi

- Skoða alþjóðlega þróun heimagistingar og íbúðagistinga og hvað hefur verið gert erlendis til að vernda íbúðabyggð.
- Setja fram spár um framtíðarþróun og líklegar sviðsmyndir um þróun heimagistingar og íbúðagistingar í Reykjavík
- Tillögur um frekari aðgerðir Reykjavíkurborgar í málaflokknum, m.t.t. stefnu borgarinnar um heimagistingu og íbúðagistingu og erlendra fyrirmýnda.

#### Starfshópurinn skipa:

Helga Björk Laxdal (formaður), skrifstofu borgarstjórnar.

Halldóra Hrólfsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

Óskar Torfi Þorvaldsson, umhverfis- og skipulagssviði.

Hrólfur Jónsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Áshildur Bragadóttir, höfuðborgarstofu.

Ívar Örn Ívarsson, fjármálaskrifstofu.

Óskar Ísfeld Sigurðsson, áheyrnarfulltrúi f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

**Starfsmaður:**

Bjarni Þóroddsson, skrifstofu borgarstjórnar.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan Reykjavíkurborgar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

**Starfstímabil:**

Starfshópur skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 15. nóvember 2016.

Reykjavík, 19. júlí 2016



Dagur B. Eggertsson

## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 22. ágúst 2016 var haldinn fyrsti fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.05. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindisbréf, lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald ásamt frumvarpi til breytinga.
2. Fram fer kynning á áætluðum starfsháttum hópsins og helstu verkefnum. Áætlað að hafa fundi vikulega á mánudögum frá 13:00 – 15:00, til skiptis í ráðhúsi og Höfðartorgi. Rætt um hvernig er hægt að tvinnna saman þau mismunandi þekkingarsvið sem koma að málaflokknum. Verkefni starfshópsins eru skipt í 2 áfanga. Í 1. áfanga er markmiðið að kortleggja stöðu heimagistingar og íbúðargistingar í Reykjavík; að skoða hvaða valkostir eru til staðar fyrir borgina í málaflokknum; og setja fram drög að stefnu um heimagistingu og íbúðagistingu m.a. um skilgreiningu skammtímagistingar, íbúðargistingar og heimagistingar. Í 2. áfanga á að skoða alþjóðlega þróun heimagistingar og íbúðagistingar aðgerðir sem gripið hefur verið til annarsstaðar; að setja fram spár um framtíðarþróun og líklegar sviðsmyndir um þróun; og að leggja fram tillögur um frekari aðgerðir Reykjavíkurborgar í málaflokknum.
3. Talað um að þekking á viðfangsefninu sé ekki útbreidd, t.d. merking hugtaka. Beðið um yfirlit yfir stöðu þessa mála í öðrum löndum, hvaða aðgerðir/aðferðir eru notaðar þar. Helga ætla að afla þeirra gagna. Reykjavík er eina sveitarfélagið sem er farið af stað í svona vinnu, enda svolítið afmarkað viðfangsefni, bæði við reykjavík og miðborgina sérstaklega.
4. Umræða um breytingar á leyfisveitingum eftir lögum. Lagaumhverfið fyrir leyfisveitingar fyrir gistingu í fjölbýlishúsum er óskýrt þar sem lög um leyfisveitingar hafa verið í endurskoðun lengi og dómur héraðsdóms skarast á við áralanga hefð álita kærunefndar fjöleignarhúsamála (nú kærunefnd húsamála). USK segir eftiritið hafa verið mjög vægt og kröfurnar litlar og sýslumaður telur það næstum ómögulegt að hafa eftirlit eftir nýja kerfinu. Helga telur eftirlitsgetuna minnka með nýju lögunum, en eins og staðan er núna þá er mikið af því að eignir til leigu undir flokki 1 ættu með réttu að vera í flokki 2. Bent á að eftirlitið í nýja kerfinu fer í gegnum skattkerfið en ekki sýslumann sem gerir lögreglu og sýslumanni að einbeita sér að eftirliti með leyfisskyldri starfssemi. Spurt hvernig hækkun fasteignagjalda með heimagistingu virki í núverandi kerfi. Það er miðað við hlutfall af fjölda herbergja í húsinu og hlutfall leigutíma á árinu. Fólk er ekkert endilega að gefa upp alla þá starfsemi sem þau stunda í eigninni.
5. Tillaga að því að á næsta fundi verði kynning frá þeim hópum sem hafa verið í gangi og þær kannanir sem gerðar hafa verið á stöðu mála. Hugmynd um að búa til yfirlit yfir útgefinn leyfi og eignir sem hægt er að sjá að eru til útleigu og bera saman.

**Fundi slitið kl. 15.30**

## **Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu**

Ár 2016, mánudaginn 29. ágúst 2016 var haldinn 2. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.08. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Haraldur Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### **Petta gerðist:**

1. Helga Björk tilkynnir að næsti fundur falli niður og að allir eigi að vera tilbúnir með það sem þeir hafa af sínum sviðum fyrir þar næsta fund.
2. Fram fer kynning um regluverkið í kringum gististaði. Hugmyndin á bakvið reglurannar er að færa gistingu á stærrri götur og hlífa annarri byggð. Reifuð einkenni mismunandi svæða og flokkana. Spurningar vakna um hvort íbúðargisting feli í sér breyting á notkun og hvað felist í meiriháttar breytingu vs. minniháttar  
Þörf á heildrænu endurmati á stefnu um miðborg. Setja þarf ákveðnari og skýrari markmið er varða landnotkun. Á að leggja til eina breytingartillögu eða fleiri? breyting á aðalskipulagi fyrir laugaveg/hverfis/lækjar og kvótatillögu sér Rætt um hvort fjölgun aðalgatna sé skynsamleg leið til að fjölga stöðum þar sem gisting í flokki II er leyfileg en það er ekki talið góð lausn.  
Upp kom hugmynd um að umbuna ferðamönnum sem gista í samþykktu húsnaði eins og gert er sumstaðar erlendis t.d. með sund og/eða strætókortum.  
Umræðu um það hvort öll atvinnustarfsemi sem á sé stað í heimahúsi feli í sér breytingu á nýtingu hússins. Talið ljóst að munur sé á að vinna heima og að vera með starfsemi í húsinu.

### **Fundi slitið 15.20**



## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 12. september 2016 var haldinn 3. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.08. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Hrólfur Jónsson, Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson Óskar Ísfeld Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### **Petta gerðist:**

1. Óskar Torfi Þorvaldsson kynnir samantekt á fjölda eigna skráða á Airbnb vs. fjölda útgefinna leyfa miðað við 23. ágúst 2016. Óskað eftir yfirlit frá heilbrigðiseftirlitinu um starfsleyfi. Hvort skoða eigi þróun, fjölda gesta o.s.frv. Rætt um hvort tölur hjá sýslumanni séu réttar. Þykja heldur lágar. Ljóst að enginn einn aðili innan borgarinnar er með yfirsýn. Kannski mesta yfirsýnin hjá byggingarfulltrúi sem sendir upplýsingar til fjármálaskrifstofu um að aðili sé kominn í rekstur, inniheldur nýtingarhlutfall. Hópurinn þarf að fá yfirlit yfir rúkkun, rekstrarleyfi, jákvæðar umsagnir, o.s.frv. Efasemdir um gagnsemi airbnb samantektar. Eldvarnareftirlit hefur efasemdir um hvort þurfi ekki byggingarleyfisumsókn þegar aðilar eru í íbúð sem þeir þekkja ekki útgönguleiðir. SEA skoðar að biðja VSO um að gera skýrsluna sýna reglulega. Hvort skoða þurfi granda sem framtíðarsvæði fyrir hótél, veitingastaði og skemmtistaði. Kaflaskiptum og kortleggjum hvert svið fyrir svið Eru spurningar fyrir sýslumann? Yfirlit yfir starfsleyfi: þarf byggingarleyfisumsóknir. Gistináttagjald: sveitarfélögin vilja hækka gjaldið og fá hluta til sveitarfélaga. Vilja jöfnunarsjóðshugmynd á gistináttagjald.
2. Samþykkt að fá son Jóns Viðara inn með kynningu fyrir hópinn. Ætlunin að kaflaskipta og kortleggja hvert svið fyrir svið Eru spurningar fyrir sýslumann? Yfirlit yfir starfsleyfi og það hvort það þurfi byggingarleyfisumsóknir. Gistináttagjald: sveitarfélögin vilja hækka gjaldið og fá hluta til sveitarfélaga. Skoða að koma á fót jöfnunarsjóðsfyrirkomulag á gistináttagjald.

## **Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu**

Ár 2016, mánudaginn 19. september 2016 var haldinn 4. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Melavöllum í Borgartúni 12 og hófst hann kl. 14.04. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Valdimar Karl Guðlaugsson, Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Fer fram kynning Expectus rekstrarráðgjafar á könnun þeirra á umfangi AirBnB í Reykjavík. Hópurinn ætlar að setja saman þarfagreiningu fyrir expectus. Þurfum að taka saman frá öllum þeim sviðum sem koma að hópnum hvað þau myndu vilja fá frá expectus svo að hægt sé að taka saman þörfina.
2. Samþykkt að leitast eftir að fá fulltrúa sýslumanns á fund starfshópsins.

**Fundi slitið kl. 15.03**

## **Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu**

Ár 2016, mánudaginn 03. október 2016 var haldinn 5. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.06. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson og Helga Björk Laxdal formaður stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning frá fulltrúa sýslumannsins á Höfuðborgarsvæðinu á stöðu máli í veitingu rekstrarleyfa vegna gisti- og veitingastaða. Öll leyfi eru skráð jafn óðum í kerfi sýslumanna. Ákveðinn hópur er enn inni í kerfinu frá lögregluembættum. Sýslumanns embætin munu framkvæma virkt eftirlit/taka við ábendingum og beita sektum, frá 10.000- 1 miljóna króna. Notað til að ýta starfseminni upp á yfirborðið. Núna er ákærumeðferð og lokunarheimildir lögreglu. Hvorugt hefur neitt verið notað.

Sigurður G. Hafstað tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 15.05**

## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 07. nóvember 2016 var haldinn 6. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.06. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar, og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Helga Björk Laxdal gerir grein fyrir ráðstefnu sem hún fór á með borgarstjóra í Barselóna.  
Samhljómur hjá þeim borgum sem sóttu ráðstefnuna að engin töfralausn sé í stöðunni. Sambland af auknu eftirliti og skipulagsbreytingum er málið. Amsterdam stundar það að tæma íbúðir þar sem ólögleg starfsemi á sér stað, innsiglar þær og sekta eigendur. Hefur gert það að verkum að lítið sem ekkert er um ólöglega starfsemi í miðborginni í Amsterdam.  
Þörf fyrir starfshópin að kortleggja þær heimildir sem mismunandi aðilar hjá Reykjavíkurborg hafa til að framfylgja eftirlitinu og samræma leiðirnar.  
Aðgerðirnar í Amsterdam og París byggir aðallega á skipulagi og reyna að dreifa álagi í fleiri byggðir. Stokkhólmur segist ekki eiga við þetta vandamál að stríða, mikið til vegna eignarfyrirkomulagi þar sem flestir eru í búseturéttarhúsnæði og Vínarborg er ekki með miklar aðgerðir í gangi. Hinar spænsku borgirnar sem sóttu ráðstefnuna gerður það í svipuðum erindagjörðum og Reykjavík, þ.e. að leita að nýjum hugmyndum hjá þeim borgum sem eru lengra komnar.  
Borgirnar flestar hafa það sameiginlegt að ver með einhverjar beinar tekjur af flóttamönnum.  
Bent á að borgir líði fyrir það að náttúruminjar séu teknar fram yfir menningarminjar þegar kemur að því að setja pening í uppbyggingu ferðamannastaða t.d. hjá framkvæmdarsjóði ferðamannastaða.  
Ákveðinn hluti sjóðsins renni til þeirra sveitarfélaga sem eru að taka á móti óeðlilegum fjölda.  
Nýju lögin munu skipulagslega verða til þess að heimagisting mun dreifast betur yfir svæði innan Reykjavíkur og þá væntanlega á önnur sveitarfélög líka.  
Verkefni að rýna gjaldtökuheimildir annarra borga.  
Spurning hvort það þurfi ekki að hækka gjöld í sund og menningarstofnanir.
- kl. 14.29 tekur Óskar Ísfeld Sigurjónsson sæti á fundinum.
2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar um beiðni um frest fyrir skil á skýrslu starfshópsins til 16. janúar 2017.  
Samþykkt.  
Jafnframt lagt til að bjóða borgarstjóra á fund hópsins.  
Samþykkt.
- kl. 14.32 tekur Óskar Torfi Þorvaldsson sæti á fundinum.  
Tímarammi VSÓ skýrlunnar: óvíst hvort búið sé að semja við VSÓ, hugmyndir um að drög séum jafnvel væntanleg í vikunni
- 14.39 tekur Gylfi Ástbjartsson sérfræðingur í eftirliti hjá byggingarfulltrúa, sæti á fundinum.
3. Framhaldin umræða um mismunandi fyrirkomulag eftirlits.
- 14.46 vísur Áshildur af fundinum.  
Boltinn hjá eftirlitinu eftir áramót.

Helga Björk fer yfir rekstrarleyfisumsóknarferlið sem mun koma til með nýju lögunum. Spurning um hvort það sé sniðugt að umsækjendum verði leiðbeint um að sækja fyrst um rekstrarleyfi og síðan starfsleyfi.

Miklar vangaveltur um mismunandi skráningar atvinnuhúsnæði/íbúðarhúsnæði út frá flokki I sem verður enginn flokkur vs. flokki II/verðandi flokki I. Mikilvægt að álagning fasteignagjalda verðir skýr.

**Fundi slitið kl. 15.13**

## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 21. nóvember 2016 var haldinn 7. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.06. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar Óskar, Óskar, Ívar, Gylfi, og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á þær breytingar á aðalskipulagi sem þarf að gera vegna nýrra laga um íbúðar- og heimagistingu sem taka gildi um áramótin. Vangaveltur um hvort um sé að ræða verulega eða óverulega breytingu. Rætt um hvar draga skuli mörk milli aðalgatna, miðborgar, M1c og íbúðarbyggðar. Kynnt nýr gistirýmikvóti sem á að taka til alls svæðisins M1a.

Harri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um nýja reglugerð um íbúðar- og heimagistingu sem fylgja á nýju lögunum. Byggingarfulltrúi reifar hugmyndir um að breyta skráningu þeirra eigna sem eru í útleigu lengur en þá 90 daga sem lögin geri ráð fyrir. Ekki talið gerlegt að breyta skráningu í flokk sem ekki er heimilaður á því svæði sem um ræðir, heldur sé hægt að tilkynna viðkomandi aðilum að þeir séu með starfsemi í leyfisleysi, benda þeim sem geta sótt um leyfi að gera það en að öðrum sé gert að hætta starfseminni.
3. Fram fer umræða um gagnasöfnun af vefsíðum AirBnB  
Samþykkt að boða seinni aðilan á fund starfshópsins, bjóða sýslumanni að senda fulltrúa.
4. Bygginarleyfisumsókn: notkunarflokkar byggingarreglugerðar: ef þekking fólks sem gistir í húsnæði er ekki mikil, t.d. á hóteli, þá þarf að gera ríkari kröfur um brunavarnir.
5. Breytt notkun: mjög mismunandi hvort það þurfi samþykki allra. Aðeins misvísandi dómaframkvæmd.

## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 28. nóvember 2016 var haldinn 8. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.10. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfadóttir, Valdimar Karl Guðlaugsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Ívar Örn Ívarsson, Gylfi Ástbjartsson, og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning Hermanns Valssonar á úttekt Icelandlastminute ehf. á AirBnB í Reykjavík og möguleg nýting á þeim grunni í eftirlit með skráningu gistingar í Reykjavík. Mjög hátt hlutfall íbúða í Reykjavík í útleigu á vegum AirBnB og mikil aukning á leiðinni. Lang mest er óskráð. Fjöldi fyrirtækja sem sérhæfa sig í að þjónusta íbúðareigendur sem leigja í gegnum AirBnB. Í kerfi Hermanns er hægt að senda póst á alla þá sem eru með eign skráða og bent þeim á að skrá sig og síðan halda upp eftirfylgni og jafnvel enda með því að gögn séu send til sýslumanns. Spurningar um hvernig gagnaöflunin fór fram, hvort hún sé sömu vandkvæðum bundin og söfnun expectus. Einnig spurning hvort hægt sé að fela 3. aðila að fara með slíkt eftirlit, eða að veita þá þjónustu sem um er rætt, eðlilegast væri að sýslumaður væri með slíkt á sinni könnu. Möguleiki er þó á að heilbrigðis- og brunavarnaeftirlitið sem beinn leyfisveitingaaðili gæti notað þetta. Aðaláhugi þessa hóps er á gangagrunninum og tölulegum upplýsingum.

Hermann Valsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer umræða um stöðu mála hvað varðar vinnu einstakra aðila í hópnun. Vandamál með fjármögnun á kaupum á tölfræðilegum gögnum en fundið verður út úr því. Höfuðborgarstofa ætlar að setja spurningar um hvernig gistingu fólk er að nýta sér í næstu könnun sem þeir gera meðal ferðamanna. Samþykkt að næsti fundur verði vinnufundur og að fundur starfshópsins með Degi verði í janúar þegar nær er komið skilum.

### Fundi slitið 15.16

## **Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu**

Ár 2016, mánudaginn 14. desember 2016 var haldinn 9. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 14.04. Mætt voru Áshildur Bragadóttir, Halldóra Hrólfsdóttir, Valdimar Karl Guðlaugsson, Óskar Torfi Þorvaldsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning á þeim gögnum sem hafa borist frá fundi hraðvaxtarborga í Barselóna. Rætt um heimildir til eftirlits og refsingar á hjá mismunandi stofnunum innan og utan borgarkerfisins. AirBnB gefur sig út fyrir að vera mjög samstarfsfúsir en draga svo lappirnar þegar kemur að því að fara í framkvæmdir. Menningarmunur veldur því að þetta er mismikið vandamál
2. Samþykkt að starfshópurinn hittist næst 9. janúar til að vinna í samsetningu skýrslunnar.

**Fundi slitið 15.16**



## **Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu**

Ár 2016, mánudaginn 12. janúar 2017 var haldinn 10. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu í Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 13.11. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning á verkáætlun síðustu 3 vikna starfstíma starfshópsins. Helga Björk úthlutar verkefnum fyrir vinnu við skýrslu starfshópsins, bæði stöðutöku og framtíðar stefnumótun. Talað um að Reykjavíkurborg óski eftir að þurfi samþykki meðeiganda/breytir fjölbýlishúsalaga og að breytt notkun.
2. Fram fer umræða um framkvæmd og umhverfi nýju laganna. Þó svo að ákvæði nýju laga séu óskýr hvað ákveðnir hluti varðar þá er hæglega hægt að túlka þau eftirlitinu í hag. Óformlegur kynningarfundur á vegum skrifstofu borgarstjórnar á morgun föstudaginn 13. janúar þar sem farið verði yfir nýtt verklag við rekstrarleyfisveitingar. Farið yfir hvaða röð afgreiðslu starfs- og rekstrarleyfa og umsagna um rekstrarleyfi eru æskilegast. Einnig umræða um hvort skipulagsbreytingar þurfi til að fara í breytingu á skráningu eignar tímabundið sem gististaður.
3. Samþykkt að halda næsta fund eftir 3 vikur og þá verði allir búnir að skila sínu.

### **Fundi slitið 14.17**

## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 20. mars 2017 var haldinn samstarfsfundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu og hagsmunaaðila í rekstrarleyfisveitingum í borgarráðsherberginu í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 15.07. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi auk Sigurðar Hafsteð frá sýslumanni, Nikúlási Úlfari Mäsýni byggingafulltrúi og Sigurbjartur Halldórsson, Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri. Einnig sátu fundinn Viktoría Júlfa Laxdal og Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um tækifærisleyfi, og þá sérstaklega til framhaldsskóla. Tækifærisleyfisreglurnar þarf að endurskoða, hvort að umsóknarfrestur sé of langur. Heilbrigðiseftirlitið er helst að kljást við annarsvegar viðbót við gild leyfi og hinsvegar leyfi í húsnæði þar sem ekki er nein starfsemi fyrir. Margt sem mælir með því að rekstraraðilar sjálfir sækji um tækifærisleyfi frekar en þeir sem halda viðburðinn. Niðurstaða að halda núverandi boðleiðum en taka fram í umsagnarbeiðni hvort um sé að ræða gildandi leyfi og hver fjöldinn er.
2. Fram fer umræða um samspil starfsleyfa og framkvæmdaleyfa. Eitthvað ber á því að umsóknaraðilar haldi að starfsleyfi séu nægileg. Spurning hver staðan er ef búið er að gefa út starfsleyfi þegar rekstrarleyfisumsókn er neitað.
3. Fram fer umræða um stöðuna í rekstrarleyfisveitingum. Rekstarleyfisferlið er ágætt, það er jákvæð breiting að neitun komi strax frá skipulagsyfirvöldum. Ef ekki kemur til færsla yfir í atvinnuhúsnæði er nær ómögulegt að ná utan um þetta. Það er ein helsta tillagan frá starfshópnum að byggingarleyfisbreyting þyrfti til að fara upp í flokk II. Veltur allt á því að þeir aðilar sem hafa eftirlits og viðurlagaheimildir noti þær. Byggingarfulltrúi, heilbrigðiseftirlitið, etc. Sýslumaður er með metnaðarfullar hugmyndir um eftirlit. Sendir út fyrirmæli um valdmörk til eftirlitsaðila og til lögreglu. „fyrir er ekki leyfi...og engin umsókn til meðferðar.“ Spurning um að senda líka á byggingarfulltrúa. Sambandið er áhugasamt um fasteignagjöld. Virkt frumkvæðiseftirlit annarsvegar í gegnum kortlagningu á bókkunarfjögum og aðgerðir. Opin fyrir viðræðum um samnýtingu á slíkri kortlagningu. Verið að vinna að samningi við AirBnb með Amsterdam samningin sem fyrirmynd. Staðlaðar aðvaranir, eftirfylgni, endurkönnun. Ekki farið í sektir fyrr en eftir andmælarétt o.þ.h. Spurning um hvar á að byrja, slökkvilið og sýslumaður ætla að byrja á stóru aðilunum. Þarf að koma til samráðs milli byggingafulltrúa, slökkviliðs, sýslumanns og lögreglu.
4. Fram fer umræða um viðurlög við brot á nýja fyrirkomulagi. Spurningar um andmæli og farveg fyrir svörum við þeim.
5. Fram fer umræða um upplýsingagjöf til almennings. Mikilvægt að koma upplýsingum um skipulagslega afstöðu á vefinn sem fyrst. Upplýsingar um ferli hjá byggingarfulltrúa eru ekki til. Hvort samþykki nágranna þurfi að liggja fyrir þegar eign er færð yfir í flokk II er ekki ljóst.

### Fundi slitið 16.29

## Starfshópur um heimagistingu og íbúðargistingu

Ár 2016, mánudaginn 3. maí 2017 var haldinn 12. fundur starfshóps um íbúðar og heimagistinu og hagsmunaaðila í rekstrarleyfisveitingum í borgarráðsherberginu í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst hann kl. 15.07. Mætt voru Halldóra Hrólfsdóttir, Ívar Örn Ívarsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Óli Örn Eiríksson, Gylfi Ástbjartsson og Helga Björk Laxdal formaður sem stýrði fundi. Bjarni Þóroddsson ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um tækifærisleyfi, og þá sérstaklega til framhaldsskóla. Tækifærisleyfisreglurnar þarf að endurskoða, hvort að umsóknarfrestur sé of langur. Heilbrigðiseftirlitið er helst að kljást við annarsvegar viðbót við gild leyfi og hinsvegar leyfi í húsnæði þar sem ekki er nein starfsemi fyrir. Margt sem mælir með því að rekstraraðilar sjálfir sækji um tækifærisleyfi frekar en þeir sem halda viðburðinn. Niðurstaða að halda núverandi boðleiðum en taka fram í umsagnarbeiðni hvort um sé að ræða gildandi leyfi og hver fjöldinn er.
2. Fram fer umræða um samspil starfsleyfa og framkvæmdaleyfa. Eitthvað ber á því að umsóknaraðilar haldi að starfsleyfi séu nægileg. Spurning hver staðan er ef búið er að gefa út starfsleyfi þegar rekstrarleyfisumsókn er neitað.
3. Fram fer umræða um stöðuna í rekstrarleyfisveitingum. Rekstrarleyfisferlið er ágætt, það er jákvæð breyting að neitun komi strax frá skipulagsyfirköllum. Ef ekki kemur til færsla yfir í atvinnuhúsnæði er nær ómögulegt að ná utan um þetta. Það er ein helsta tillagan frá starfshópnum að byggingarleyfisbreyting þyrfti til að fara upp í flokk II. Veltur allt á því að þeir aðilar sem hafa eftirlits og viðurlagaheimildir noti þær. Byggingarfulltrúi, heilbrigðiseftirlitið, etc. Sýslumaður er með metnaðarfullar hugmyndir um eftirlit. Sendir út fyrirmæli um valdmörk til eftirlitsaðila og til lögreglu. „fyrir er ekki leyfi...og engin umsókn til meðferðar.“ Spurning um að senda líka á byggingarfulltrúa. Sambandið er áhugasamt um fasteignagjöld. Virkt frumkvæðiseftirlit annarsvegar í gegnum kortlagningu á bókunarvefjum og aðgerðir. Opín fyrir viðræðum um samnýtingu á slíkri kortlagningu. Verið að vinna að samningi við AirBnb með Amsterdam samningin sem fyrirmynd. Staðlaðar aðvaranir, eftirfylgni, endurkönnun. Ekki farið í sektir fyrr en eftir andmælarétt o.þ.h. Spurning um hvar á að byrja, slökkvilið og sýslumaður ætla að byrja á stóru aðilunum. Þarf að koma til samráðs milli byggingarfulltrúa, slökkviliðs, sýslumanns og lögreglu.
4. Fram fer umræða um viðurlög við brot á nýja fyrirkomulagi. Spurningar um andmæli og farveg fyrir svörum við þeim.
5. Fram fer umræða um upplýsingagjöf til almennings. Mikilvægt að koma upplýsingum um skipulagslega afstöðu á vefinn sem fyrst. Upplýsingar um ferli hjá byggingarfulltrúa eru ekki til. Hvort samþykki nágranna þurfi að liggja fyrir þegar eign er færð yfir í flokk II er ekki ljóst.

### Fundi slitið 16.29

# Lög

## um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda).

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt er markmið laganna að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.
- Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Markmið*.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Lögin gilda ekki um rannsóknarstarfsemi, þróunarstarf eða prófanir á nýjum vörum og vinnsluferlum sem falla undir viðauka I.
- Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Gildissvið*.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Á undan 1. mgr. kemur ein ný málsgrein, sem verður 1. mgr., svohljóðandi:  
*Eftirlitsaðili* er annaðhvort heilbrigðisnefnd sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun.
6. mgr. orðast svo:  
*Besta aðgengilega tækni* er áhrifaríkasta og þróaðasta stigið í framþróun starfsemi og tengdra rekstraraðferða sem gefur til kynna að nota megi tiltekna tækni sem hagkvæman grunn fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun og önnur skilyrði fyrir starfsleyfi til að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, draga úr losun og áhrifum á umhverfið í heild:
  - „tækni“: sú tækni og þær aðferðir sem eru notaðar við hönnun, smíði, viðhald, rekstur og lokun stöðvar,
  - „aðgengileg tækni“: tækni sem hefur verið þróuð í þeim mæli að hægt sé að nota hana á hlutaðeigandi sviði iðnaðar, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, óháð því hvort þessi tækni er

notuð eða þróuð í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að rekstraraðilinn eigi tök á að nýta sér hana með góðu móti,

- c. „besta tækni“: sú tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.
- c. Á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
*BAT-niðurstöður* er tilvísun til reglugerðar sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., þar sem settar eru fram niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni, lýsing á henni, upplýsingar til að meta notkunarsvið hennar, losunargildin sem tengjast þessari bestu aðgengilegu tækni, tengd vöktun, tengd notkunargildi og, eftir því sem við á, viðeigandi ráðstafanir til úrbóta á staðnum.
- d. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
*Stöð* er staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun, sbr. viðauka I–IV, og öll önnur starfsemi á sama stað sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem tilgreind er í framangreindum viðaukum.
- e. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Orðskýringar*.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Við 1. tölul. bætist: sbr. 7. gr., og skráningarskyldu, sbr. 8. gr.
- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Hollustuvernd*.

#### 5. gr.

4. gr. a laganna fellur brott.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „starfsleyfi“ í 1. tölul. kemur: sbr. 7. gr., og skráningarskyldu, sbr. 8. gr.
- b. Í stað orðsins „fáanlegrar“ í 1. tölul. kemur: aðgengilegrar.
- c. Í stað orðanna „sbr. 6. gr. c“ í 6. tölul. kemur: sbr. 35. gr.
- d. Í stað orðanna „sbr. 6. gr. e“ í 18. tölul. kemur: sbr. 62. gr.
- e. Á eftir 18. tölul. koma 15 nýir töluliðir sem verða 19.–33. tölul., svohljóðandi, og breytist röð liða samkvæmt því:
  - 19. útgáfu starfsleyfis, upplýsingar sem fram skulu koma í umsóknum um starfsleyfi og upplýsingar sem útgefandi starfsleyfis skal hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu, sbr. 7. gr.,
  - 20. skráningarskyldu, kröfur sem eiga að gilda um skráningarskyldan atvinnurekstur og umfang hans, skráningu atvinnurekstrar og staðfestingu Umhverfisstofnunar, sbr. 8. gr.,
  - 21. starfsleyfisskilyrði, sbr. 9. gr.,
  - 22. viðmiðunarmörk, setningu viðmiðunarmarka og undanþágur frá viðmiðunarmörkum, sbr. 10. gr.,
  - 23. vöktun, sbr. 11. gr.,
  - 24. endurskoðun starfsleyfisskilyrða, sbr. 15. gr.,
  - 25. lokun svæðis, skýrslu um grunnástand og upplýsingar sem þar eiga að koma fram, sbr. 16. gr.,
  - 26. upplýsingagjöf þegar um er að ræða áhrif yfir landamæri, sbr. 17. gr.,

27. að tiltekin starfsemi falli ekki undir lögin, sbr. 19. og 26. gr.,
  28. samlegðarreglur vegna aðskilinna brennsluvera, sbr. 20. gr.,
  29. viðmiðunarmörk fyrir brennsluver, bilanir brennsluvera og vöktun losunar, sbr. 21., 23., 24. og 25. gr.,
  30. útskipti hættulegra efna og efnablandna, stjórnun og vöktun losunar, viðmiðunarmörk, skýrslugjöf og umtalsverðar breytingar á stöðvum í rekstri sem nota lífræna leysa, sbr. 27.–30. gr.,
  31. stjórnun og vöktun losunar frá stöðvum sem framleiða titandíoxíð, sbr. 32. gr.,
  32. eftirlit, eftirlitsáætlanir, framkvæmd eftirlits og frávik, sbr. 54. og 55. gr.,
  33. viðmið um bestu aðgengilegu tækni, sbr. 13. gr.
- f. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Mengunarvarnir*.

## 7. gr.

Í stað 5. gr. a og 6. gr. laganna koma fjórir nýir kaflar, II. kafli, **Starfsleyfi**, með þrettán nýjum greinum, 6.–18. gr., III. kafli, **Sérákvæði fyrir brennsluver**, með sjö nýjum greinum, 19.–25. gr., IV. kafli, **Sérákvæði fyrir starfsemi sem notast við lífræna leysa**, með fimm nýjum greinum, 26.–30. gr., og V. kafli, **Sérákvæði um stöðvar sem framleiða titandíoxíð**, með tveimur nýjum greinum, 31. og 32. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

## a. (6. gr.)

*Starfsleyfi.*

Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki verið skráður hjá Umhverfisstofnun. Ráðherra er heimilt, ef ríkar ástæður mæla með því og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi. Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.

Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. einnig 14. og 15. gr.

Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

## b. (7. gr.)

*Útgefanda starfsleyfis.*

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I–III, sbr. þó 8. gr. Heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka IV og V, sbr. þó 8. gr.

Rekstraraðilar skulu tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfsemina komi fram í umsókn um starfsleyfi.

Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem hafa gert athugasemdir tilkynnt um afgreiðsluna.

Útgefandi starfsleyfis skal auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Birting á vefsíðu útgefanda starfsleyfis telst vera opinber birting.

Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, ákvarðanir um þörf á endurskoðun, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kærheimildir, skráningar, sbr. 8. gr., og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.

c. (8. gr.)

*Skráningarskylda.*

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að atvinnurekstur, sbr. viðauka III–V, sé háður skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfis, sbr. 4. og 5. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur fyrir starfsemi, sbr. viðauka I–V, sbr. 4. og 5. gr. Hvað varðar starfsemi í viðauka I skal miða við að þessar almennu kröfur tryggi samþættar mengunarvarnir og hátt umhverfisverndarstig sem jafngildir því sem hægt er að ná með sérstökum starfsleyfisskilyrðum fyrir hverja starfsemi og að þær byggist á bestu aðgengilegu tækni.

Rekstraraðili atvinnurekstrar, sem er skráningarskyldur skv. 1. mgr., skal skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Umhverfisstofnun skal staðfesta skráningu rekstraraðila og leiðbeina honum um hvaða reglur gilda um starfsemi hans. Umhverfisstofnun skal upplýsa heilbrigðisnefndir um skráningar rekstraraðila.

d. (9. gr.)

*Starfsleyfisskilyrði.*

Umhverfisstofnun skal tryggja að í starfsleyfi, sbr. viðauka I og II, séu öll skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að farið verði að kröfum 12. og 38. gr., sbr. þó 8. gr. Starfsleyfisskilyrði skulu að lágmarki fela í sér ákvæði um:

- a. viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna,
- b. viðeigandi kröfur sem tryggja vernd jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir varðandi vöktun og stjórnun úrgangs sem myndaður er í stöðinni,
- c. viðeigandi kröfur um vöktun losunar,
- d. upplýsingagjöf til útgefanda starfsleyfis,
- e. viðeigandi kröfur um reglulegt viðhald og eftirlit,
- f. ráðstafanir varðandi önnur skilyrði en venjuleg rekstrarskilyrði,
- g. lágmarkun víðfeðmrar mengunar eða mengunar sem fer yfir landamæri, og
- h. skilyrði fyrir mati á samræmi við viðmiðunarmörk fyrir losun.

Umhverfisstofnun skal taka mið af BAT-niðurstöðum við útfærslu starfsleyfisskilyrða.

Umhverfisstofnun er heimilt að setja strangari starfsleyfisskilyrði en BAT-niðurstöður ef kveðið er á um það í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram. Umhverfisstofnun er jafnframt heimilt að setja starfsleyfisskilyrði á grundvelli bestu aðgengilegu tækni sem ekki er lýst í BAT-niðurstöðum ef kveðið er á um það í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., og að uppfylltum skilyrðum sem þar koma fram.

Útgefandi starfsleyfis skal tilgreina í starfsleyfi, sbr. viðauka III og IV, rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og stærð og skilyrði, auk ákvæða um viðmiðunarmörk,

orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Ákvæði um mengunarvarnir skulu taka mið af BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Heilbrigðisnefndir skulu tilgreina í starfsleyfi, sbr. viðauka V, rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar og skilyrði auk ákvæða um eftirlit, umgengni, hreinlæti, öryggisráðstafanir, sóttvarnir, gæðastjórnun og innra eftirlit eftir því sem við á hverju sinni.

e. (10. gr.)

*Viðmiðunarmörk fyrir losun.*

Viðmiðunarmörk fyrir losun mengandi efna skulu gilda á losunarstað efnanna við stöðina. Þegar viðmiðunarmörk eru ákvörðuð skal ekki taka tillit til þynningar sem á sér stað áður en að losunarstað er komið.

Umhverfisstofnun skal ákvarða viðmiðunarmörk fyrir losun í starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 5. gr. Þó er Umhverfisstofnun heimilt í sérstökum tilvikum að ákvarða vægari viðmiðunarmörk fyrir losun að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 5. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt í starfsleyfi að veita tímabundnar undanþágur frá viðmiðunarmörkum um losun og frá a- og b-lið 38. gr. vegna prófana og notkunar á tækninýjungum fyrir tímabil sem ekki má vera lengra en níu mánuðir samfleytt, að því tilskildu að eftir tilgreint tímabil sé notkun tækninnar hætt eða starfsemin nái a.m.k. losunargildum sem tengjast bestu aðgengilegu tækni.

f. (11. gr.)

*Vöktun.*

Umhverfisstofnun skal byggja kröfur um vöktun eftir atvikum á BAT-niðurstöðum. Umhverfisstofnun skal ákvarða tíðni reglubundins viðhalds og eftirlits í starfsleyfi.

g. (12. gr.)

*Umhverfisgæðakröfur.*

Ef kveðið er á um strangari skilyrði um umhverfisgæði í reglugerð en hægt er að uppfylla með BAT-niðurstöðum skal Umhverfisstofnun taka tillit til þess við útgáfu starfsleyfis.

h. (13. gr.)

*Þróun á bestu aðgengilegu tækni.*

Umhverfisstofnun skal hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu upplýsingar um útgáfu nýrra eða uppfærðra BAT-niðurstaðna.

i. (14. gr.)

*Breytingar á starfsemi.*

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi, sbr. 6. gr., eftir því sem við á.

Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr., er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið, sbr. 6. gr.

Sérhver breyting á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar skal teljast umtalsverð ef hún nær þeim viðmiðunargildum fyrir afkastagetu sem sett eru fram í viðauka I.



j. (15. gr.)

*Endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum.*

Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti.

Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.

k. (16. gr.)

*Lokun svæðis.*

Umhverfisstofnun skal setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, um lokun iðnaðarsvæðis þegar starfsemi er stöðvuð endanlega.

Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.

Skýrsla um grunnástand skal innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ákvarða stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar eftir því sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 5. gr. Umhverfisstofnun skal senda skýrslu um grunnástand til viðkomandi sveitarstjórnar.

Við endanlega stöðvun starfseminnar skal rekstraraðili meta stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar vegna hættulegra efna sem stöðin notar, framleiðir eða losar. Ef starfsemin hefur valdið umtalsverðri mengun í jarðvegi eða grunnvatni með hættulegum efnum samanborið við stöðuna sem staðfest er í skýrslu um grunnástand skal rekstraraðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að taka á þeirri mengun í þeim tilgangi að koma iðnaðarsvæðinu aftur í fyrra ástand. Í þeim tilgangi er heimilt að taka tillit til þess hvort slíkar ráðstafanir eru tæknilega framkvæmanlegar.

Við endanlega stöðvun starfseminnar og þegar heilsufari manna eða umhverfi stafar umtalsverð hætta af mengun jarðvegs og grunnvatns á iðnaðarsvæðinu, sem er afleiðing af leyfðri starfsemi rekstraraðilans áður en starfsleyfið er uppfært, skal rekstraraðili grípa til nauðsynlegra ráðstafana með tilliti til ástands iðnaðarsvæðisins. Þær skulu miða að því að fjarlægja, verjast, afmarka eða draga úr hættulegum efnum þannig að af iðnaðarsvæðinu stafi ekki lengur slík hætta með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni.

Þar sem þess er ekki krafist að rekstraraðili taki saman skýrslu um grunnástand skal rekstraraðili við endanlega stöðvun starfseminnar grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem miða að því að fjarlægja, verjast, afmarka eða draga úr hættulegum efnum þannig að af iðnaðarsvæðinu, með tilliti til núverandi nota eða samþykktra nota í framtíðinni, stafi ekki lengur umtalsverð hætta fyrir heilsufar manna eða umhverfið vegna mengunar jarðvegs og grunnvatns sem leitt hefur af starfseminni og með tilliti til ástands iðnaðarsvæðisins.

l. (17. gr.)

*Áhrif yfir landamæri.*

Umhverfisstofnun skal, ef starfsemi er líkleg til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi annars ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, senda upplýsingar um starfsemina til ríkisins á sama tíma og almenningi er veittur aðgangur að þeim.

Umhverfisstofnun skal tryggja að almenningur í ríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum, sbr. 1. mgr., hafi einnig aðgang að umsóknum um starfsleyfi þannig að hann öðlist rétt til að koma á framfæri athugasemdum um þær áður en Umhverfisstofnun tekur ákvörðun.

Umhverfisstofnun skal upplýsa ríki, sbr. 1. mgr., um þá ákvörðun sem tekin var varðandi umsóknina og skal framsenda því viðeigandi upplýsingar.

m. (18. gr.)

*Tækninýjungar.*

Stuðlað skal, eftir því sem við á, að þróun og notkun tækninýjunga, einkum að því er varðar þær tækninýjungar sem tilgreindar eru í tilvísunarskjölum um bestu aðgengilegu tækni.

n. (19. gr.)

*Gildissvið.*

Þessi kafli gildir um brennsluver með heildarnafnvarmaafli sem er jafnt og eða meira en 50 MW, óháð þeirri eldsneytistegund sem notuð er, sbr. reglugerð skv. 5. gr.

o. (20. gr.)

*Samlegðarreglur.*

Ef úrgangслоft tveggja eða fleiri brennsluvera er losað um sameiginlegan reykþáf skal líta á þau sem eitt brennsluver og leggja afkastagetu þeirra saman við útreikning á heildarnafnvarmaafli.

p. (21. gr.)

*Viðmiðunarmörk fyrir losun.*

Stjórnin skal losun úrgangслоfts frá brennsluverum með reykþáfum með einni eða fleiri loftrásum. Við ákvörðun um hæð slíkra reykþáfa skal markmiðið vera að vernda heilsufar manna og umhverfið.

Öll starfsleyfi fyrir brennsluver skulu bundin skilyrðum sem tryggja að losun frá þeim út í andrúmsloftið fari ekki yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í reglugerð, sbr. 5. gr.

Umhverfisstofnun getur veitt rekstraraðila brennsluvers, sem að öllu jöfnu notar eldsneyti með litlu magni af brennisteini, undanþágu í allt að sex mánuði frá kröfu um viðmiðunarmörk losunar á brennisteinsdíoxíði þegar rekstraraðilinn getur ekki uppfyllt viðmiðunarmörk vegna þess að aðföng á brennisteinslitlu eldsneyti hafa brugðist sökum alvarlegs skorts á því.

Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá kröfu um viðmiðunarmörk fyrir losun þegar rekstraraðili brennsluvers sem notar aðeins loftkennt eldsneyti verður í sérstöku undantekningartilviki að grípa til notkunar annars eldsneytis vegna skyndilegs rofs á framboði á gasi og brennsluverið þyrfti af þeim sökum að vera búið hreinsibúnaði fyrir úrgangслоft. Slík undanþága skal ekki veitt í lengra tímabil en tíu daga nema brýn þörf sé á áframhaldandi orkuöflun. Rekstraraðilinn skal tafarlaust upplýsa eftirlitsaðila um hvert einstakt tilvik sem um getur í 1. másl.

Þegar brennsluver er stækkað skulu viðmiðunarmörk fyrir losun gilda fyrir stækkaðan hluta versins sem breytingin hefur áhrif á og skal setja viðmiðunarmörkin með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins. Ef um er að ræða breytingu á brennsluveri, sem getur haft afleiðingar fyrir umhverfið og hefur áhrif á hluta versins með 50 MW nafnvarmaafli eða meira, skulu viðmiðunarmörk fyrir losun gilda fyrir þann hluta versins sem hefur breyst með tilliti til heildarnafnvarmaafls alls brennsluversins.

q. (22. gr.)

*Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum.*

Rekstraraðili brennsluvers, með rafmagnsaflgetu að nafngildi 300 MW eða meira, skal meta hvort eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a. hæfileg geymslusvæði séu tiltæk,
- b. flutningsaðstæður séu tæknilega og efnahagslega hagkvæmar,
- c. ísetning endurbótahluta til föngunar á koldíoxíði sé tæknilega og efnahagslega hagkvæm.

Ef skilyrði skv. 1. mgr. eru uppfyllt skal Umhverfisstofnun sjá til þess að hæfilegt svæði á stöðinni sé tekið frá fyrir nauðsynlegan búnað til föngunar og þjöppunar á koldíoxíði. Umhverfisstofnun skal ákvarða hvort skilyrði hafi verið uppfyllt, á grundvelli matsins skv. 1. mgr. og annarra fyrirliggjandi upplýsinga, sérstaklega varðandi verndun umhverfisins og heilsufars manna.

r. (23. gr.)

*Gangtruflun eða bilun í hreinsibúnaði.*

Umhverfisstofnun skal tryggja að ákvæði séu í starfsleyfum fyrir brennsluver um verk-lagsreglur varðandi truflun eða bilun í hreinsibúnaði.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um gangtruflun eða bilun í hreinsibúnaði.

s. (24. gr.)

*Vöktun losunar út í andrúmsloft.*

Vöktun loftmengandi efna skal fara fram í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur, sbr. 2. mgr. Uppsetning og rekstur á sjálfvirkum vöktunarbúnaði skal vera háður eftirliti og árlegum eftirlitsprófunum. Umhverfisstofnun ákvarðar staðsetningu sýnatöku- eða mælipunkta sem nota skal fyrir vöktun losunar.

Viðmiðunarmörkum fyrir losun í andrúmsloftið er náð ef uppfyllt eru skilyrði sem sett eru fram í reglugerð, sbr. 5. gr.

t. (25. gr.)

*Brennsluver sem brenna margs konar eldsneytistegundum.*

Ef brennsluver brennir margs konar eldsneytistegundum og notar samtímis tvær eða fleiri eldsneytistegundir skal Umhverfisstofnun setja viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 5. gr.

u. (26. gr.)

*Gildissvið.*

Þessi kafli gildir um starfsemi sem tilgreind er í viðauka III og, eftir atvikum, nær þeim viðmiðunargildum fyrir notkun sem sett eru fram í reglugerð, sbr. 5. gr.

v. (27. gr.)

*Útskipti hættulegra efna.*

Efnum eða efnablöndum, sem vegna innihalds þeirra af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum flokkast sem krabbameinsvaldar, stökkbreytivaldar eða efni eða blöndur með eiturrhrif á æxlun, skal skipta út hið fyrsta eftir því sem mögulegt er með skaðminni efnum eða efnablöndum.

x. (28. gr.)

*Stjórnun og vöktun losunar.*

Rekstraraðili skal tryggja að losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda sé í samræmi við ákvæði reglugerðar, sbr. 5. gr. Að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í reglugerð ráðherra getur Umhverfisstofnun heimilað að losun fari yfir viðmiðunarmörk fyrir losun að því tilskildu að ekki sé búist við umtalsverðri áhættu fyrir heilsufar manna eða umhverfið og rekstraraðilinn sýni fram á að besta aðgengilega tækni sé notuð. Á sama hátt getur Umhverfisstofnun heimilað að losun frá húðunarstarfsemi, sem ekki er möguleg við stýrðar aðstæður, uppfylli ekki kröfur í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr., ef rekstraraðilinn hefur sýnt fram á að slíkt sé hvorki tæknilega né fjárhagslega framkvæmanlegt þrátt fyrir að besta aðgengilega tækni sé notuð.

Rekstraraðili skal sjá til þess að mælingar á losun séu framkvæmdar í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Viðmiðunarmörkum fyrir losun í úrgangslöfti er náð ef uppfyllt eru skilyrði sem sett eru fram í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

y. (29. gr.)

*Skýrslugjöf.*

Rekstraraðili skal, sé þess óskað, láta Umhverfisstofnun í té nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að hann uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

z. (30. gr.)

*Umtalsverð breyting á stöðvum í rekstri.*

Breyting á stöð í rekstri telst umtalsverð ef uppfyllt eru skilyrði sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 5. gr.

þ. (31. gr.)

*Gildissvið.*

Þessi kafli gildir um stöðvar sem framleiða títrandíoxíð.

æ. (32. gr.)

*Stjórnun og vöktun losunar.*

Losun frá stöðvum í vatn skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Hindra skal losun sýrudropa frá stöðvum.

Losun frá stöðvum í andrúmsloft skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir losun sem sett eru fram í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

Rekstraraðili skal tryggja vöktun losunar í vatn og í andrúmsloft eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 5. gr.

8. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Sérákvæði fyrir atvinnurekstur vegna rannsókna og vinnslu kolvetnis**, með einni grein, 6. gr. a laganna, sem verður 33. gr. og fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.*

## 9. gr.

Á eftir 6. gr. a laganna kemur nýr kafli, VII. kafli, **Grænt bókhald**, með einni grein, 6. gr. b laganna, sem verður 34. gr. og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Grænt bókhald.*

Færa skal grænt bókhald fyrir atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, eins og nánar greinir í reglugerð, sbr. 5. gr.

Í grænu bókhaldi skulu koma fram upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um meginnotkun hráefnis, orku og vatns til starfseminnar, sem og helstu tegundir og magn mengandi efna sem losuð eru í loft, láð eða lög, koma fram í framleiðsluvöru eða falla til sem úrgangur. Ekki er þó skylt að setja í skýrslu um grænt bókhald upplýsingar sem starfsleyfishafi telur vera framleiðsluleyndarmál, enda séu slík atriði tilgreind og ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu útgefanda starfsleyfis.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu um grænt bókhald. Skýrsla um grænt bókhald skal endurskoðuð á sambærilegan hátt og fjárhagsbókhald fyrirtækja.

Sendi skal útgefanda starfsleyfis árlega skýrslu um grænt bókhald. Útgefandi starfsleyfis skal kanna hvort skýrsla um grænt bókhald fullnægi þeim formkröfum sem gerðar eru til skýrslna um grænt bókhald. Sé heilbrigðisnefnd útgefandi starfsleyfis skal hún því næst senda skýrsluna áfram til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun annast birtingu skýrslna um grænt bókhald og gerð leiðbeininga um grænt bókhald. Birting skýrslu um grænt bókhald felur ekki í sér viðurkenningu Umhverfisstofnunar á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

## 10. gr.

Á eftir 6. gr. b laganna kemur nýr kafli, VIII. kafli, **Umhverfismerki**, með einni grein, 6. gr. c laganna, sem verður 35. gr. og fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Umhverfismerki*.

## 11. gr.

Á eftir 6. gr. c laganna kemur nýr kafli, IX. kafli, **Loftgæði**, með einni grein, 6. gr. d laganna, sem verður 36. gr. og breytist svo:

- a. Í stað orðanna „sem háður er starfsleyfi skv. 5. gr. a og“ í 1. mgr. kemur: sbr. viðauka I–IV, sem.
- b. Í stað orðanna „sem háður er starfsleyfi skv. 5. gr. a“ í 2. mgr. kemur: sbr. viðauka I–IV.
- c. Í stað tilvísananna „18. gr.“ og „13. gr.“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: 51. gr.; og: 47. gr.
- d. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Loftgæði*.

## 12. gr.

Á eftir 6. gr. d laganna kemur nýr kafli, X. kafli, **Losun gróðurhúsalofttegunda**, með einni grein, 6. gr. e laganna, sem verður 37. gr. og orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Losun gróðurhúsalofttegunda.*

Þegar um er að ræða losun gróðurhúsalofttegundar frá starfsemi sem tilgreind er í lögum um loftslagsmál skal starfsleyfi fyrir viðkomandi starfsemi ekki fela í sér viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar beina losun á þeirri lofttegund, nema það sé nauðsynlegt til að tryggja að engin veruleg staðbundin mengun eigi sér stað.

Við starfsemi sem tilgreind er í lögum um loftslagsmál er það undir Umhverfisstofnun komið hvort hún gerir kröfur um orkunýtni brennslueininga eða annarra eininga sem losa koldíoxíð á staðnum.

Ef nauðsyn krefur skal Umhverfisstofnun gera breytingar á starfsleyfi eftir því sem við á, sbr. 1. og 2. mgr. sem og 14. gr.

Framangreindar málsgreinar eiga ekki við um starfsemi sem tímabundið fellur ekki undir kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sbr. lög um loftslagsmál.

13. gr.

Á eftir 6. gr. e laganna kemur nýr kafli, XI. kafli, **Skyldur rekstraraðila**, með þremur nýjum greinum, 38.–40. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (38. gr.)

*Meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila.*

Rekstraraðilar atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–II, skulu tryggja að starfsemi þeirra sé rekin í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

- a. að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun,
- b. að notuð sé besta aðgengilega tækni,
- c. að starfsemin leiði ekki til umtalsverðrar mengunar,
- d. að komið sé í veg fyrir myndun úrgangs í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs,
- e. að úrgangur sem verður til sé útbúinn fyrir endurnotkun, enduruninn, endurheimtur eða, þar sem það er tæknilega eða fjárhagslega ómögulegt, honum fargað um leið og forðast er eða dregið úr öllum áhrifum á umhverfið,
- f. að orka sé vel nýtt,
- g. að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir slys eða takmarka afleiðingar þeirra slysa sem geta orðið,
- h. að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr.

b. (39. gr.)

*Óhöpp og slys.*

Við óhöpp eða slys sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið skal hlutaðeigandi rekstraraðili, sbr. viðauka I–IV, í samræmi við ákvæði laga um umhverfisábyrgð:

- a. upplýsa Umhverfisstofnun tafarlaust um óhappið eða slysið, og
- b. grípa tafarlaust til ráðstafana til að takmarka afleiðingarnar fyrir umhverfið og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys.

Umhverfisstofnun skal krefjast þess að rekstraraðilinn grípi til viðeigandi viðbótarráðstafana sem stofnunin telur nauðsynlegar til að takmarka afleiðingar fyrir umhverfið og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys.

c. (40. gr.)

*Skyldur rekstraraðila.*

Rekstraraðilar, sbr. viðauka I–V, skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við ákvæði laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim, starfsleyfisskilyrði og almennar kröfur, sbr. 8. gr.

Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

14. gr.

7. gr. laganna, sem verður 41. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Undanþága ráðherra.*

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. a laganna, sem verður 41. gr. a:

- a. Í stað „6. gr. b“ kemur: 34. gr.
- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Undanþága ráðherra varðandi grænt bókhald.*

16. gr.

8. gr. laganna, sem verður 42. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Álit heilbrigðisnefnda.*

17. gr.

9. gr. laganna, sem verður 43. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Stjórn mála.*

18. gr.

10. gr. laganna, sem verður 44. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Heilbrigðiseftirlit.*

19. gr.

11. gr. laganna, sem verður 45. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Eftirlitssvæði.*

20. gr.

12. gr. laganna, sem verður 46. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Fjárhagsáætlanir og gjaldskrár.*

21. gr.

13. gr. laganna, sem verður 47. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Hlutverk heilbrigðisnefnda.*

22. gr.

14. gr. laganna, sem verður 48. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Verkaskipting.*

23. gr.

15. gr. laganna, sem verður 49. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Heilbrigðisfulltrúar.*

24. gr.

16. og 17. gr. laganna verða ein grein, 50. gr., sem fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Þagnar-skylda og upplýsingar.*

25. gr.

II. kafli laganna verður XII. kafli.

26. gr.

18. gr. laganna, sem verður 51. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Eftirlit.*

27. gr.

19. og 20. gr. laganna verða ein grein, 52. gr., sem fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Samræming heilbrigðiseftirlits*.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna, sem verður 53. gr.:

- a. Í stað „sbr. 18. gr.“ í 1. másl. kemur: sbr. 51. gr.
- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Gjaldskrá Umhverfisstofnunar*.

29. gr.

III. kafli laganna verður XIII. kafli.

30. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur nýr kafli, XIV. kafli, **Eftirlit með atvinnurekstri**, með tveimur nýjum greinum, 54. og 55. gr., ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (54. gr.)

*Eftirlit.*

Eftirlit skal vera með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–V, sem tekur til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta.

Rekstraraðili skal aðstoða eftirlitsaðila eins og nauðsyn krefur til að gera eftirlitsaðilanum kleift að framkvæma hvers kyns eftirlit með starfseminni, taka sýni og afla allra upplýsinga sem eru þeim nauðsynlegar við framkvæmd eftirlitsins.

Umhverfisstofnun skal gera eftirlitsáætlun sem taki til atvinnurekstrar, sbr. viðauka I–V, og skal áætlunin endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á.

Á grundvelli eftirlitsáætlana gerir eftirlitsaðili reglulega áætlanir um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri samkvæmt viðaukum I–V, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal, fyrir starfsemi samkvæmt viðaukum I og II, ekki vera lengra en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhættu.

Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfiskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

b. (55. gr.)

*Frávik.*

Eftirlitsaðili skal hafa eftirlit með atvinnurekstri, sbr. viðauka I–V, til að tryggja að farið sé að skilyrðum fyrir viðkomandi starfsemi.

Ef frávik verða skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um að gera hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem eftirlitsaðilinn telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur.

31. gr.

22. gr. laganna, sem verður 56. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Faggilding*.



32. gr.

23. gr. laganna, sem verður 57. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Innra eftirlit*.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna, sem verður 58. gr.:

- a. Í stað orðanna „VI. kafli“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: XVII. kafli.
- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Framsal eftirlits*.

34. gr.

IV. kafli laganna verður XV. kafli og breytast númer kafa samkvæmt því.

35. gr.

25. gr. laganna, sem verður 59. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Samþykktir*.

36. gr.

26. gr. laganna, sem verður 60. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Þvingunarúrræði*.

37. gr.

27. gr. laganna, sem verður 61. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Dagsektir og verk á kostnað aðila*.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. laganna, sem verður 62. gr.:

- a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Heilbrigðisnefnd sveitarfélaga er heimilt að beita úrræðum þessa kafa þegar um er að ræða færanlega starfsemi sem er stunduð á svæði nefndarinnar og er með starfsleyfi gefið út á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði.
- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Heimildir eftirlitsaðila*.

39. gr.

29. gr. laganna, sem verður 63. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Stöðvun til bráðabirgða*.

40. gr.

30. gr. laganna, sem verður 64. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Málsmeðferð*.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 31. gr. laganna, sem verður 65. gr.

- a. Í stað „32. gr.“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: 66. gr.
- b. Greinin fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Kærur*.

42. gr.

32. gr. laganna, sem verður 66. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Kæruheimild til ráðherra*.

43. gr.

33. gr. laganna, sem verður 67. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Sektir eða fangelsi*.

44. gr.

34. gr. laganna, sem verður 68. gr., fær fyrirsögn, svohljóðandi: *Sektir lögaðila*.

45. gr.

Í stað fylgiskjala I–III með lögunum koma fimm nýir viðaukar, viðaukar I–V, svohljóðandi:

## **VIÐAUKI I.**

### **Starfsemi A.**

Viðmiðunargildin, sem eru tilgreind hér á eftir, vísa almennt til framleiðslugetu eða afkasta. Ef margar tegundir starfsemi, sem fellur undir sömu starfsemislýsingu sem inniheldur viðmiðunargildi, eru reknar í sömu stöðinni er afkastageta þessara tegunda starfsemi lögð saman. Fyrir starfsemi við meðhöndlun úrgangs skal þessi útreikningur gilda fyrir starfsemi í lið 5.1 og a- og b-lið liðar 5.3.

#### **1. Orkuiðnaður.**

- 1.1 Brennsla eldsneytis í stöðvum með heildarnafnvarmafl 50 MW eða meira.
- 1.2 Hreinsun á jarðolíu og gasi.
- 1.3 Koksframleiðsla.
- 1.4 Gösun eða þétting á:
  - a) kolum,
  - b) öðru eldsneyti í stöðvum með heildarnafnvarmafl 20 MW eða meira.

#### **2. Framleiðsla og vinnsla málma.**

- 2.1 Brennsla eða glæðing málmgrýtis (þ.m.t. brennisteinsgrýtis).
- 2.2 Framleiðsla á hrájárni eða stáli (fyrsta eða önnur bræðsla), þ.m.t. samfelld málmsteypa, þar sem afkastagetan er meiri en 2,5 tonn á klukkustund.
- 2.3 Vinnsla járnríkra málma:
  - a) starfræksla heitvölsunarvéla með vinnslugetu yfir 20 tonnum af hrástáli á klukkustund,
  - b) starfræksla smiðja með hamra þar sem slagkraftur hvers hamars er meiri en 50 kílójúl og þar sem notuð varmaorka er yfir 20 MW,
  - c) með því að nota hlífðarlag úr bræddum málmi þar sem ílagið er meira en 2 tonn af hrástáli á klukkustund.
- 2.4 Starfræksla málmsteypa fyrir járnrika málma með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag.
- 2.5 Vinnsla járnlausra málma:
  - a) framleiðsla járnlausra hrámálma úr málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða afleiddu hráefni með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,
  - b) bræðsla, þ.m.t. sambræðsla járnlausra málma, þ.m.t. endurnýtttra vara, og starfræksla málmsteypa fyrir járnlausra málma með bræðslugetu yfir 4 tonnum af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonnum af öllum öðrum tegundum málma á dag.
- 2.6 Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum þar sem rúmmál meðhöndlunartanka er meira en 30 m<sup>3</sup>.

#### **3. Jarðefnaiðnaður.**

- 3.1 Framleiðsla á sementi, kalki og magnesíumoxíði:
  - a) framleiðsla á sementsgjalli í hverfiofnum með afkastagetu sem er yfir 500 tonnum á dag eða í annars konar ofnum þar sem framleiðsluafköstin eru yfir 50 tonnum á dag,

- b) framleiðsla á kalki í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag,
- c) framleiðsla á magnesíumoxíði í ofnum með framleiðslugetu yfir 50 tonnum á dag.
- 3.2 Framleiðsla á asbesti eða framleiðsla vara sem eru að stofni til úr asbesti.
- 3.3 Framleiðsla glers, einnig glertrefja, þar sem bræðsluafköstin eru meiri en 20 tonn á dag.
- 3.4 Bræðsla jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinefnatrefja með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag.
- 3.5 Framleiðsla leirvara með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns með framleiðslugetu yfir 75 tonnum á dag og/eða rúmtak ofns yfir 4 m<sup>3</sup> og setþéttleika hvers ofns yfir 300 kg/m<sup>3</sup>.
- 4. Efnaiðnaður.**
  - Að því er varðar þennan þátt merkir framleiðsla, í skilningi starfsemisflokka í þessum þætti, framleiðslu á iðnaðarmælikvarða með efnafræðilegri eða líffræðilegri vinnslu efna eða efnahópa sem eru taldir upp í þessum þætti.
  - 4.1 Framleiðsla lífrænna efna, svo sem:
    - a) einföld vetniskolefni (línuleg eða hringlaga, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk),
    - b) vetniskolefni sem innihalda súrefni, svo sem alkóhól, aldehyð, ketón, karboxýlsýrur, estrar og blöndur af estrum, asetötum, eterum, peroxíðum og epoxýresinum,
    - c) vetniskolefni sem innihalda brennistein,
    - d) vetniskolefni sem innihalda köfnunarefni, svo sem amín, amíð, nitursambönd, nítró-sambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt og ísósýanöt,
    - e) vetniskolefni sem innihalda fosfór,
    - f) vetniskolefni sem innihalda halógen,
    - g) lífræn málmsambönd,
    - h) plastefni (fjölliður, gervitrefjar og trefjar að stofni úr beðmi),
    - i) gervigúmmí,
    - j) leysilitir og fastlitarefni,
    - k) yfirborðsvirk efni.
  - 4.2 Framleiðsla ólífrænna efna, svo sem:
    - a) lofttegundir, svo sem ammoníak, klór eða vetniskloríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,
    - b) sýrur, svo sem krómsýra, flússýra, fosfórsýra, saltpéturssýra, saltsýra, brennisteinsýra, rjúkandi brennisteinssýra, brennisteinssýrlingur,
    - c) basi, svo sem ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,
    - d) sölt, svo sem ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,
    - e) málmeysingjar, málmoxíð eða önnur ólífræn efnasambönd, svo sem kalsíumkarbíð, kísill, kísilkarbíð.
  - 4.3 Framleiðsla á áburði sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (eingildum eða fjölgildum áburði).
  - 4.4 Framleiðsla á plöntuvarnavörum eða sæfivörum.
  - 4.5 Framleiðsla á lyfjum, þ.m.t. milliefnum.
  - 4.6 Framleiðsla á sprengiefnum.

## 5. Meðhöndlun úrgangs.

- 5.1 Förgun eða endurnýting á hættulegum úrgangi með afköstum yfir 10 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi:
- líffræðilega meðhöndlun,
  - eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,
  - blöndun áður en einhver tegund starfsemi, sem tilgreind er í liðum 5.1 og 5.2, tekur við,
  - endurpökkun áður en einhver af þeim tegundum af starfsemi, sem taldar eru upp í liðum 5.1 og 5.2, fer fram,
  - endurheimt eða endurmyndun leysa,
  - endurvinnsla/endurheimt ólífrænna efna annarra en málma eða málmsambanda,
  - endurmyndun síru eða basa,
  - endurnýting efnispátta sem eru notaðir til að draga úr mengun,
  - endurnýting efnispátta úr hvötum,
  - endurhreinsun olíu eða önnur endurnotkun olíu,
  - losun í yfirborðsvatn.
- 5.2 Förgun eða endurnýting á úrgangi í sorpbrennslustöðvum eða í sorpsambrennslustöðvum:
- fyrir hættulausan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 3 tonnum á klukkustund,
  - fyrir hættulegan úrgang í stöðvum með afkastagetu yfir 10 tonnum á dag.
- 5.3 a) Förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 50 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:
- líffræðilega meðhöndlun,
  - eðlis- og efnafræðilega meðhöndlun,
  - formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,
  - meðferð á gjalli og ösku,
  - meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.
- b) Endurheimt eða blanda af endurheimt og förgun á hættulausum úrgangi í stöðvum með afkastagetu yfir 75 tonnum á dag sem felur í sér eina eða fleiri eftirfarandi starfsemi og að undanskilinni starfsemi sem fellur undir reglugerð um fráveitur og skólp:
- líffræðilega meðhöndlun,
  - formeðhöndlun úrgangs fyrir brennslu eða sambrennslu,
  - meðferð á gjalli og ösku,
  - meðferð málmúrgangs í tæturum, þ.m.t. á raf- og rafeindatækjaúrgangi og úr sér gengnum ökutækjum og íhlutum þeirra.
- Ef starfsemi skv. 1. mgr. felur einungis í sér meðhöndlun úrgangs þar sem fram fer loftfirrð rotnun skulu viðmiðunargildin fyrir starfsemina vera 100 tonn á dag.
- 5.4 Urðun, eins og hún er skilgreind í lögum um meðhöndlun úrgangs, sem tekur á móti meira en 10 tonnum af úrgangi á dag eða með heildarafkastagetu yfir 25.000 tonnum, að undanskilinni urðun á óvirkum úrgangi.
- 5.5 Bráðabirgðageymsla hættulegs úrgangs, sem ekki fellur undir lið 5.4, sem bíður einhverra þeirra tegunda af starfsemi sem taldar eru upp í liðum 5.1, 5.2, 5.4 og 5.6, þar sem heildarrúmtak er yfir 50 tonnum, að undanskilinni tímabundinni geymslu meðan söfnunar er beðið á þeim stað þar sem úrgangurinn verður til.
- 5.6 Neðanjarðargeymsla á hættulegum úrgangi með heildarrúmtak yfir 50 tonnum.

## 6. Önnur starfsemi.

- 6.1 Framleiðsla í iðjuverum á:
    - a) deigi úr viði eða öðrum trefjaefnum,
    - b) pappír eða pappa í verum með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag,
    - c) einni eða fleiri gerðum platna sem eru að stofni til úr viði: aspenítplötum, spóna-plötum eða trefjaplötum í verum með framleiðslugetu yfir 600 m<sup>3</sup> á dag.
  - 6.2 Formeðferð (aðgerðir eins og þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun textíltrefja eða textílefna þar sem vinnslugetan er yfir 10 tonnum á dag.
  - 6.3 Sútun á húðum og skinum þar sem vinnslugetan er yfir 12 tonnum af fullunninni vöru á dag.
  - 6.4
    - a) Sláturhús í rekstri með framleiðslugetu yfir 50 tonnum af skrokkum á dag.
    - b) Meðferð og vinnsla, önnur en eingöngu pökkun, á eftirfarandi hráefnum, hvort sem er áður unnum eða óunnum, sem ætluð eru fyrir matvæla- eða fóðurframleiðslu úr:
      - i. hráefnum af dýrum eingöngu (öðrum en eingöngu mjólk) þar sem framleiðslugeta er yfir 75 tonnum af fullunninni vöru á dag,
      - ii. jurtahráefni eingöngu þar sem framleiðslugeta er yfir 300 tonnum á dag eða 600 tonnum á dag þar sem stöðin er ekki starfrækt lengur en í 90 daga í röð á neinu ári,
      - iii. hráefnum úr dýrum og jurtum, bæði í samsettum og aðskildum afurðum, þar sem framleiðslugeta á fullunninni vöru í tonnum er meiri á dag en:
        - 75 ef A er jafnt og 10 eða meira eða,
        - $[300 - (22,5 \times A)]$  í öllum öðrum tilvikum,
 þar sem „A“ er hluti efnis úr dýrum (sem hundraðshluti af þyngd) af framleiðslugetu á fullunninni vöru.

Umbúðir skulu ekki taldar með í endanlegri þyngd vörunnar.  
Þessi staflíður skal ekki gilda þar sem hráefnið er eingöngu mjólk.
  - c) Meðferð og vinnsla mjólkur eingöngu, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).
- 6.5 Förgun eða endurvinnsla dýraskrokka eða dýraúrgangs þar sem afkastageta er yfir 10 tonnum á dag.
- 6.6 Eldi alifugla eða svína:
  - a) með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla,
  - b) með fleiri en 2.000 stæði fyrir alisvín (yfir 30 kg), eða
  - c) með fleiri en 750 stæði fyrir gyltur.
- 6.7 Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, einkum fyrir pressun, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþéttingu, þyngingu, málun, hreinsun eða gegndreypingu, þar sem notuð eru meira en 150 kg af lífrænum leysum á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.
- 6.8 Framleiðsla kolefnis (fullbrenndra kola) eða skautgrafits (e. electrographite) með brennslu eða umbreytingu í grafít.
- 6.9 Föngun CO<sub>2</sub>-strauma frá stöðvum sem falla undir lög þessi til geymslu í jörðu samkvæmt lögum um loftslagsmál.
- 6.10 Timbur og timburafurðir eru varin með efnum, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m<sup>3</sup> á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (e. sapstain).
- 6.11 Einkarekin meðhöndlun á skólpi sem er losað af stöð sem fellur undir þennan viðauka.

**VIÐAUKI II.****Starfsemi B.**

1. Fiskimjölsverksmiðjur.
2. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.
3. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
4. Olíubirgðastöðvar.
5. Framleiðsla titandíoxíðs.
6. Glerullar- og steinullarframleiðsla, önnur en í viðauka I.
7. Sútunarverksmiðjur, aðrar en í viðauka I.
8. Meðferð úrgangs – förgunarstaðir úrgangs:
  - a) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti meira en 5.000 tonnum af úrgangi á ári,
  - b) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 500–5.000 tonnum af úrgangi á ári,
  - c) urðunarstaðir, sorpbrennslustöðvar og söfnunar- og móttökustöðvar ef þær eru reknar í nánnum landfræðilegum tengslum við förgunarstaði þar sem tekið er á móti 50–499 tonnum af úrgangi á ári eða urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári eða meira,
  - d) urðunarstaðir þar sem eingöngu er tekið á móti minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári.
9. Meðhöndlun og förgun spilliefna:
  - a) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á meira en 2.500 tonnum af spilliefnum á ári,
  - b) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á 500–2.500 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári eða meira,
  - c) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á 50–499 tonnum af spilliefnum á ári eða til að endurmynda og nýta á staðnum minna en 10.000 tonn af úrgangsolíu á ári,
  - d) námuúrgangsstaðir þar sem heimild er til meðhöndlunar á minna en 50 tonnum af spilliefnum á ári eða þar sem einvörðungu eru meðhöndlaðir rafgeymar.
10. Framleiðsla á pappír eða pappa í iðjuverum með framleiðslugetu, önnur en í viðauka I.
11. Rannsóknir og vinnsla kolvetnis.

**VIÐAUKI III.****Starfsemi C.**

1. Í hverjum eftirfarandi liða er innifalin í starfseminni hreinsun á búnaði en ekki hreinsun á vörum nema það sé sérstaklega tekið fram.
2. Límburður.  
Öll starfsemi þar sem lím er borið á yfirborð, að undanskildum límburði og plasthúðun í tengslum við prentstarfsemi.
3. Húðunarstarfsemi.  
Öll starfsemi þar sem sett er eitt eða fleiri samfelld lög af yfirborðsmeðferðarefni á:
  - a) eitthvert eftirfarandi farartækja:

- i. nýjar bifreiðar skilgreindar sem ökutæki í flokki M1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki og í flokki N1 þegar þær eru húðaðar í sömu stöð og M1 ökutæki,
  - ii. hús á vörubifreiðum, skilgreind sem rými ökumanns, og öll sambyggð rými fyrir tæknibúnað á ökutækjum í flokkum N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB,
  - iii. sendibifreiðar og vörubifreiðar, skilgreindar sem ökutæki í flokkum N1, N2 og N3 í tilskipun 2007/46/EB, en hús á vörubifreiðum eru þar ekki meðtalin,
  - iv. almenningsvagna sem eru skilgreindir sem ökutæki í flokkum M2 og M3 í tilskipun 2007/46/EB,
  - v. eftirvagna sem eru skilgreindir í flokka O1, O2, O3 og O4 í tilskipun 2007/46/EB,
- b) málm- og plastyfirborð, þ.m.t. yfirborð á flugvélum, skipum, lestum o.s.frv.,
  - c) viðaryfirborð,
  - d) textíl-, vefnaðar-, filmu- og pappírsvirborð,
  - e) leður.
- Húðunarstarfsemi nær ekki yfir yfirborðsmeðferð þar sem flötur er málmhúdaður með rafdrætti eða hann er húdaður með efnasprautun. Ef húðunarstarfsemin felur í sér þrep þar sem prentað er á sama hlutinn, sama hvaða tækni er notuð, telst prentunarþrepið hluti af húðunarstarfseminni. Hins vegar er prentstarfsemi sem er rekin sem aðskilin starfsemi ekki meðtalin en getur fallið undir lög þessi ef prentstarfsemin fellur undir gildissvið þeirra.
4. Rúlluhúðun.  
Hvers kyns starfsemi þar sem stálþynnur, ryðfrítt stál, húdað stál, koparblendi eða ál-ræmur eru húðaðar með himnumyndandi efni eða plasthúðaðar í samfelldu vinnsluferli.
  5. Þurrhreinsun.  
Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi þar sem rokgjörn, lífræn efnasambönd eru notuð í stöð til að hreinsa fatnað, áklæði og álíka neytendavörur, að undanskilinni handhreinsun bletta í textíl- og fataiðnaði.
  6. Framleiðsla á skófatnaði.  
Hvers kyns starfsemi sem felst í framleiðslu á fullgerðum skófatnaði eða hlutum hans.
  7. Framleiðsla á yfirborðsefnablöndum, lökkum, farva og lími.  
Framleiðsla á ofangreindum fullgerðum vörum og millistigsvörum þegar hún fer fram á sama stað, með blöndun á fastlitarefnum, resíni og límefnum við lífræna leysa eða önnur burðarefni, þ.m.t. framleiðsla á þeytum og forþeyttum blöndum, stillingu á seigju og litblæ og áfyllingu fullgerðrar vöru í ílát.
  8. Framleiðsla á lyfjum.  
Efnasmíði, gerjun, útdráttur, löggun og yfirborðsmeðhöndlun lyfja og, þegar hún fer fram á sama stað, framleiðsla millistigsvara.
  9. Prentun.  
Hvers kyns eftirtaka texta og/eða mynda þar sem farvi er yfirfærður á hvers kyns yfirborðsgerðir með notkun myndbera. Meðtalin er tengd tækni við lökkun, húðun og plasthúðun. Hins vegar falla einungis eftirfarandi undirferlar undir lög þessi:
    - a) flexóprentun – prentun þar sem myndberinn er úr gúmmí eða fjaðrandi ljósfjölliðum og þar sem prentflöturinn er upphækkaður og notaðir eru fljótandi prentlitir sem þorna við uppgufun,

- b) heitþornandi offsetprentun af streng – prentun af streng þar sem notaður er myndberi þar sem bæði prentflötur og óprentaðir fletir eru í sömu hæð, þar sem prentun af streng merkir að efnið, sem prentað er á, er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir. Óprentaða svæðið er meðhöndlað til að draga að vatn og hrindir því farva frá sér. Prentflöturinn er meðhöndlaður til að taka við og flytja farva til yfirborðsins sem prenta skal. Uppgufun á sér stað í ofni þar sem heitt loft er notað til að hita prentverkið,
  - c) plasthúðun sem tengist prentun – samlíming tveggja eða fleiri sveigjanlegra efna til að gera lagskipta afurð,
  - d) djúpprentun á gæðapappír – djúpprentun á pappír fyrir tímarit, bæklinga, verðlista eða annað áþekkt, þar sem notaður er farvi sem inniheldur tólúen,
  - e) djúpprentun – prentun þar sem myndberinn er sívalur, prentflöturinn er neðar en óprentaðir fletir og notaður er fljótandi farvi sem þornar við uppgufun. Hólfín eru fyllt með farva og umframfarvi er þurrkaður af óprentuðu flötunum áður en sá flötur, sem prenta skal á, snertir valsann og lyftir farvanum upp úr hólfunum,
  - f) valsasáldprentun – prentun af streng þar sem farvinn er færður á þann flöt sem prenta skal á með því að þrýsta honum í gegnum gropinn myndbera, þar sem prentflöturinn er opinn og aðrir fletir eru lokaðir, og notaður er fljótandi farvi sem þornar eingöngu við uppgufun. Prentun af streng merkir að efnið sem prenta skal á er matað í vélina af kefli en ekki sem stakar arkir,
  - g) lökkun – starfsemi þar sem lakk eða límlag er borið á þjált efni, ætlað í umbúðir, í því skyni að loka síðar umbúðunum.
10. Vinnsla gúmmís.  
Hvers kyns starfsemi sem felst í blöndun, mölun, pressun í sléttipressu, útpressun og súlfun á náttúru- eða gervigúmmíi og hvers kyns aðrar aðgerðir sem eru notaðar til að breyta náttúru- eða gervigúmmíi í fullunna vöru.
11. Hreinsun yfirborðs.  
Hvers kyns starfsemi, nema þurrhreinsun, þar sem lífrænar leysar eru notaðir til þess að fjarlægja óhreinindi af yfirborði efna, þar á meðal fituhreinsun. Starfsemi við hreinsun sem samanstendur af fleiri en einu þrepi fyrir eða eftir einhverja aðra starfsemi skal líta á sem eina starfsemi við yfirborðshreinsun. Þessi starfsemi vísar ekki til hreinsunar á búnaði heldur til hreinsunar á yfirborði vara.
12. Starfsemi við útdrátt jurtaolíu og dýrafitu og hreinsun jurtaolíu.  
Hvers kyns starfsemi sem felst í útdrætti jurtaolíu úr fræjum og öðru plöntuefni, vinnsla þurra leifa til framleiðslu á föðri, hreinsun á fitu og jurtaolíum úr fræjum, plöntuefni og/eða dýraefni.
13. Lakkviðgerðir ökutækja.  
Hvers kyns iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi sem felst í húðunarstarfsemi og tilheyrandi fituhreinsun þar sem framkvæmd er annaðhvort:
- a) upphafleg yfirborðsmeðferð ökutækja, eins og skilgreint er í tilskipun 2007/46/EB, eða hluta þeirra með efnun til lakkviðgerða, að því tilskildu að starfsemin fari fram utan upphaflegu framleiðslulínunnar, eða
  - b) yfirborðsmeðferð eftirvagna (þ.m.t. festivagna) (O-flokkur í tilskipun 2007/46/EB).
14. Húðun vafvira.  
Hvers kyns yfirborðsmeðferð málmleiðara sem notaðir eru til að vefja rafspólur í spennubreytum, vélum o.s.frv.



15. Viðarfúavörn.  
Hvers kyns starfsemi sem felst í meðhöndlun viðar með fúavarnarefni.
16. Viðar- og plastsamlíming.  
Hvers kyns starfsemi sem felst í að líma saman við og/eða plast til framleiðslu á sam-  
lindum vörum.

#### VIÐAUKI IV.

##### Starfsemi D.

- 1. Vinnsla úr járni og öðrum málum.**
  - 1.1 Málmsteypur, aðrar en í viðauka I.
  - 1.2 Stálsmiði og stálskipagerð.
  - 1.3 Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur.
  - 1.4 Nagla- og skrúfuframleiðsla.
  - 1.5 Vélaframleiðsla.
  - 1.6 Vinnsla á málum í raftækniíðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði.
  - 1.7 Meðferð og húðun málna.
  - 1.8 Vinnsla á hrájárni og stáli, önnur en í viðauka I.
  - 1.9 Bræðsla og málmblanda sem ekki er járn- eða stálvinnsla, önnur en í viðauka I.
  - 1.10 Yfirborðsmeðhöndlun með rafgreiningar eða efnafræðilegar aðferðir, önnur en í við-  
auka I.
  - 1.11 Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmíðnaði, rafiðnaði og tækjagerð.
- 2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum.**
  - 2.1 Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum.
  - 2.2 Steinsmiði.
  - 2.3 Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur.
  - 2.4 Leirmunaverkstæði, afkastageta önnur en tilgreind í viðauka I.
  - 2.5 Steypueiningaverksmiðjur.
  - 2.6 Vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám.
  - 2.7 Önnur sambærileg starfsemi með jarðefni.
- 3. Efnaiðnaður.**
  - 3.1 Fyrirtæki sem geyma klórgas.
  - 3.2 Lakksprautun.
  - 3.3 Prentiðnaðarfyrirtæki.
  - 3.4 Efnalaugar.
  - 3.5 Snyrtivöruframleiðsla.
  - 3.6 Framköllun t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum.
  - 3.7 Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda.
  - 3.8 Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.
  - 3.9 Hreinlætisvöruverksmiðjur.
  - 3.10 Plastiðnaður.
  - 3.11 Vinnsla með plast- og frauðefni.
  - 3.12 Kælitæki, viðgerðir og nýsmiði.
  - 3.13 Gleriðnaður og speglagerð.
  - 3.14 Fúavörn á viði, önnur en í viðauka III, þar sem framleiðslugeta er yfir 75 m<sup>3</sup> á dag, að undanskilinni meðhöndlun eingöngu gegn grágeit (e. sapstain).
  - 3.15 Tannlæknastofur.

- 3.16 Rannsóknarstofur þar sem notuð eru eða geymd hættuleg efni eða meðhöndluð sóttmenguð sýni.
- 3.17 Önnur starfsemi með sambærileg efni.
- 4. Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu.**
- 4.1 Fóðurstöðvar.
- 4.2 Fóðurblöndur.
- 4.3 Gúmmívinnsla.
- 4.4 Trésmíðaverkstæði.
- 4.5 Sögunarmyllur.
- 4.6 Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þess háttar.
- 4.7 Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
- 4.8 Leðurvinnsla.
- 4.9 Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
- 4.10 Litun og bleiking, önnur en í viðauka I og III.
- 4.11 Ullarþvottastöðvar.
- 4.12 Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi, önnur en í viðauka I.
- 4.13 Fitu- og lýsisvinnsla.
- 4.14 Fituhersla.
- 4.15 Önnur sambærileg starfsemi með vinnslu og úrvinnslu á efnum úr jurta- og dýraríkinu.
- 5. Matvælavinnsla.**
- 5.1 Sláturhús, önnur en í viðauka I.
- 5.2 Kjöttvinnsla, önnur en í viðauka I.
- 5.3 Niðursuðuverksmiðjur.
- 5.4 Reykhús og reykofnar.
- 5.5 Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I.
- 5.6 Framleiðsla tilbúinna rétta, önnur en í viðauka I.
- 5.7 Heitloftspurrkun fiskafurða.
- 5.8 Mjólkurstöðvar, aðrar en í viðauka I.
- 5.9 Framleiðsla mjólkurdufts.
- 5.10 Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir.
- 5.11 Kaffibrennsla.
- 5.12 Smjörlíkisgerðir.
- 5.13 Kartöfluvinnsla, önnur en í viðauka I.
- 5.14 Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju.
- 5.15 Lauksteikingarverksmiðjur.
- 5.16 Mörbræðsla og tólgarframleiðsla.
- 5.17 Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni, önnur en í viðauka I.
- 5.18 Kæli- og frystigeymslur.
- 5.19 Önnur sambærileg matvælavinnsla.
- 6. Búfjár- og dýrahald.**
- 6.1 Loðdýrarækt.
- 6.2 Eldi alifugla, annað en í viðauka I.
- 6.3 Eldi svína, annað en í viðauka I.
- 6.4 Kanínurækt.
- 6.5 Hestahald.
- 6.6 Dýraspítalar.
- 6.7 Hunda- og kattageymslur.

- 6.8 Gæludýraverslanir.
- 6.9 Önnur sambærileg starfsemi með búfjár- og dýrahald.
- 7. **Starfsemi er snertir vélknúin farartæki.**
- 7.1 Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
- 7.2 Alþjóðaflugvellir og flugvellir með eldsneytisafgreiðslu.
- 7.3 Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu.
- 7.4 Bifreiða- og vélaverkstæði.
- 7.5 Bifreiðasprautun.
- 7.6 Ryðvarnarverkstæði.
- 7.7 Smurstöðvar.
- 7.8 Bensínstöðvar.
- 7.9 Vöruflutningamiðstöðvar.
- 7.10 Biðstöðvar leigubifreiða.
- 7.11 Bið- og endastöðvar strætisvagna.
- 7.12 Bón- og bílaþvottastöðvar.
- 7.13 Niðurrif bifreiða og bílapartasölur.
- 7.14 Sorpflutningar og sorphirða.
- 7.15 Verktakar með þungavinnuvélar, verkstæðisaðstaða.
- 7.16 Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækjum með ólíka starfsemi.
- 7.17 Önnur sambærileg starfsemi fyrir vélknúin farartæki.
- 8. **Meðferð skólps og úrgangs.**
- 8.1 Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur:
  - a. fyrir meira en 150.000 pe,
  - b. fyrir meira en 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða fyrir meira en 2.000 pe og afrennsli til ármynnis,
  - c. aðrar en í a- og b-lið.
- 8.2 Gámastöðvar.
- 8.3 Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni.
- 8.4 Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.
- 8.5 Endurnýting úrgangs.
- 8.6 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla meira en 5.000 tonn af úrgangi á ári.
- 8.7 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla 500–5.000 tonn af úrgangi á ári.
- 8.8 Móttökustöðvar aðrar en þær sem eru í viðauka I og II og meðhöndla allt að 500 tonn af úrgangi á ári.
- 8.9 Önnur sambærileg starfsemi.
- 9. **Ýmislegt.**
- 9.1 Virkjanir og orkuveitur:
  - a. 2–10 MW,
  - b. 10–50 MW,
  - c. yfir 50 MW, sem ekki eru brennslustöðvar,
  - d. jarðvarmavirkjanir á háhitasvæðum yfir 50 MW.
- 9.2 Stórar spennistöðvar.
- 9.3 Stórar vörugeymslur.
- 9.4 Líkbrennslur.
- 9.5 Skotvellir.

- 9.6 Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús og þess háttar.
- 9.7 Æfingasvæði slökkviliðs.
- 9.8 Þvottahús.
- 9.9 Saltvinnsla.
- 9.10 Gasbirgðastöðvar.
- 9.11 Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest.
- 9.12 Viðhald og niðurrif skipa.
- 9.13 Rekstur aðstöðu í atvinnuskyni, þ.m.t. útleiga rýmis, fyrir hávaðasama starfsemi sem veldur truflun eða óþægindum.
- 9.14 Önnur sambærileg starfsemi.
- 10. Tímabundinn atvinnurekstur.**
- 10.1 Geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva.
- 10.2 Notkun seyru til landgræðslu og skógræktar.
- 10.3 Áburðarframleiðsla úr lífrænum efnum (t.d. þurrkaður hæsnaskítur o.fl.).
- 10.4 Jarðborun.
- 10.5 Flugeldasýningar, nema á tímabilinu frá 28. desember til og með 6. janúar.
- 10.6 Brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en tvo tíma (áramót – Jónsmessa – ýmsir viðburðir).
- 10.7 Ýmiss konar tímabundin aðstaða, svo sem farandsalerni, farandeldhús og vinnubúðir sem tengjast tímabundnum framkvæmdum.
- 10.8 Niðurrif húsa og annarra bygginga.

#### **VIÐAUKI V.**

##### **Starfsemi E.**

- Akstursíþróttasvæði.
- Almenningssalerni.
- Badstofur og gufubadstofur.
- Daggæsla í heimahúsum með sex börn eða fleiri.
- Dvalarheimili.
- Dýragarðar og umfangsmiklar dýrasýningar.
- Dýragæsla.
- Dýralæknastofur.
- Dýrasnyrtistofur.
- Dýraspítalar.
- Fangelsi og fangagæsla.
- Fjallaskálar, nema sæluhús.
- Fótaaðgerðastofur og fót snyrtistofur.
- Fristundahúsasvæði.
- Garðaúðun.
- Gististaðir að undanskilinni heimagistingu.
- Gæludýraverslanir.
- Gæsluvellir og opin leiksvæði.
- Götuleikhús og tívolí.
- Hársnyrtistofur.
- Heilsugæslustöðvar.
- Heilsuræktarstöðvar.
- Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri.

Hestaleigur og reiðskólar.  
 Húðflúrsstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og feegrarflúr.  
 Íþróttahús.  
 Íþróttamiðstöðvar.  
 Íþróttavellir.  
 Kírópraktorar.  
 Leikskólar.  
 Læknastofur.  
 Meindýravarnir.  
 Nálastungustofur.  
 Nuddstofur.  
 Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.  
 Samgöngumiðstöðvar og almenningssamgöngutæki.  
 Samkomuhús.  
 Sjúkrahús.  
 Sjúkrastofnanir.  
 Sjúkraþjálfun.  
 Skólar og aðrir kennslustaðir fyrir börn eða sex eða fleiri fullorðna.  
 Snyrtistofur.  
 Sólbaðsstofur.  
 Starfsmannabúðir.  
 Starfsmannabústaðir.  
 Sundstaðir.  
 Tannlæknastofur.  
 Tjald- og hjólhýsasvæði.  
 Útihátíðir.  
 Veitingastaðir.  
 Verslunarmiðstöðvar.  
 Vöruflutningamiðstöðvar.  
 Önnur sambærileg starfsemi.

46. gr.

*Innleiðing.*

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði.

47. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2017 nema k-liður 7. gr. (ný 16. gr. laganna) sem öðlast gildi 1. júlí 2018.

48. gr.

*Breyting á öðrum lögum.*

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, með síðari breytingum:

1. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
  - a. 2. másl. 4. mgr. fellur brott.

- b. Við bætast sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
- Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal stofnunin auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.
- Starfsleyfi skal veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar.
- Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.
- Útgefandi starfsleyfis skal innan fjögurra vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir við tillögur að starfsleyfi rann út taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfis. Skal umsækjanda um starfsleyfi og þeim sem athugasemdir hafa gert tilkynnt um afgreiðsluna.
- Útgefandi starfsleyfis skal hafa upplýsingar um umsóknir um starfsleyfi skv. 1. mgr., umsóknir um breytingu á starfsleyfi, starfsleyfi í endurskoðun, útgáfu starfsleyfa, endurskoðuð starfsleyfi, breytt starfsleyfi, kæruehimildir sem og aðrar viðeigandi upplýsingar á vefsvæði sínu.
- Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar, sbr. 43. gr.
2. Við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
- Gefa skal út starfsleyfi til tiltekins tíma. Útgefandi starfsleyfis skal endurskoða starfsleyfi reglulega, a.m.k. á 16 ára fresti.
3. Á eftir x-lið 43. gr. laganna koma fimm nýir staflíðir, y-ö-liður, svohljóðandi, og breytist röð liða samkvæmt því:
- y. viðmiðunarmörk, mælibúnað og eftirlit með honum, sbr. 64. gr.,
- z. upplýsingar sem útgefandi starfsleyfis á að hafa aðgengilegar á vefsvæði sínu, sbr. 14. gr.,
- þ. samræmi við viðmiðunarmörk, sbr. 63. gr. b,
- æ. hönnun, útbúnað, byggingu og starfrækslu brennslustöðva, sbr. 63. gr. c,
- ö. afhendingu og móttöku úrgangs, sbr. 63. gr. d.
4. 62. gr. laganna orðast svo:
- Í umsókn um starfsleyfi fyrir brennslustöð skal auk þess sem fram kemur í 15. gr. gera grein fyrir ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar til að tryggja að:
- a. brennslustöðin sé hönnuð, búin og verði haldið við og rekin með þeim hætti að kröfurnar sem til hennar eru gerðar verði uppfylltar,
- b. varminn, sem myndast við brennslu- og sambrennsluferlið, sé endurheimtur eftir því sem við verður komið til framleiðslu varma, gufu eða orku,
- c. dregið verði úr magni og skaðsemi ösku og hún endurunnin eftir því sem við á, og
- d. förgun ösku verði í samræmi við lög þessi.
5. Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:
- a. Við 1. másl. bætist: kröfur um pH-gildi, hitastig og rennsli að því er varðar frárennsli frá brennslustöð, sýnatöku- og mælingaaðferðir og leyfilegan hámarkstíma fyrir hvers konar tæknilega óumflýjanlegar stöðvanir, raskanir eða bilanir.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
- Umhverfisstofnun skal reglulega endurskoða starfsleyfi brennslustöðva og uppfæra ef nauðsyn krefur, sbr. einnig 14. gr.

6. Á eftir 63. gr. laganna koma fimm nýjar greinar, 63. gr. a – 63. gr. e, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (63. gr. a.)

*Bilun.*

Ef um bilun er að ræða skal rekstraraðili brennslustöðvar draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til brennslustöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný.

b. (63. gr. b.)

*Samræmi við viðmiðunarmörk.*

Líta skal svo á að farið sé að viðmiðunarmörkunum fyrir losun í andrúmsloft og vatn ef skilyrðin sem ráðherra kveður á um í reglugerð, sbr. 43. gr., eru uppfyllt.

c. (63. gr. c.)

*Rekstrarskilyrði.*

Brennslustöðvar skulu hannaðar, útbúnar, byggðar og starfræktar með þeim hætti að þær uppfylli kröfur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra er heimilt í reglugerð, sbr. 43. gr., að setja nánari ákvæði um hönnun, útbúnað, byggingu og starfrækslu brennslustöðva.

d. (63. gr. d.)

*Afhending og móttaka úrgangs.*

Rekstraraðili brennslustöðvar skal haga afhendingu og móttöku úrgangs eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 43. gr.

e. (63. gr. e.)

*Umtalsverð breyting.*

Breyting á starfsemi brennslustöðvar sem meðhöndlar aðeins hættulausan úrgang í brennslustöð sem felur í sér brennslu eða sambrennslu á hættulegum úrgangi telst umtalsverð breyting.

7. Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Á undan 1. mgr. koma sjö nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Stýra skal losun úrgangslöfts frá brennslustöðvum með reykþáf en hæð hans er reiknuð með það í huga að vernda heilsufar manna og umhverfið.

Losun út í andrúmsloftið frá brennslustöðvum skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. mgr.

Takmarka skal, eftir því sem við verður komið, losun skólps, sem fellur til við hreinsun úrgangslöfts, í vatnsumhverfi og styrkur mengunarefna skal ekki fara yfir viðmiðunarmörk í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. mgr.

Ekki má þynna skólp til að viðmiðunarmörk skv. 3. mgr. séu virt.

Svæði brennslustöðva skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir óheimila losun og losun sem verður fyrir slysi á hvers kyns mengandi efnum í jarðveg, yfirborðsvatn og grunnvatn.

Geymslurými skal vera til staðar fyrir mengað afrennsli regnvatns frá svæði brennslustöðvar eða fyrir mengað vatn sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa.

Brennslustöð skal ekki halda áfram að brenna úrgang lengur en í fjórar klukkustundir óslitið þegar farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir losun.

b. Á eftir 2. mgr. koma fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í brennslustöðvum skal vera sjálfvirkur mælibúnaður sem er háður eftirliti í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 13. mgr.

Umhverfisstofnun ákveður staðsetningu sýnatöku- eða mælipunkta sem nota skal fyrir vöktun losunar.

Rekstraraðili brennslustöðvar skal skrá allar niðurstöður vöktunar, vinna úr og setja fram með þeim hætti að Umhverfisstofnun geti sannreynt að farið sé að rekstrar-skilyrðum og viðmiðunarmörkum fyrir losun sem eru í starfsleyfinu.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar í reglugerð á um framkvæmd þessarar greinar, sbr. 43. gr.

---

*Samþykkt á Alþingi 1. júní 2017.*



## Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði. Samhliða eru lagðar til breytingar varðandi útgáfu starfsleyfa, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunarinnar.

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins, Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Umhverfisstofnun. Nánar er fjallað um samráð í 5. kafla.

### 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Megintilefni frumvarpsins er innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði. Tilskipunin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015. Ákvörðunin var tekin með stjórnskipulegum fyrirvara af hálfu Íslands. Alþingi samþykkti þingsályktun um afléttingu á stjórnskipulegum fyrirvara í maí 2016 og tók ákvörðunin gildi 1. ágúst 2016. Eftirlitsstofnun EFTA sendi aðvörun til Íslands í nóvember 2016 þar sem frestur Íslands til að innleiða tilskipunina var runninn út.

Um alllangt skeið hefur verið kallað eftir endurskoðun á lögum nr. 7/1998, einkum hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Í byrjun október 2015 skilaði starfshópur um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir umhverfis- og auðlindaráðherra greinargerð með hugmyndum starfshópsins og sviðsmyndum um breytingar á fyrirkomulagi við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögnum. Ráðuneytið telur með hliðsjón af þeim sviðsmyndum sem fram koma í greinargerðinni og reynslu við framkvæmd laganna nauðsynlegt að leggja til frekari breytingar á lögnum, einkum hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Ráðuneytið hefur hafið vinnu að slíku frumvarpi og áformar ráðherra að leggja það fram á næsta löggjafarþingi. Jafnframt er það mat ráðuneytisins að ráðast þurfi í heildarendurskoðun á lögnum og er gert ráð fyrir að sú vinna hefjist á næstu misserum. Í frumvarpinu sem hér liggur fyrir er þó lögð til ein breyting hvað varðar verkaskiptingu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda og varðar hún breytingu á útgáfu starfsleyfa eins og nánar er fjallað um í 3. kafla.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins varðar fyrst og fremst innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB um losun í iðnaði. Í öðru lagi er lögð til breyting á útgáfu starfsleyfa með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB.

#### *Tilskipun 2010/75/ESB.*

Tilskipun 2010/75/ESB um losun í iðnaði sameinar sjö eldri EES-gerðir um samþættar mengunarvarnir. Allar nema ein hafa verið teknar upp í EES-samninginn og innleiddar hér á landi. Tilskipun 2001/80/EB um takmörkun á losun tiltekinnar mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið, sem nær yfir brennsluver sem framleiða rafmagn og eru yfir 50MW afli, var ekki innleidd þar sem sú starfsemi hefur ekki verið hér á landi. Hin nýja tilskipun felur í sér endurútgáfu og uppfærslu á viðkomandi EES-gerðum þar sem tilgangurinn er sá að auka skýrleika reglnanna. Með tilskipun 2010/75/ESB er kveðið á um samþættar aðferðir við mengunarvarnir sem varða tiltekna mengandi starfsemi og gengur hún lengra en eldri tilskipanir. Tilskipunin byggist á heildstæðri nálgun þar sem taka skal tillit til umhverfisins í heild, þ.e. draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg við meðhöndlun

úrgangs og gera kröfur um orkunýtni og slysavarnir.

Markmið tilskipunar 2010/75/ESB er að koma í veg fyrir og takmarka mengun frá tiltekinni starfsemi, svo sem með því að setja losunarmörk fyrir tiltekin efni. Sem dæmi um starfsemi sem fellur undir tilskipunina eru stór málmíðnaður, álver, járnblendi, kísilver og þess háttar, stórir urðunarstaðir, stór sláturhús og svokallað þauleldi. Lagt er til að tilskipunin verði innleidd í heild sinni þó svo að tiltekin starfsemi sem tilskipunin tekur til sé ekki hér á landi, svo sem títtandíðnaður og stór brennsluver. Þannig er tekinn af allur vafi um það hvaða kröfur gildi um slíkan iðnað verði hann hér á landi síðar meir.

Meðal helstu nýmæla tilskipunarinnar eru ákvarðanir um bestu aðgengilegu tækni (BAT) og gildi þeirra með tilkomu svokallaðra niðurstaðna um bestu aðgengilegu tækni, þ.e. BAT-ákvarðanir (BAT Conclusions – BATC). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun, í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila, setja fram viðmið varðandi tiltekna starfsemi. Þessi viðmið verða sett sem sérstakar gerðir framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. BAT-ákvarðanir. Segja má að með þessu móti sé tæknilýsingum úr BAT snúið yfir í bein fyrirmæli og losunarmörk. Samkvæmt tilskipuninni skal vísað beint til viðeigandi BAT-ákvarðana í starfsleyfum fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að aðildarríkin eigi aðkomu að gerð framangreindra viðmiða og hefur Ísland því möguleika á að taka þátt í þróun þeirra. Nefna má að Ísland hefur í yfir 25 ár tekið virkan þátt í mótun BAT-viðmiða á vegum norræna ráðherranefndarinnar. Hluti af verkefnum norræna BAT-hópsins hefur verið að gera skýrslur sem sendar hafa verið til evrópsku IPPC-skrifstofunnar í Sevilla, Joint Research Centre, sem heldur utan um gerð BAT-viðmiða fyrir framkvæmdastjórn ESB og miðlun upplýsinga milli aðildarríkja ([eippcb.jrc.ec.europa.eu/about/](http://eippcb.jrc.ec.europa.eu/about/)) og vinnur nánar úr þeim í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2010/75/ESB varðandi tilvísunarskjöl um bestu aðgengilegu tækni og upplýsingaskipti. Skýrslur norræna BAT-hópsins hafa einkennst af áherslum Norðurlandanna.

Tilskipunin gerir ráð fyrir að tiltekin fyrirtæki skuli hafa leyfi frá lögbæru stjórnvaldi í viðkomandi aðildarríki en aðildarríkjum er þó heimilt að setja almenn leyfisskilyrði sem gilda um tiltekna starfsemi sem koma þá í stað leyfisútgáfu. Jafnframt er gert ráð fyrir að tiltekin starfsemi geti verið háð skráningarskyldu í stað leyfisútgáfu.

Samkvæmt tilskipuninni skulu lögbær stjórnvöld í hverju aðildarríki hafa eftirlit með starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar og eru settar fram lágmarkskröfur um hvernig því skuli til háttað.

Í tilskipuninni er rík áhersla lögð á tengsl við tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð, til að mynda með áherslu á vinnslu og skil á grunnskýrslum um ástand umhverfisins (e. baseline report). Þannig er gengið út frá því að við lok rekstrar séu gæði endurheimt, t.d. skal iðnaðarlóð skilað í sama ástandi og grunnskýrslan segir til um.

Í frumvarpinu eru helstu efnisatriði tilskipunarinnar innleidd og kveðið á um heimildir ráðherra til að útfæra tiltekin atriði nánar í reglugerð til þess að ljúka innleiðingu tilskipunarinnar.

### *Útgáfa starfsleyfa og skráningarskylda.*

Með hliðsjón af greinargerð starfshóps um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og stefnu ríkisstjórnarinnar um að bæta viðmót og aðgengi að stjórnslu er mikilvægt að endurskoða og leggja mat á þörfina fyrir að tiltekin starfsemi sé háð starfsleyfi. Í því samhengi þarf að skoða hvort aðrar leiðir en starfsleyfisveitingar séu mögulega færar til að ná fram markmiðum um mengunarvarnir og hollustuhætti, svo sem skráningarskylda. Fyrirtæki bera ábyrgð á að starfa í samræmi við gildandi löggiöf hverju sinni og hafa stjórnvöld m.a. það hlutverk að leiðbeina þeim um gildandi reglur. Telja verður að þeirri leiðbeiningarskyldu sé í einhverjum tilvikum unnt að sinna nógu vel án þess að starfsleyfisskylda sé til staðar. Stjórnvöld hafa síðan eftirlit með

starfseminni til að ganga úr skugga um að hún sé í samræmi við löggjöfina. Með hliðsjón af framangreindu er í frumvarpinu lagt til að dregið verði úr vægi starfsleyfisskyldu og miðað við að einungis verði gerð krafa um að starfsemi sé starfsleyfisskyld þegar þess er þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra hafi heimild til þess að kveða á um að tiltekin starfsemi skuli háð skráningarskyldu í stað starfsleyfis. Verði frumvarpið að lögum er því gert ráð fyrir að ráðuneytið, í samvinnu helstu hagsmunaaðila, fari yfir og meti í hvaða tilvikum skráningarskylda geti komið í stað starfsleyfis. Í frumvarpinu er einnig lagt til að allri starfsleyfisútgáfu verði sinnt af Umhverfisstofnun frá og með 1. janúar 2019. Lagt er til að Umhverfisstofnun taki við skráningum frá rekstraraðilum um rafræna gátt og upplýsi þá um þær reglur sem þeir þurfa að uppfylla. Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á framkvæmd eftirlits frá því sem nú er. Lagt er upp með að fyrirkomulag eftirlits verði endurskoðað í frumvarpi sem ráðherra áformar að leggja fram á næsta löggjafarþingi.

#### **4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til mats á samræmi við stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar en á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

#### **5. Samráð.**

Frumvarpið var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Ráðuneytið stofnaði óformlegan samráðshóp haustið 2015 með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Umhverfisstofnun í þeim tilgangi að ræða útfærslur í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB. Hópurinn hittist fimm sinnum og fékk nokkur drög að frumvarpinu til skoðunar og ræddi ýmis atriði frumvarpsins og mögulegar útfærslur. Auk þess fékk hópurinn til skoðunar drög að öðrum breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.a. um breytingar á fyrirkomulagi við framkvæmd eftirlits. Frumvarpið var síðan sett á vef ráðuneytisins til kynningar 15. janúar 2016 og var gefinn frestur til að koma að athugasemdum til 3. febrúar 2016. Frumvarpið var auk þess sent til umsagnar til Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og Umhverfisstofnunar. Ráðuneytinu bárust umsagnir um frumvarpið m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, einstökum heilbrigðisnefndum sveitarfélaga, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, Umhverfisstofnun og Isavia. Þá er rétt að geta þess að ráðuneytið hefur undanfarið fundað með nokkrum heilbrigðisnefndum, að þeirra ósk, og kynnt þá vinnu sem er í gangi varðandi hugsanlegar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Almennt má segja að það hafi einkum verið tvö atriði sem mest hafi verið fjallað um í umsögnum um frumvarpið. Hið fyrra var gagnrýni á fyrirhugaðar breytingar á útgáfu starfsleyfa og upptaka á skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Í nokkrum umsögnum var gagnrýnt að taka ætti upp skráningarskyldu og tekið fram að óþarfi væri að breyta núverandi kerfi sem hefur virkað vel að mati umsagnaraðila. Jafnframt var gagnrýnt að starfsleyfisútgáfa mundi færast til Umhverfisstofnunar frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Enn fremur var tekið fram í nokkrum umsögnum að nokkur óvissa væri um hvernig skráningarskyldan yrði útfærð í framkvæmd. Í tveimur umsögnum var tekið vel í að taka upp skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Ljóst er að skiptar skoðanir eru um það að taka upp skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Með hliðsjón af stefnu ríkisstjórnarinnar um að bæta viðmót og aðgengi að stjórnsýslu er lagt til í frumvarpinu að draga úr vægi starfsleyfisskyldu og taka upp skráningarskyldu í miðlæga rafræna gátt. Síðara atriðið snýr að breytingu á framkvæmd

eftirlits. Í frumvarpinu sem var birt til kynningar í janúar 2016 var lagt til að allt eftirlit með starfsleyfis- eða skráningarskyldri starfsemi yrði alfarið framkvæmt af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga í stað þess að það skiptist á milli þeirra og Umhverfisstofnunar. Af umsögnum sem bárust er ljóst að skiptar skoðanir eru um þessa skípan mála og í nokkrum þeirra var lagt til að haft yrði frekara samráð um þær breytingar. Á þessar röksemdir var fallist og er því ekki lögð til í frumvarpinu breyting á framkvæmd eftirlits að svo stöddu. Ráðherra áformar að leggja til breytingar á framkvæmd eftirlits með frumvarpi á næsta löggjafarþingi að undangengnu samráði við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Umhverfisstofnun og hlutaðeigandi haghafa.

## 6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna. Í frumvarpinu er lagt til að tilskipun 2010/75/ESB verði innleidd hér á landi. Tilskipunin byggist eins og áður segir á eldri tilskipunum um sama efni og hefur að meginstefnu ekki í för með sér auknar skyldur fyrir atvinnulífið. Það er einkum ný krafa um skýrslu um grunnástand lóðar sem mun hafa kostnaðaráhrif á atvinnulífið. Í frumvarpinu er lagt upp með að einfalda ferli við starfsleyfisveitingar með því að þær fari um eina miðlæga rafræna gátt. Auk þess er lagt upp með að draga úr vægi starfsleyfisskyldu og taka upp skráningarskyldu þess í stað. Við frumvarpsgerðina var haft að leiðarljósi að nýta þann sveigjanleika sem tilskipunin gefur færi á. Má þar nefna að lagt er til að gildistími starfsleyfa verði ótímabundinn og að ráðherra hafi heimild til þess að kveða á um skráningarskyldu í stað útgáfu starfsleyfa. Þó var í nokkrum tilvikum gengið lengra en tilskipunin gerir ráð fyrir og er þess getið sérstaklega í skýringum við einstakar greinar frumvarpsins. Á það einkum við um upplýsingar til almennings, svo sem birtingu eftirlitsskýrslna á vefsvæðum stjórnvalda.

Frumvarpið hefur áhrif á stjórnsýslu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Frumvarpið mun auka umfang vinnu Umhverfisstofnunar við útgáfu starfsleyfa og endurskoðun á starfsleyfum. Ekki er reiknað með þessu aukna umfangi í gildandi fjárlögum og ekki er gert ráð fyrir að það rúmist innan útgjaldaramma ráðuneytisins í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Kostnaður Umhverfisstofnunar vegna þessa er óverulegur eða um 5 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti gjöld til að mæta kostnaði við útgáfu starfsleyfa. Þannig verða engin fjárhagsáhrif hjá ríkissjóði af þessum sökum. Einnig þarf Umhverfisstofnun að hafa rafræna móttöku á umsóknum um starfsleyfi og skráningum frá rekstraraðilum. Enn fremur er aukið umfang hjá Umhverfisstofnun vegna aukinnar upplýsingagjafar á vefsvæði stofnunarinnar. Hjá stofnuninni eru til staðar upplýsinga- og skráningarsíður á netinu sem nota má í þessum tilgangi, svokallaðar „Mínar síður“, en auk þess er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun muni nýta sér rafrænar lausnir sem til eru hjá Þjóðskrá Íslands. Kostnaður er talinn óverulegur og rúmast innan núverandi fjárheimilda stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs haldist óbreytt verði frumvarpið samþykkt. Hjá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga mun frumvarpið leiða til þess að umsvif þeirra við útgáfu starfsleyfa minnkar á næstu misserum og falla niður frá og með 1. janúar 2019. Um leið geta nefndirnar lagt meiri áherslu á að sinna eftirliti með markvissari hætti. Þá er lagt til í frumvarpinu að auknar skyldur verði lagðar á heilbrigðisnefndir varðandi upplýsingagjöf til almennings, m.a. með birtingu eftirlitsskýrslna á vefsvæði þeirra.

Þá hefur frumvarpið áhrif á almenning þar sem lagðar eru auknar skyldur á stjórnvöld að hafa upplýsingar um tiltekin málefni á vefsíðum stjórnvalda.

*Um einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði nýju markmiði við nágildandi lög. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

#### Um 2. gr.

Í greininni er lögð til afmörkun á gildissviði laganna og að þau gildi ekki í ákveðnum tilvikum. Ákvæðið er efnislega samhljóða 2. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Sambærilegt ákvæði er að finna í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. I. viðauka við reglugerðina.

#### Um 3. gr.

Í greininni er að finna skilgreiningar á nýjum hugtökum í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er bætt við hugtakinu „eftirlitsaðili“ sem er haft um heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun. Tilgangurinn er fyrst og fremst að hafa eitt hugtak um þessi stjórnvöld til hægðarauka þegar fjallað er um þau. Í öðru lagi er lögð til efnisleg breyting á skilgreiningu á hugtakinu „besta fánlega tækni“. Lagt er til að breytt heiti verið notað um hugtakið, þ.e., „besta aðgengilega tækni“, einkum þar sem skammstöfunin BAT er notuð um þetta hugtak. Ákvæðið er efnislega samhljóða 10. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í þriðja lagi er lagt til að skilgreiningu á hugtökunum „stöð“ og „BAT-niðurstöður“ verði bætt við lögin. Ákvæðið er efnislega samhljóða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

#### Um 4. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögin heimild fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð skráningarskyldu. Að öðru leyti er vísað til skýringa í 3. kafla greinargerðarinnar og við c-lið 7. gr. frumvarpsins.

#### Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að 4. gr. a laganna, um starfsleyfi, verði felld brott vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu. Að öðru leyti er vísað til skýringa í 3. kafla greinargerðarinnar og við a–d-lið 7. gr. frumvarpsins.

#### Um 6. gr.

Í a-lið er lagt til að bætt verði við lögin heimild fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð skráningarskyldu. Að öðru leyti er vísað til skýringa í 3. kafla greinargerðarinnar og við c-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í b-lið er lögð til breyting á orðalagi í samræmi við breytta hugtakanotkun sem lögð er til í 3. gr. frumvarpsins.

Í c- og d-lið eru lagðar til breytingar á tilvísunum til greina laganna í samræmi við breytta númeraröðun greina sem lögð er til í frumvarpinu.

Í e-lið er lagt til að bætt verði við lögin nýjum heimildum fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð tiltekin ákvæði sem frumvarpið kveður á um. Að öðru leyti er vísað til skýringa á einstökum greinum frumvarpsins þar sem þessi ákvæði er að finna.

#### Um 7. gr.

*Um a-lið (6. gr.).*

Í a-lið eru lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi við útgáfu starfsleyfa eins og fram kemur í 3. kafla greinargerðarinnar. Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun gefi út öll starfsleyfi sem gefin verða út á grundvelli laganna. Samkvæmt núgildandi lögum eru það heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun sem gefa út starfsleyfi á grundvelli laganna. Þá er í frumvarpinu lagt til að tekin verði upp í áföngum skráningarskylda í stað útgáfu starfsleyfa í ákveðnum tilvikum, sbr. c-lið 7. gr. frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að unnt sé að taka upp skráningarskyldu fyrir flesta þá starfsemi sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. skýringar við c-lið 7. gr. frumvarpsins. Af þeim sökum er lagt til að Umhverfisstofnun gefi út þau starfsleyfi sem út af standa, þ.e. þau sem heilbrigðisnefndir sjá um samkvæmt núgildandi lögum, auk þess sem Umhverfisstofnun muni áfram gefa út starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem hún gefur nú þegar út starfsleyfi fyrir. Með því að hafa útgáfu starfsleyfa hjá einu stjórnvaldi er betur tryggt að sömu starfsleyfisskilyrði verði sett fyrir sambærileg fyrirtæki óháð hvar þau eru starfrækt á landinu. Í frumvarpinu er lagt til að frá og með 1. janúar 2019 verði öll útgáfa starfsleyfa hjá Umhverfisstofnun, sbr. 45. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á 4. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í a-lið er einnig lagt til að starfsleyfi skuli veitt starfsemi sem uppfyllir þær kröfur sem til hennar eru gerðar samkvæmt lögnum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Rétt þykir að hnykkja á því að stjórnvöldum ber að veita tiltekinni starfsemi starfsleyfi uppfylli hún þær kröfur sem til hennar eru gerðar. Ef stjórnvald telur að tiltekin starfsemi uppfylli ekki þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar skal það leiðbeina rekstraraðilanum um það sem á skortir og beina því til rekstraraðilans að bæta úr því. Hafi rekstraraðilinn brugðist við ábendingum stjórnvaldsins skal án undantekninga veita rekstraraðilanum starfsleyfi. Hafi rekstraraðilinn hins vegar ekki brugðist við ábendingum stjórnvaldsins getur komið til álita að hafna umsókn rekstraraðilans. Þó er rétt að hafa í huga að greinin á ekki við í þeim tilvikum sem ráðherra hefur kveðið á um skráningarskyldu, sbr. c-lið 7. gr. frumvarpsins. Um er að ræða innleiðingu á 5. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í a-lið er enn fremur lögð til breyting á gildistíma starfsleyfa. Samkvæmt núgildandi lögum skal gefa starfsleyfi út til tiltekins tíma. Í framkvæmd hafa starfsleyfi almennt verið gefin út til 12–16 ára í senn, en styttri gildistími þekkist einnig. Í tilskipun 2010/75/ESB er ekki gerð krafa um að starfsleyfi skuli hafa tiltekinn gildistíma heldur er lögð skylda á stjórnvöld að endurskoða starfsleyfin reglulega. Af þeim sökum er lagt til að gerð verði breyting á núverandi framkvæmd og lagt til í greininni að starfsleyfi verði ótímabundin. Hins vegar er lagt til að Umhverfisstofnun verði skylt að endurskoða starfsleyfi reglulega og a.m.k. á 16 ára fresti, sbr. j-lið 7. gr. frumvarpsins. Ljóst er að bæði gallar og kostir eru við nýtt fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpinu en telja verður að kostirnir séu fleiri en gallarnir. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skráningarskylda í stað útgáfu starfsleyfa verði tekin upp í áföngum og ekki er gert ráð fyrir tímamörkum við framkvæmd hennar, þ.e. rekstraraðili þarf einungis að skrá starfsemi sína einu sinni. Eftir að rekstraraðili hefur skráð starfsemi sína getur hann starfað svo framarlega sem hann uppfyllir hlutaðeigandi kröfur sem gilda um starfsemina. Með því að hafa starfsleyfi ótímabundin verður ekki gerður aðstöðumunur á starfsemi hvort hún sé starfsleyfisskyld eða skráningarskyld. Þá mun nýja fyrirkomulagið draga úr álagi á stjórnsýsluna vegna þess að ekki verður lengur þörf á undanþágu frá starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu og gildistími eldra starfsleyfis er runninn út. Í nýja fyrirkomulaginu mun starfsleyfi gilda á meðan Umhverfisstofnun er að endurskoða starfsleyfið og endurskoðað starfsleyfi tekur síðan við af eldra starfsleyfi þegar endurskoðun þess er lokið. Með þessu móti þurfa fyrirtæki ekki að eiga á hættu að starfa án starfsleyfis vegna þess að gildistími starfsleyfis hafi runnið út. Eftir sem áður þurfa rekstraraðilar að uppfylla þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar. Þá ber að taka fram að starfsleyfi segir ekki til um hversu lengi tiltekin starfsemi skuli vera á tilteknum stað heldur einungis hvaða kröfur eru gerðar til

starfseminnar á þessum tiltekna stað til þess að draga úr mengun frá starfseminni á staðnum. Rekstraraðili þarf að tryggja að hann geti verið með starfseminna á tilteknum stað með samningum við eiganda lóðar eða eiga lóðina sjálfur. Þá þarf starfsemin að vera í samræmi við skipulag. Uppsögn leigusamnings á lóð eða breytingar á skipulagi geta leitt til þess að starfsemin þurfi að víkja af tiltekinni lóð þrátt fyrir að rekstraraðilinn hafi starfsleyfi fyrir starfseminna þar.

*Um b-lið (7. gr.).*

Í b-lið er fjallað um hvernig standa skuli að útgáfu starfsleyfa og byggist ákvæðið að mestu leyti á 6. gr. núgildandi laga. Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á núverandi framkvæmd. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að einungis Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi frá og með 1. janúar 2019 eins og segir í a-lið 7. gr. frumvarpsins, sbr. 45. gr.

Í öðru lagi er áréttuð skylda rekstraraðila sem sækja um starfsleyfi að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um starfseminna komi fram í umsókn um starfsleyfi. Sambærilega kröfu er að finna í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um er að ræða skyldu sem lögð er á rekstraraðila og af þeim sökum er nauðsynlegt að hún hafi fullnægjandi lagastoð. Ákvæðinu er jafnframt ætlað að innleiða 12. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Ráðherra mun kveða á um nánari útfærslu á ákvæðinu í reglugerð.

Í þriðja lagi er lögð skylda á Umhverfisstofnun að hafa aðgengilegar upplýsingar um útgáfu starfsleyfa og önnur tilgreind atriði. Telja verður mikilvægt að hagsmunaaðilar og almenningur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um framangreind atriði til að auðvelda þeim að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við fyrirhugaðar ákvarðanir Umhverfisstofnunar. Um er að ræða innleiðingu á 24. og 25. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í frumvarpinu er lagt til að Umhverfisstofnun skuli hafa aðgengilegar upplýsingar um alla starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna, og því er gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar en krafist er á grundvelli skuldbindinga Íslands sem leiðir af EES-samningnum.

Í fjórða lagi er lagt til að stytta auglýsingatíma á tillögum að starfsleyfi úr átta vikum í fjórar vikur.

Þá er lagt til að Umhverfisstofnun auki við upplýsingagjöf sína svo sem varðandi útgáfu starfsleyfa. Þannig er gert ráð fyrir að umsóknir um starfsleyfi, umsóknir um breytingar á starfsleyfum og upplýsingar um endurskoðun á starfsleyfum verði gerðar aðgengilegar á vefsvæði Umhverfisstofnunar. Telja verður að með þessu móti ættu aðilar, sem hafa áhuga á endurskoðun tiltekins starfsleyfis, að hafa aukin tækifæri á að kynna sér fyrirhugaða útgáfu á starfsleyfi eða endurskoðun starfsleyfis og undirbúa sig fyrir að koma með athugasemdir við starfsleyfistillögu. Af þeim sökum ættu fjórar vikur að duga þeim aðilum sem vilja gera athugasemdir við útgáfu á starfsleyfi eða endurskoðun þess.

Að lokum er lagt til að Umhverfisstofnun skuli auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Samkvæmt núgildandi lögum skal Umhverfisstofnun auglýsa útgáfu starfsleyfa í Stjórnartíðindum. Talið er að ein helsta ástæðan fyrir framangreindri skyldu hafi verið sú að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um gildistöku tiltekinna starfsleyfa. Telja verður að unnt sé að ná fram framangreindu markmiði með öðrum hætti en með birtingu í Stjórnartíðindum. Af þeim sökum er lagt til að Umhverfisstofnun verði gert skylt að auglýsa á vefsvæði sínu útgáfu og gildistöku starfsleyfa. Almenningur mun því auðveldlega geta nálgast þessar upplýsinga á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

*Um c-lið (8. gr.).*

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi við útgáfu starfsleyfa, sbr. umfjöllun í 3. kafla greinargerðarinnar og skýringar við a-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til að ráðherra hafi heimild til að kveða á um að tiltekin starfsemi sé skráningarskyld í stað þess að vera starfsleyfisskyld. Gert er ráð fyrir að unnt sé

að taka upp skráningarskyldu fyrir flesta þá starfsemi sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir. Samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er ráðherra heimilt að gefa út lista yfir tiltekna starfsemi sem ekki er talin þörf á ítarlegri starfsleyfisgerð fyrir. Slíkur listi hefur verið birtur með auglýsingu nr. 582/2000. Umhverfisstofnun, í samráði við heilbrigðisnefndir, hefur gefið út samræmd starfsleyfisskilyrði sem gilda fyrir mismunandi starfsemi. Heilbrigðisnefndir hafa síðan vísað til samræmdra starfsleyfisskilyrða í starfsleyfum sem þær hafa gefið út. Í mörgum tilvikum bæta starfsleyfin ekki öðru við samræmdu starfsleyfisskilyrðin en upplýsingum um viðkomandi starfsemi, svo sem rekstraraðila, staðsetningu og umfang starfseminnar. Í öðrum tilvikum er frekari útfærsla í starfsleyfi viðkomandi starfsemi auk þess sem síðan er vísað til samræmdu starfsleyfisskilyrðanna sem gilda um viðkomandi rekstur. Af þeim sökum er raunhæft að ætla sem svo að unnt sé að útbúa almenn leyfisskilyrði sem gildi um tiltekna starfsemi og innihaldi kröfur eða tilvísanir til þeirra krafna sem til starfseminnar eru gerðar. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að ráðuneytið setji af stað vinnu við gerð almennra leyfisskilyrða í samráði við Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Í þeirri vinnu verður lagt mat á hvort viðkomandi starfsemi henti fyrir skráningarskyldu og ef svo er verður hafist handa við að útbúa almenn leyfisskilyrði. Fyrir einstaka starfsemi kunna að vera fyrir hendi gildar ástæður til að hafa starfsleyfi áfram.

Í öðru lagi er í greininni lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur fyrir starfsemi. Gert er ráð fyrir að útfærð verði í reglugerð almenn leyfisskilyrði sem gildi um tiltekna starfsemi og innihaldi kröfur eða tilvísanir til þeirra krafna sem til starfseminnar eru gerðar. Hér er einkum átt við almennar kröfur til þeirrar starfsemi sem verður skráningarskyld en ekki útilokað að heimildinni verði beitt í öðrum tilvikum, þ.e. þegar starfsemi er starfsleyfisskyld.

Í þriðja lagi er lagt til í greininni að rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar skuli skrá starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að rekstraraðili, sem hyggst starfrækja tiltekna starfsemi, skrái fyrirhugaða starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun í rafræna gátt. Gert er ráð fyrir að Umhverfisstofnun notist við sama kerfi og Þjóðskrá hefur komið á fót varðandi skráningu á heimagistingu hjá sýslumannsembættum. Rekstraraðili skráir sig inn í kerfið með Íslykli eða rafrænum skilríkjum og kerfið leiðir hann í gegnum skráningarferlið. Í ferlinu fær rekstraraðilinn leiðbeiningar um hvaða kröfur eru gerðar til fyrirhugaðrar starfsemi og þarf rekstraraðilinn að lýsa yfir að hann uppfylli þær við skráningu starfseminnar. Umhverfisstofnun staðfestir skráninguna og sendir upplýsingar um væntanlega starfsemi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd móttækur upplýsingar um skráningu rekstraraðilans frá Umhverfisstofnun og skráir rekstraraðilann á lista heilbrigðisnefndarinnar um eftirlitsskyld fyrirtæki. Heilbrigðisnefnd mun síðan hafa eftirlit með rekstraraðilum til þess að ganga úr skugga um að starfsemi hans sé í samræmi við löggjöf. Heilbrigðisnefnd ákveður hvenær hún framkvæmir fyrsta eftirlit með rekstraraðila eftir að skráning hans berst. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili geti hafið starfsemi um leið og hann hefur skráð starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun enda hafi hann þá uppfyllt þær kröfur sem til starfseminnar eru gerðar. Heilbrigðisnefnd gengur svo úr skugga um að svo sé og verði misbrestur á því getur nefndin grípið til viðeigandi þvingunarúræða.

*Um d-lið (9. gr.).*

Í d-lið er tilgreint hvaða atriði Umhverfisstofnun skuli tryggja að séu í starfsleyfi og verður það nánar útfært í reglugerð sem ráðherra setur. Um er að ræða innleiðingu á 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Skv. 14. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er aðildarríkjum heimilt að fela stjórnvöldum í vissum tilvikum að kveða á um starfsleyfisskilyrði. Af þeim sökum er lagt til að ráðherra geti ef þörf er á veitt Umhverfisstofnun heimild til að setja starfsleyfisskilyrði að uppfylltum skilyrðum sem fram komi í reglugerð sem ráðherra setur. Hér er um að ræða



valkvæða heimild sem verður ekki virk fyrr en kveðið hefur verið á um hana í reglugerð. Að lokum er kveðið á um hvaða atriði skuli að öðru leyti sett í starfsleyfi og eru þessi atriði efnislega samhljóða því sem er í núgildandi lögum.

*Um e-æ-lið (10.–32. gr.).*

Í e-æ-lið er lagt til að nýjum greinum verði bætt við lögin vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB. Ákvæðin byggjast að öllu leyti á tilskipuninni og eru efnislega samhljóða henni. Helstu efnisatriði tilskipunarinnar eru tekin upp í núgildandi lög og verða ákvæðin síðan nánar útfærð með reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli laganna.

Í e-lið (10. gr.) er um að ræða innleiðingu á 15. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í f-lið (11. gr.) er um að ræða innleiðingu á 16. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í g-lið (12. gr.) er um að ræða innleiðingu á 18. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í h-lið (13. gr.) er um að ræða innleiðingu á 19. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Samkvæmt tilskipun 2010/75/ESB mun framkvæmdastjórn Evrópusambandsins vinna að og gefa út niðurstöðu um bestu, aðgengilegu tækni, BAT-niðurstöðu, fyrir hlutaðeigandi starfsemi. Framkvæmdastjórnin mun gefa út framangreindar niðurstöður út í formi ákvarðana sem munu verða innleiddar hér á landi í formi reglugerðar sem ráðherra setur. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun birti niðurstöður um bestu, aðgengilegu tækni á vefsvæði sínu og/eða tilvísun til reglugerða sem innleiða framangreindar niðurstöður.

Í i-lið (14. gr.) er um að ræða innleiðingu á 20. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í j-lið (15. gr.) er um að ræða innleiðingu á 21. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í ákvæðinu er lögð til breyting á gildistíma starfsleyfa og er vísað til umfjöllunar um a-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í k-lið (16. gr.) er um að ræða innleiðingu á 22. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Líkt og kemur fram í 3. kafla greinargerðarinnar er hér um að ræða nýmæli og ný skylda lögð á tiltekinn rekstraraðila. Í greininni er fjallað um grunnskýrslu um ástand umhverfisins (e. baseline report) og er tilgangurinn með ákvæðinu að tryggja að við lok rekstrar séu gæði endurheimt, t.d. skal iðnaðarlöð skilað í sama ástandi og grunnskýrslan segir til um. Umhverfisstofnun er ætlað að setja ákvæði í starfsleyfi um lokun iðnaðarsvæðis þegar starfsemi er stöðvuð endanlega. Í ákvæðinu felst að Umhverfisstofnun þarf að meta hvort rekstraraðili hafi gripið til nauðsynlegra ráðstafana ef starfsemin hefur valdið umtalsverðri mengun samanborið við stöðuna sem staðfest er í grunnskýrslunni.

Í l-lið (17. gr.) er um er að ræða innleiðingu á 26. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í m-lið (18. gr.) er um er að ræða innleiðingu á 27. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Gert er ráð fyrir að núverandi stuðningur við nýsköpun hér landi á landi teljist nægjanlegur til þess að uppfylla ákvæði 27. gr. tilskipunar 2010/75/ESB og frumvarpið kalli ekki á frekari aðgerðir á þessu sviði.

Í n-lið (19. gr.) er um að ræða innleiðingu á 28. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í o-lið (20. gr.) er um að ræða innleiðingu á 29. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í p-lið (21. gr.) er um að innleiðingu á 30. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í q-lið (22. gr.) er um að ræða innleiðingu á 36. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Rétt er að benda á að skv. 32. gr. a laga um loftslagsmál er óheimilt að geyma koldíoxíð í jarðlögum, sérefnahagslögsögu og á landgrunni. Framangreint bann tekur þó ekki til verkefna í rannsóknar-, þróunar- eða prófunarskyni ef um er að ræða verkefni þar sem ætlunin er að geyma minna en samtals 100 kílótonn koldíoxíðs.

Í r-lið (23. gr.) er um að ræða innleiðingu á 37. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í s-lið (24. gr.) er um að ræða innleiðingu á 38. og 39. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í t-lið (25. gr.) er um að ræða innleiðingu á 40. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í u-lið (26. gr.) er um að ræða innleiðingu á 56. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í v-lið (27. gr.) er um að ræða innleiðingu á 58. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í x-lið (28. gr.) er um að ræða innleiðingu á 59. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í y-lið (29. gr.) er um að ræða innleiðingu á 62. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.  
Í z-lið (30. gr.) er um að ræða innleiðingu á 63. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.  
Í þ-lið (31. gr.) er um að ræða innleiðingu á 66. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.  
Í æ-lið (32. gr.) er um að ræða innleiðingu á 68.–70. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 8., 10., 14.–29., 31.–37. og 39.–44. gr.

Í þessum greinum eru lagðar til ýmsar breytingar sem tengjast breyttri kaflaskipan og nýjum greinum og röð greina, sem og fyrirsögnum, og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. b núgildandi laga utan þess að tilvísun til fylgiskjala með lögunum hefur verið breytt til samræmis við aðrar breytingar frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í a- og b-lið eru lagðar til breytingar á orðalagi til samræmis við breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í c-lið eru lagðar til breytingar á tilvísunum til greina laganna í samræmi við breytta númeraröðun greina sem lögð er til í frumvarpinu.

Um 12. gr.

Greinin er sett til innleiðingar á 9. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 13. gr.

*Um a–c-lið (38.–40. gr.).*

Í a–c-lið er lagt til að nýjum greinum verði bætt við lögin vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB. Ákvæðin byggjast að öllu leyti á tilskipuninni og eru efnislega samhljóða henni. Helstu efnisatriði tilskipunarinnar eru tekin upp í núgildandi lög og verða ákvæðin síðan nánar útfærð með reglugerð sem ráðherra setur á grundvelli laganna.

Í a-lið (38. gr.) er um er að ræða innleiðingu á 11. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í b-lið (39. gr.) er um að ræða innleiðingu á 7. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í c-lið (40. gr.) er um að ræða innleiðingu á 8. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 30. gr.

*Um a-lið (54. gr.).*

Í a-lið er lagt til að nýrri grein verði bætt við lögin um eftirlit.

Fyrstu tvær málsgreinar greinarinnar fela ekki í sér efnisbreytingar á núverandi fyrirkomulagi laganna. Atvinnurekstur sem fellur undir gildissvið laganna er háður eftirliti annaðhvort frá heilbrigðisnefndum eða Umhverfisstofnun og hafa eftirlitsaðilarnir heimildir til sýnatöku og að óska eftir upplýsingum.

Með frumvarpinu er ætlunin að skerpa á núverandi framkvæmd eftirlits með starfsemi sem fellur undir lögin, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB. Í 3. mgr. er lagt til að Umhverfisstofnun skuli gera eftirlitsáætlun sem taki til atvinnurekstrar sem fellur undir gildissvið laganna og skal áætlunin endurskoðuð reglulega og uppfærð eftir því sem við á. Þetta er nýmæli. Í 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er gerð krafa um að hvert aðildarríki

Evrópusambandsins útbúi eftirlitsáætlun sem nái til þeirrar starfsemi sem fellur undir gildissvið tilskipunarinnar. Gildissvið tilskipunarinnar er þrengra en gildissvið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar nái til allrar starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna, og því er gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar en krafist er á grundvelli skuldbindinga Íslands sem leiðir af EES-samningnum. Að mati ráðuneytisins er nauðsynlegt að eftirlitsáætlun stjórnvalda nái til allrar starfsemi sem heyrir undir lögin. Tíðni eftirlits er í dag grundvölluð á reglugerð um mengunarvarnaeftirlit, sem sett var árið 1999, og ákvörðuð við útgáfu starfsleyfis. Ljóst er að framkvæmd og tíðni eftirlits tekur ekki að öllu leyti nægjanlega mikið tillit til þeirrar áhættu sem stafar af viðkomandi starfsemi. Af þeim sökum er lagt til að unnin verði eftirlitsáætlun af Umhverfisstofnun sem taki mið af þeirri áhættu sem stafar af viðkomandi starfsemi og tíðni eftirlits verði ákvörðuð með hliðsjón af áhættunni. Í 3. mgr. 23. tilskipunar 2010/75/ESB eru tilgreind þau atriði sem eiga að vera hluti af eftirlitsáætlun og mun það verða útfært í reglugerð sem ráðherra setur.

Í 4. mgr. er lagt til að eftirlitsaðilar, þ.e. heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, geri reglulega áætlanir, á grundvelli eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar, um reglubundið eftirlit með atvinnurekstri sem tilgreindur er í viðauka I–V, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Heilbrigðisnefndir og Umhverfisstofnun munu skipuleggja tíðni eftirlits með hliðsjón af þeim viðmiðum sem fram koma í lögnum og í eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar. Í 4. mgr. 23. tilskipunar 2010/75/ESB eru tilgreind þau atriði sem taka á mið af við gerð áætlunar um reglubundið eftirlit á grundvelli eftirlitsáætlunar Umhverfisstofnunar. Ráðherra mun kveða á um þessi atriði í reglugerð.

Í 5. mgr. er lagt til að eftirlitsaðili skuli eftir hverja vettvangsheimsókn taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi reglufylgni starfseminnar við leyfisskilyrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Ekki er um að ræða efnislega breytingu á núverandi fyrirkomulagi við framkvæmd eftirlits. Með frumvarpinu er ætlunin að kveða skýrar á um núverandi framkvæmd í lögnum, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB. Jafnframt er í greininni lagt til að skýrslan verði gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila. Í 6. mgr. 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB er kveðið á um að eftirlitsskýrslur varðandi atvinnurekstur sem fellur undir viðauka I, sbr. 46. gr. frumvarpsins, skuli gerðar aðgengilegar fyrir almenning. Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsskýrslur varðandi atvinnurekstur sem fellur undir lögin skuli gerðar aðgengilegar og því er gengið lengra í innleiðingu tilskipunarinnar en krafist er á grundvelli skuldbindinga Íslands sem leiðir af EES-samningnum. Hafa verður í huga að unnt er að óska eftir aðgengi að eftirlitsskýrslum á grundvelli upplýsingalaga og um nokkurt skeið hefur Umhverfisstofnun birt eftirlitsskýrslur á vefsvæði sínu. Að mati ráðuneytisins mun opinber birting á niðurstöðum eftirlits skapa aukið traust á fyrirkomulagi eftirlits og stuðla enn frekar að því að fyrirtæki kappkosti að framfylgja gildandi löggjöf.

Greinin er sett til innleiðingar á 23. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

*Um b-lið (55. gr.).*

Í b-lið er fjallað um viðbrögð eftirlitsaðila við frávikum í starfsemi rekstraraðila. Ekki er um að ræða efnisbreytingu á núverandi framkvæmd við eftirlit enda gerir núverandi fyrirkomulag ráð fyrir að atvinnurekstur sem fellur undir lögin sé háður eftirliti annaðhvort frá heilbrigðisnefndum eða Umhverfisstofnun. Ef eftirlit framangreindra aðila leiðir í ljós að einhverju sé ábótavant í hlutaðeigandi starfsemi hafa stjórnvöldin gert athugasemdir og eftir atvikum beitt þvingunarúrræðum til þess að bætt hafi verið úr ágöllum. Með frumvarpinu er ætlunin að kveða skýrar á um núverandi framkvæmd í lögnum, m.a. með hliðsjón af innleiðingu tilskipunar 2010/75/ESB. Um er að ræða innleiðingu á 8. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Um 38. gr.

Í greininni er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 28. gr. gildandi laga. Málsgreinin er samhljóða 6. gr. e laganna en þeirri grein er breytt með 12. gr. frumvarpsins. Betur fer á að hafa málsgreinina í kaflanum um þvingunarúrræði þar sem hún fjallar um heimildir heilbrigðisnefnda til að beita þvingunarúrræðum þegar um er að ræða færanlega starfsemi sem er stunduð á svæði nefndarinnar og er með starfsleyfi gefið út á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði.

Um 45. gr.

Líkt og rakið er í 3. kafla greinargerðarinnar, sem og skýringum við a-lið 7. gr. frumvarpsins, þarf að undirbúa upptöku skráningarskyldu í stað starfsleyfa. Af þeim sökum er lagt til að óbreytt fyrirkomulag verði á útgáfu starfsleyfa til og með 31. desember 2018. Jafnframt er lagt til að heilbrigðisnefndir afgreiði þær umsóknir um starfsleyfi sem berast þeim fyrir 1. janúar 2019, þ.e. til og með 31. desember 2018.

Um 46. gr.

Í greininni er lagt til að fylgiskjöl I–III við löginn falli brott. Í stað þeirra koma fimm nýir viðaukar, sbr. 47. gr. frumvarpsins.

Í viðauka I er tilgreindur atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka I með tilskipun 2010/75/ESB. Í viðauka II er tilgreindur atvinnurekstur, sem er ekki að finna í viðauka I með tilskipun 2010/75/ESB og er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi lögum og Umhverfisstofnun veitir starfsleyfi. Í viðauka III er tilgreindur atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka VII með tilskipun 2010/75/ESB. Í viðauka IV er tilgreindur atvinnurekstur sem er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi lögum og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita starfsleyfi. Viðaukinn er samhljóða fylgiskjali 2 með reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Í viðauka V er tilgreindur atvinnurekstur sem er starfsleyfisskyldur samkvæmt núgildandi lögum og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veita starfsleyfi. Viðaukinn er samhljóða fylgiskjali III með núgildandi lögum.

Um er að ræða innleiðingu á viðauka I og VII með tilskipun 2010/75/ESB.

Um 47. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 48. gr.

Lagt er til að löginn öðlist gildi 1. júlí 2017 fyrir utan eitt ákvæði laganna. Í k-lið 7. gr. frumvarpsins er lagt til að rekstraraðili skuli gera skýrslu um grunnástand. Rétt þykir að að gefa rekstraraðilum aðlögunartíma áður en þessi skylda verður á þá lögð. Af þeim sökum er lagt til að rekstraraðili þurfi ekki að taka saman skýrslu um grunnástand eða grípa til nauðsynlegra ráðstafana fyrr en eftir 1. júlí 2018.

Um 49. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, vegna innleiðingar á tilskipun 2010/75/ESB og samsvarandi breytingar á útgáfu starfsleyfa, endurskoðunar starfsleyfa og heimildar ráðherra til að kveða á um skráningarskyldu og lagðar

eru til í frumvarpinu varðandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 1. og 2. tölul. eru lagðar til breytingar á 14. og 16. gr. laganna til samræmis við aðrar breytingar í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á útgáfu starfsleyfa og endurskoðun þeirra og að skráningarskylda komi í stað starfsleyfa í ákveðnum tilvikum. Um þessi atriði er vísað til umfjöllunar í 3. kafla greinargerðarinnar sem og skýringa við a-lið 7. gr. frumvarpsins.

Í 3. tölul. er lagt til að bætt verði við löginn nýjum heimildum fyrir ráðherra að útfæra nánar í reglugerð þau atriði sem eru tilgreind í greininni.

Í 4. tölul. er lagt til að 62. gr. laganna verði breytt og bætt við hana tilteknum atriðum sem gerð er grein fyrir í greininni. Um er að ræða innleiðingu á 44. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.


Í 5. tölul. er lagt til að 63. gr. laganna verði breytt og við hana bætt tilteknum atriðum sem gerð er grein fyrir í greininni. Um er að ræða innleiðingu á 45. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 6. tölul. er lagt til að fimm nýjum greinum verði bætt við löginn. Í a-lið er um að ræða innleiðingu á 47. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í b-lið er um að ræða innleiðingu á 49. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í c-lið er um að ræða innleiðingu á 50. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í d-lið er um að ræða innleiðingu á 52. gr. tilskipunar 2010/75/ESB. Í e-lið er um að ræða innleiðingu á 54. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 7. tölul. er lagt til að 64. gr. laganna verði breytt og við hana bætt tilteknum atriðum sem gerð er grein fyrir í greininni. Um er að ræða innleiðingu á 46. og 48. gr. tilskipunar 2010/75/ESB.

Í 8. tölul. er lagt til að nýtt ákvæði til bráðabirgða bætist við löginn. Líkt og rakið er í 3. kafla greinargerðarinnar, sem og skýringum við a-lið 7. gr. frumvarpsins, þarf að undirbúa upptöku skráningarskyldu í stað starfsleyfa. Af þeim sökum er lagt til að óbreytt fyrirkomulag verði á útgáfu starfsleyfa til og með 31. desember 2018. Jafnframt er lagt til að heilbrigðisnefnd afgreiði þær umsóknir um starfsleyfi sem hafi borist til nefndarinnar fyrir 1. janúar 2019, þ.e. til og með 31. desember 2018.

**Deloitte.**



## **Reykjavíkurborg**

Greining á þróun Airbnb íbúða í höfuðborginni

Maí 2017

# Efnisyfirlit



Inngangur og afmörkun



Niðurstöður mælinga



Samantekt

# Inngangur og afmörkun verkefnis

## Hvað var beðið um og hvað leyfa gögnin

### Verkefni sem Deloitte var falið:

- Greina skal og brjóta niður á hverfi og tíma
  - A) fjölda skráðra Airbnb íbúða
  - B) Meðalverð/Leigugjald pr dag á Airbnb íbúðir í Reykjavík
- Sýna skal nústöðu (nýjustu gögn) og þróun yfir tíma (aftur til 2014-10)
- Aðeins skal horfa á virka eignir

### Afmörkun:

- Virkar eignir eru skilgreindar svona:
  - Virk eign = Eign hefur skapað leigutekjur í viðk. mánuði EÐA á hana eru bókaðir dagar
  - Óvirk eign = Hvorki skráðar tekjur á viðkomandi eign í mánuði NÉ fráteknir dagar
- Elstu gögn ná aftur til september 2014
- Nýjustu gögn eru síðan mars 2017
- Aðeins eru skoðuð hverfi sem tilheyra Reykjavík
  - Athugið að einstaka eignir eru ekki flokkaðar niður á hverfi. Þær eignir eru merktar „Reykjavík“ en ekki ákveðnu hverfi.


### Hverfi til skoðunar:

Svæði	Hverfi
Reykjavík	Árbær
	Breiðholt
	Grafarvogur
	Háaleiti og Bústaðir
	Hlíðar
	Laugardalur
	Miðbær
	Reykjavík
	Vesturbær



# Heildarfjöldi leigurýma pr tímabil

## Án niðurbrots




### Greining

- Sveiflur á milli árstíma virðast minnka á milli 2015 og 2016
- Að hámarki voru 2.622 einingar virkar í útleigu árið 2016 (ágúst)

# Fjölgun leigurýma á milli tímabila

T.d. Jan 2015 sbr við Jan 2016 = 330% aukning




## Greining

- Aukning milli tímabila fer minnkandi
- Aukning á milli tímabilana Jan15 og Jan16 var 330%
- Aukning á milli tímabilana Jan16 og Jan17 var 176%

# Heildarfjöldi leigurýma pr tímabil

## Flokkað eftir tegund rýmis






### Greining

- Stærstur hluti allra eininga í útleigu tilheyrir flokknum heimili eða einkarými.
- Flokkurinn „deilirými“ í algerum minnihluta.

# Heildarfjöldi leigurýma pr tímabil

## Flokkað eftir hverfum



# Gagnatafla fyrir rit á glærum 4-7

## Heildarfjöldi leigurýma – Aðeins virk rými (sjá skilgreiningu)

Eignir pr tegund og tímabil

Ár	Mán	Heimili	Einkarými	Deilirými
2015	Janúar	307	107	3
	Febrúar	289	109	2
	Mars	328	122	3
	Apríl	354	127	3
	Maí	550	200	11
	Júní	777	263	13
	Júlí	933	296	15
	Ágúst	1040	356	20
	September	832	317	11
	Október	680	218	7
	Nóvember	852	262	12
	Desember	1067	321	18
2016	Janúar	1039	315	24
	Febrúar	964	309	10
	Mars	1115	364	16
	Apríl	1054	360	20
	Maí	1399	510	45
	Júní	1791	629	60
	Júlí	1931	636	46
	Ágúst	1893	676	53
	September	1595	634	59
	Október	1469	574	37
	Nóvember	1438	591	38
	Desember	1806	640	48
2017	Janúar	1752	638	41
	Febrúar	1453	523	37
	Mars	1465	566	37

Eignir pr tímabil og fjölgun milli tímabila


Ár	Mán	Fjöldi	Aukning
2015	Janúar	417	
2015	Febrúar	400	
2015	Mars	453	
2015	Apríl	484	
2015	Maí	761	
2015	Júní	1053	
2015	Júlí	1244	
2015	Ágúst	1416	
2015	September	1160	
2015	Október	905	
2015	Nóvember	1126	
2015	Desember	1406	
2016	Janúar	1378	330%
2016	Febrúar	1283	321%
2016	Mars	1495	330%
2016	Apríl	1434	296%
2016	Maí	1954	257%
2016	Júní	2480	236%
2016	Júlí	2613	210%
2016	Ágúst	2622	185%
2016	September	2288	197%
2016	Október	2080	230%
2016	Nóvember	2067	184%
2016	Desember	2494	177%
2017	Janúar	2431	176%
2017	Febrúar	2014	157%
2017	Mars	2068	138%

Eignir pr tímabil og hverfi

Ár	Mán	Árbær	Breiðholt	Grafarvogur	Háaleiti og Bústaðir	Hliðar	Laugardalur	Miðbær	Reykjavík	Vesturbær
2015	Janúar	2	1	3	22	54	30	227	7	71
	Febrúar	0	1	4	12	48	20	237	7	71
	Mars	0	1	4	20	54	31	259	9	75
	Apríl	2	0	4	20	67	38	265	9	79
	Maí	7	10	11	27	126	75	361	12	132
	Júní	16	17	13	43	177	110	453	23	201
	Júlí	19	22	24	48	214	125	504	28	260
	Ágúst	23	32	26	66	248	144	560	33	284
	September	18	21	17	47	204	112	482	26	233
	Október	9	11	13	25	148	79	421	23	176
	Nóvember	12	11	13	34	183	76	537	26	234
	Desember	21	21	21	51	224	111	623	33	301
2016	Janúar	19	20	20	52	220	112	611	38	286
	Febrúar	13	19	22	35	212	90	591	30	271
	Mars	13	25	25	57	249	114	664	39	309
	Apríl	18	20	28	44	255	116	619	28	306
	Maí	25	36	47	75	367	169	783	51	401
	Júní	38	53	61	106	453	243	921	69	536
	Júlí	39	59	66	103	504	243	952	78	569
	Ágúst	42	60	70	103	501	244	964	77	561
	September	31	48	53	87	437	207	873	63	489
	Október	35	44	51	83	392	180	807	55	433
	Nóvember	31	51	51	89	401	183	802	46	413
	Desember	41	64	57	126	458	238	938	70	502
2017	Janúar	42	62	61	119	448	241	914	62	482
	Febrúar	33	55	61	98	333	193	793	50	398
	Mars	34	51	56	100	351	199	831	47	399

# Þróun dagleigu í ISK og USD pr tímabil


Trendlínur sýna línulega nálgun fyrir USD og ISK verð fyrir dagleigu



## Greining

- USD dagleiga fer að meðaltali hækkanði. Hallatala línulegrar nálgunar er 0,63. Þ.e. á hverju tímabili hækkar leigan að meðaltali um sem nemur 0,6 USD.
- Raunvirði ISK dagleigu fer lítillega lækkandi. Hallatala línulegrar nálgunar er -10,7. Þ.e. að meðaltali hefur leiga í ISK lækkað um 10 kr við hvert nýtt tímabil.
- Hækkanði USD eiga hefur ekki náð að vinna upp ISK krónu sem er að styrkjast
- Greina má nokkrar árstíðar-sveiflur í verðlagningu, sérstaklega á árinu 2016

# Samanburður á dagleigu á milli helstu hverfa Reykjavíku Niður á tímabil




## Greining

- Grafið sýnir meðalverð leigurýmis óháð tegund þess.
- Leigurými í miðborg Reykjavíkur merkjanlega dýrara en önnur hverfi.
- Sambærilega fylgni milli tímabila og verðs má sjá í öllum hverfum.
- Auðsjánleg verðsveifla yfir sumartíma 2016 sem ekki er sjáanleg 2015

# Samanburður á dagleigu eftir tegund leigurýmis

## Niður á tímabil




### Greining

- Grafið sýnir meðalverð leigurýmis óháð tegund þess.
- Leigurými í miðborg Reykjavíkur merkjanlega dýrara en önnur hverfi.
- Verðsveiflur varla merkjanlegar árið 2015 en augljósar árið 2016



# Heildartekjur sem skapast hafa af útleigu á Airbnb Niður á tímabil, tölur í ISK



© 2017 Deloitte ehf.

## Greining

- Heildartekjur af leigu Airbnb rýma árið 2016 = 6,8mía
- Heildartekjur af leigu Airbnb rýma árið 2015 = 2,5mía
- Tæplega þreföld tekjuaukning fyrir leigusala í Reykjavík

# Gagnatafla fyrir rit á glærum 9-11

## Dagleiga og heildartekjur – Aðeins virk rými (sjá skilgreiningu)

Dagleiga (ISK og USD) pr tímabil

Ár	Mán	Dagleiga ISK	Dagleiga USD	Mánaðar gengi USD
2014	September	15.517	130,38	119,01
	Október	16.125	133,46	120,82
	Nóvember	16.942	137,06	123,61
	Desember	16.993	135,99	124,96
2015	Janúar	18.619	141,51	131,57
	Febrúar	18.490	140,05	132,03
	Mars	18.560	135,65	136,82
	Apríl	18.005	132,25	136,15
	Maí	18.204	137,37	132,52
	Júní	18.179	137,43	132,28
	Júlí	18.366	137,05	134,01
	Ágúst	18.418	139,75	131,79
	September	16.999	132,65	128,15
	Október	16.284	128,84	126,39
	Nóvember	17.317	132,08	131,11
	Desember	18.342	141,03	130,06
2016	Janúar	17.233	132,30	130,26
	Febrúar	16.084	125,39	128,27
	Mars	16.216	127,72	126,97
	Apríl	15.481	125,02	123,83
	Maí	16.865	136,39	123,65
	Júní	18.731	151,88	123,33
	Júlí	19.268	157,92	122,01
	Ágúst	18.673	158,45	117,85
	September	16.665	145,14	114,82
	Október	16.101	141,08	114,13
	Nóvember	15.475	137,81	112,29
	Desember	18.576	165,08	112,53
2017	Janúar	17.732	155,01	114,39
	Febrúar	16.854	151,10	111,54
	Mars	16.553	151,64	109,16

ISK dagleiga pr tegund rýmis

Ár	Mán	Deili rými	Einka rými	Heimili
2014	September	5.296	10.306	18.385
	Október	7.128	8.059	19.471
	Nóvember	6.057	8.669	20.274
	Desember	6.186	9.111	19.697
2015	Janúar	6.052	9.242	22.010
	Febrúar	6.535	9.406	21.999
	Mars	6.294	9.460	22.056
	Apríl	5.866	9.297	21.233
	Maí	4.892	9.407	21.669
	Júní	5.289	9.716	21.259
	Júlí	5.696	9.585	21.356
	Ágúst	6.126	9.906	21.568
	September	4.651	8.915	20.242
	Október	3.682	7.952	19.085
	Nóvember	4.060	8.552	20.199
	Desember	5.295	9.123	21.336
2016	Janúar	5.661	8.443	20.165
	Febrúar	4.212	8.094	18.768
	Mars	4.322	8.346	18.956
	Apríl	4.777	7.898	18.275
	Maí	5.375	8.895	20.139
	Júní	7.340	10.001	22.178
	Júlí	7.296	10.207	22.538
	Ágúst	7.639	9.940	22.101
	September	6.020	9.440	19.930
	Október	5.655	8.715	19.250
	Nóvember	5.625	8.592	18.564
	Desember	6.805	9.557	22.085
2017	Janúar	5.972	9.069	21.162
	Febrúar	5.585	8.727	20.047
	Mars	7.086	8.847	19.770

ISK dagleiga – samanburður RVK hverfa

Ár	Mán	Hliðar	Laugar dalur	Miðbær	Vestur bær
2014	September	14.568	10.552	16.404	17.287
	Október	14.766	13.305	17.833	13.798
	Nóvember	15.469	15.627	18.544	14.310
	Desember	15.181	14.247	18.306	15.468
2015	Janúar	15.667	17.233	20.934	15.427
	Febrúar	14.595	15.030	20.599	15.930
	Mars	16.024	15.603	20.642	15.359
	Apríl	15.599	16.086	19.552	16.762
	Maí	16.037	17.735	20.327	16.519
	Júní	16.361	15.991	20.295	17.753
	Júlí	16.420	15.862	20.617	18.037
	Ágúst	17.106	15.273	20.762	18.585
	September	15.302	13.234	19.718	16.320
	Október	14.683	12.381	18.123	15.789
	Nóvember	14.603	13.082	19.462	17.307
	Desember	16.153	15.149	20.315	18.519
2016	Janúar	14.868	14.463	19.069	17.455
	Febrúar	14.086	14.032	17.567	16.246
	Mars	14.712	14.052	17.859	16.085
	Apríl	13.316	13.005	16.882	15.898
	Maí	14.869	13.711	19.280	16.813
	Júní	16.805	15.469	21.633	18.503
	Júlí	16.813	16.026	22.749	18.633
	Ágúst	16.250	15.320	21.883	18.216
	September	14.977	13.661	19.117	16.610
	Október	14.291	12.894	18.757	15.775
	Nóvember	14.214	12.293	17.893	15.644
	Desember	16.256	16.210	21.089	18.561
2017	Janúar	16.293	14.741	20.326	17.648
	Febrúar	15.305	13.453	19.104	17.063
	Mars	14.611	13.979	18.937	16.521

Heildartekjur leigusala

Ár	Mán	Mánaðar tekjur
2014	September	64.747.645
	Október	51.407.512
	Nóvember	76.563.009
	Desember	67.246.504
2015	Janúar	65.907.277
	Febrúar	86.315.514
	Mars	108.139.933
	Apríl	97.025.843
	Maí	176.379.148
	Júní	275.062.762
	Júlí	359.803.091
	Ágúst	392.775.918
	September	258.972.326
	Október	169.114.125
	Nóvember	212.088.394
	Desember	256.770.800
2016	Janúar	219.112.236
	Febrúar	310.836.769
	Mars	373.234.907
	Apríl	321.893.920
	Maí	534.797.239
	Júní	791.670.768
	Júlí	933.265.969
	Ágúst	956.305.788
	September	649.814.124
	Október	556.958.957
	Nóvember	493.928.829
	Desember	646.993.043
2017	Janúar	547.003.753
	Febrúar	595.416.728
	Mars	645.389.461



Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee ("DTTL"), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as "Deloitte Global") does not provide services to clients. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte's more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

© 2016. For information, contact Deloitte Touche Tohmatsu Limited.



Í samvinnu við:



## Ferðapjónusta í Reykjavík Áhrif á húsnæðis- og vinnumarkað

Unnið fyrir Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar  
Febrúar 2017

þekkingarleit -ar kv

1 að afl... tta, það ar

vilja v... e-u

að f...

þekking

fróðleiksás

árangur áran

úr... ha

þó... (bera, gefa) góðan árangur > anek > áran

þóttun 2 / árferði virðing -ar, -ar kvk 1 mat,

það meta til verðs 2 álit, heiður • það að virða > njót

virðingar / sýna e-m virðingu / bera virðingu fyrir e-u eð

for|skot НК 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi

ur fram yfir keppinauta sína þegar hann fær t.d. að byrja fy

er tekist að komast fram úr þeim > 100 metra forskot / 1

for|skot / hafa gott forskot vera fremstur > hafa yfirburði 3 þa



16359

S:\2016\16359\1\Greinagerð\grg170217-ferðapjónusta húsnæðis og vinnumarkaður.docx

Febrúar 2017

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
2	28.1.2017	Sbo/Alytica		
3	30.1.2017	SBO/Alytica	SBo	
4	31.1.2017	SBO/Alytica		
5	17.2.0201	SBO/Alytica	SBo, YH,	SBo

## Fyrirvari

*Skýrsla þessi er unnin fyrir Reykjavíkurborg. Upplýsingar sem hér koma fram eru byggðar á heimildum sem taldar eru áreiðanlegar þegar þeirra var aflað. Höfundar skýrslunnar taka ekki ábyrgð á viðskiptum á grundvelli efnis eða greiningar þeirra upplýsinga sem hér koma fram. Upplýsingar og skoðanir kunna að breytast án fyrirvara.*

## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Samantekt</b>	<b>3</b>
1.1	Ferðamenn	3
1.2	Gististaðir, nýting og gistinætur	3
1.3	Vinnumarkaður og mannfjöldapróun	4
1.4	Húsnæði	4
<b>2</b>	<b>Inngangur</b>	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>Forsendur</b>	<b>5</b>
3.1	Fjöldi ferðamanna	5
3.1.1	<i>Þróun síðustu ára</i>	5
3.1.2	<i>Gögn og aðferð</i>	5
3.1.3	<i>Vöxtur í fjölda ferðamanna heldur áfram</i>	5
3.2	Fjöldi gistinátta	7
3.2.1	<i>Meira lýsandi mælikvarði en fjöldi ferðamanna</i>	7
3.2.2	<i>Nýting er heilbrigðismælikvarði</i>	8
3.2.3	<i>Þróunin í fjölda gistinátta</i>	9
3.3	Framboð gistirýma	11
3.3.1	<i>Breytingar frá ári til árs</i>	11
3.3.2	<i>Árstíðabundnar breytingar</i>	12
<b>4</b>	<b>Áhrif á vinnumarkað</b>	<b>12</b>
4.1	Fjöldi starfa í ferðapjónustu	12
4.2	Þáttur innflytjenda	13
4.3	Óbein áhrif vegna mannvirkjagerðar	14
<b>5</b>	<b>Áhrif á húsnæðismarkað</b>	<b>15</b>
5.1	Breytingar í nýtingu húsnæðis	15
5.1.1	<i>Staðbundnar breytingar á íbúafjölda</i>	15
5.1.2	<i>Mannfjöldapróun í borginni allri</i>	16
5.2	Áhrif deilihagkerfis á húsnæðisframboð	17
5.2.1	<i>Ábati af útleigu íbúðahúsnæðis til ferðamanna</i>	19
5.2.2	<i>Fjöldi gistinátta sem þarf til að veða upp fórnarkostnað.</i>	20
5.3	Ný lög um útleigu gistirýma	21
5.3.1	<i>Efni lagabreytinganna</i>	21
5.3.2	<i>Áhrif nýrra laga á skráð gistirými</i>	22
5.3.3	<i>Áhrif dómsmáls á skammtímaleigu íbúða í fjölbýli til ferðamanna</i>	25
5.4	Möguleg samantekin áhrif á húsnæðismarkaðinn	25

## 1 Samantekt

### 1.1 Ferðamenn

Árið 2020 eru metnar 90% líkur á að fjöldi ferðamanna liggi á bilinu 3,2-5,9 milljóna ferðamanna og er væntigildið 4,3 milljónir. Byggir það á greiningu í fjölda koma aftur til árisins 2002. Væntigildið sýnir 39% vöxt í komu ferðamanna á komandi ári frá frá fyrra ári, 20% á árinu 2018, 17% árið 2019 og 23% vexti árið 2020.

Tölfræðileg greining á fyrri frammistöðu gefur ekki annað til kynna en að áframhaldandi vöxtur verði á fjölda ferðamanna til landsins þótt vitað sé að bakslag sé vel mögulegt. Verðlagsáhrif vegna gengis virðast hafa áhrif með tveggja ára töl. Ávöxtunarkrafa eiginfjár og skuldabréfa hafa einnig áhrif á verðlag og hefur væntanlega svipaða töl og áhrif.

Vægi einstakra upprunalda getur haft mikil áhrif á útkomuna. Bretar og Bandaríkjamenn hafa mikið vægi í fjölda ferðamanna og er ferðamannafjöldinn í heild því viðkvæmur fyrir efnahagsþróun á þessum mörkuðum. Kínverjar eru sívaxandi hópur sem getur haft veruleg áhrif á ekki bara fjölda ferðamanna heldur einnig árstíðardreifingu og gæði þjónustunnar.

### 1.2 Gististaðir, nýting og gistinætur

Miða má við að hver ferðamaður til Íslands skapi kringum tvær gistinætur á höfuðborgarsvæðinu. Á komandi ári má því reikna með um 5 milljónum gistinátta og 6 milljónum á árinu 2018.

Gistirými á höfuðborgarsvæðinu hafa verið um 14.000 í lok árs 2016 skv. opinberri skráningu. Að jafnaði eru um 1.600 gististaðir til reiðu á Airbnb en líklega er um 400 af þeim gistiheimili, íbúðargisting og heimagisting sem hefur tilskilin leyfi. Þeir 1.200 staðir sem eftir standa bjóða líklega upp á um 3.000 gistirými að jafnaði.

Ekki er gerð grein fyrir 41% gistinátta í opinberum skráningum samanborið við könnun Ferðamálastofu á dvöl ferðamanna. Stór hluti óskráðrar gistingar er viðvarandi skekkja í upplýsingum um greinina. Einhver merki eru um að sá þáttur sé vaxandi en ekki hægt að fullyrða um orsakir. Aukin notkun tjaldstæða, t.d. fyrir húsbíla eða „campers“ er ekki síður líklegur þáttur en óskráð heimagisting. Könnun Ferðamálastofu á dvalarlengd og gistingu bendir til að um 10% gistinátta hafi verið í íbúðargistingu.

Alls voru á landinu um 9 milljónir gistinátta á liðnu ári. Á höfuðborgarsvæðinu voru það um 3,6 milljónir gistinátta. Helst það að mestu í hendur við fjölgun ferðamanna milli ára. Munurinn á fjölda gistinátta sem ein milljón ferðamanna skapar getur verið 350.000 nætur miðað við breytileika í dvalarlengd síðust ára. Dvalarlengd hefur farið minnkandi síðan 2012 og því skila sér færri gistinætur af hverjum gesti.

Nýting á hótélherbergjum er komin yfir 80% 12 mánaða meðaltal á höfuðborgarsvæðinu. Á háannatíma er nýtingin yfir 90%. Er það svipað eða meira en best nýttu svæðin í Evrópu. Þá er greinilegt að flökt í nýtingu milli árstíða er að minnka. Nýting gistirýma á hótélum gefur ekki sérstaklega tilefni til að áætla annað en að heimagisting, skráð og óskráð, sé að taka kúfinn af eftirspurninni á sumrin en taki einhvern hluta eftirspurnarinnar að vetri til. Neikvæð áhrif fyrir rekstur hótela séu m.ö.o. ekki veruleg.

Samræmd söfnun á upplýsingum um verðlag á gistingu gæti gefið betri mynd af heilbrigði greinarinnar þar sem nýting segir ekki alla söguna. Einblína ætti í auknu mæli á fjölda gistinátta þegar umfang ferðapjónustunnar er metið framvegis, fremur en fjölda ferðamanna sem koma til landsins.

### 1.3 Vinnumarkaður og mannfjöldapróun

Heildarfjöldi í einkennandi störfum ferðaþjónustu er 26.500 manns sem er um 14% af vinnumarkaðnum. Íslenskur vinnumarkaður er að stórum hluta að nálgast mettun með 85% atvinnuþátttöku sem er með því allra mesta sem gerist. 15.000 störf hafa orðið til í ferðaþjónustunni frá árinu 2009. Á síðasta ári urðu til 4.000 störf sem er þriðjungur nýrra starfa. A.m.k. annað hvert starf í greininni er fyllt með innfluttu vinnuafli.

Á árinu má reikna með að 2.000 störf verði til í ferðaþjónustunni og næstu tvö ár á eftir. Í samræmi við aukningu í fjölda ferðamana kunna að verða til 3.000 störf árið 2020. Alls eru það 9-10 þúsund störf sem gætu orðið til og er það þó fremur hógvært sé litið til reynslunnar frá 2009 og liðins árs.

Öll fjölgun á Íslandi og í Reykjavík verður til vegna innflytjenda. Raunar hefur íslenskum ríkisborgurum fækkað en innflutningur vegið það upp.

Byggingariðnaður er talinn veita um 12.000 störf en erfitt er að meta hvort fleiri störf séu í reynd og hvernig sambandi greinarinnar við þenslu í ferðaþjónustu er háttað.

### 1.4 Húsnæði

Bæði heildarmannfjöldi og breytingar á hlutfalli erlendra ríkisborgara benda til að sótt sé að íbúðarbyggð í Austurbænum. Sömu sögu er þó ekki endilega að segja af nærliggjandi hverfum og því má telja að áhrif heimagistingar á íbúðarmarkaðinn sé fremur staðbundin.

Í miðborginni er mögulegt að ná inn fyrir kostnaði með því að leigja út íbúð í heimagistingu með tilskilin leyfi á 201 degi. Samsvarandi er 170 dagar fyrir óleyfis gistingu. En leigja þarf út í 344 daga á almennum markaði. Hvatinn til að leigja til ferðamanna er því mjög skýr. Samkvæmt lögmaðlum nytjahagfræðinnar ættu í raun allir fasteignaeigendur í miðborginni að leitast við að koma eignum sínum í útleigu til ferðamanna.

Ekki er enn ljóst hvort ný lagasetning hefur haft áhrif á framboð óleyfis gististaða á Airbnb en sú hefur þó verið reynslan þar sem þekkt er til. Ef ekki kemur til þess að eftirlitsaðilar láti af sér vita mun framboðið þó halda áfram að vaxa í takt við eftirspurn.

Almennt er ekki hægt að vega upp fórnarkostnað með útleigu til ferðamanna á minna en 90 dögum. Miðað við verðlagningu ná nær engir upp í tveggja milljón króna tekjumarkið á 90 dögum eða skemur sem lögin heimila.

Vegna þess að reikna megi með að störfum fjölgi um 10.000 á næstu 4 árum í ferðaþjónustunni verður til aukin eftirspurn eftir húsnæði, ekki færri en 2.500 íbúðir ef reiknað er með að annar hver komi frá útlöndum, annað hvert starf verði til á landsbyggðinni í samræmi við dreifingu gistinátta og að fólk komi almennt óparað. Vel má þó sjá í hendi sér að þörfin verði stærrí ef störfín eru fleiri og fólk búi frekar á höfuðborgarsvæðinu. Viðbótareftirspurn eftir húsnæði er því um 600-750 íbúðir árlega vegna starfsfólks í ferðaþjónustu, næstu ár.

Ekki er mikið vitað um búsetuhagi þeirra sem hér starfa í skamma stund eða eru að koma sér fyrir eftir flutning að utan en ýmislegt er sagt um þrengsli, búsetu í ólöglegu húsnæði og búsetu á vinnustað. Ná þyrfti betur utan um þá stöðu til að meta húsnæðisskort sem þegar er til staðar.



## 2 Inngangur

Greining þessi er unnin af VSÓ Ráðgjöf og Analytica fyrir Skrifstofu eigna og atvinnubrúna Reykjavíkurborgar. Markmið skýrslunnar er að skýra áhrif ferðapjónustunnar á húsnæðis- og vinnumarkað í Reykjavík.

## 3 Forsendur

### 3.1 Fjöldi ferðamanna

#### 3.1.1 Þróun síðustu ára

Fjölgun ferðamanna til Íslands síðustu ára hefur verið umfram það sem hægt er að vænta til langrar framtíðar ekki er þó hægt að útiloka að slíkur vöxtur sem verið hefur haldi áfram um nokkra stund. Spurningin er hvernig breytingin á eftir að birtast, hvort umskiptin verði hröð eða hæg og hversu varanleg samdráttur væri. Íslensk ferðapjónusta sá fækkun á fjölda ferðamanna milli ára í fjórgang frá aldamótum og ekkert sem segir að sú staða geti ekki komið upp að nýju. Þrátt fyrir fyrrgreind bakslög hefur vöxturinn verið mjög sterkur í heildina lítið og verður að reikna með að sá meðalvöxtur sem verið hefur undanfarna áratugi geti haldið áfram. Spurningin vaknar þá einnig hvort þróun síðustu 5 ára sé frávik í sögulegu samhengi. Greining á gögnum aftur í tímann bendir til að svo þurfi ekki að vera.

Íslenski ferðapjónustumarkaðurinn er mjög lítill í alþjóðlegu samhengi og því geta sveiflur komið fram með mjög sterkum hætti. Það þarf ekki nema lítið hlutfall ferðamanna af stærstu markaðssvæðunum til að breyta mjög myndinni fyrir íslenska ferðapjónustu.

#### 3.1.2 Gögn og aðferð

Unnið er með mánaðarleg gögn um fjölda og upprunaland ferðamanna aftur til ársins 2002. Tölfræðileg greining á þróun í fjölda ferðamanna frá stökum löndum og vægi hvers lands í heildarfjöldanum er notað til að fá fram framtíðarþróun í heildarfjölda ferðamanna til landsins.


Aðferðin að baki mótun þessarar forsendur er nokkuð flókin en hún er í grófum dráttum þannig að hegðunarmynstur hvers hóps fyrir sig er kortlagt og tölfræðilegir eiginleikar metnir. Þá eru skapaðar nokkuð þúsund mögulegar útkomur af heildarmyndinni út frá fyrri hegðun og fæst þannig líkindadreifing á heildarfjöldanum til framtíðar.

Tölfræðileg greining sem byggir á fyrri reynslu getur vitanlega ekki tekið tillit sérstæðra atburða eða tímasett nákvæmlega sveiflur í hagkerfi heimsins sem getur haft töluverð áhrif á eftirspurn eftir ferðapjónustu. En það er þó ljóst að ferðapjónusta sem atvinnugrein hefur verið í stöðugum vexti svo áratugum skiptir engar vísbendingar um að lát verði á. Þá liggja til grundvallar mjög áreiðanlegar og nokkuð ítarlegar tölur um fjölda ferðamanna sem koma til Íslands síðustu 165 mánuðina. Lengd og áreiðanleiki gagnasafnsins er mikilvægur þáttur í því öryggi sem spá um framtíðarþróunina er sett fram með.

#### 3.1.3 Vöxtur í fjölda ferðamanna heldur áfram

Niðurstöður greiningarinnar er sett fram í grafinu að neðan. Sýnt er væntigildi úr hermum ásamt neðri og efri mörkum fyrir 90% niðurstaðna. Niðurstöðurnar benda til þess að árið **2020 verði fjöldi ferðamanna á landinu á bilinu 3,2-5,9 milljónir árlega og væntigildi spárinnar er 4,3 milljónir**. Óvissan eykst vitanlega eftir því sem lengra er lítið fram í tímann og sýna niðurstöður spárinnar að fjöldi ferðamanna 2021 gæti verið á bilinu 3,7-7,6 milljónir árlega og er væntigildið 5,3 milljónir. Með öðrum orðum, byggt á fyrri þróun getur fjöldi ferðamanna, varlega áætlað tvöfaldast næstu 5 ár og allt að fjórfaldast.

### Spá um fjölda ferðamanna til framtíðar



Mynd 1 Framvirk spá um fjölda ferðamanna byggt á reynslunni frá 2002. Spá Analytica. Gögn: Hagstofa Íslands.

	5% neðri mörk	Væntigildi	5% efri mörk
<b>2017</b>	2.286.828	2.492.495	2.716.832
<b>2018</b>	2.492.589	2.984.565	3.572.861
<b>2019</b>	2.777.581	3.574.039	4.553.092
<b>2020</b>	3.190.502	4.351.944	5.917.879
<b>2021</b>	3.708.065	5.322.534	7.601.033

Mynd 1 sýnir niðurstöður hermireikninga fyrir mögulegan ferðamannafjölda árin 2017-2021. Í hermireikningunum voru framkallaðar 2000 sviðsmyndir en línuritíð sýnir einungis 15 þeirra. Að auki er sýnt væntigildi sem er meðaltal allra sviðsmynda og er svartur ferill. Þá eru sýnd sk. 5% efri mörk og 5% neðri mörk með grænum ferlum. 5% efri mörk fela í sér að fyrir ofan þann feril lenda punktar fyrir einstök ár sem eru 5% af fjölda sviðsmynda fyrir það ár. Þetta þýðir að einstök ár eru 100 sviðsmyndir fyrir ofan mörkin. Öfugt gildir fyrir 5% neðri mörk en þau fela í sér að fyrir neðan þann feril lenda 5% punkta fyrir allar sviðsmyndir, þ.e. punktar úr 100 öðrum sviðsmyndum.

Ferlar fyrir einstakar sviðsmyndir geta sveiflast upp og niður þegar þeir eru raktir ár fyrir ár. Þetta má sjá á þeim dæmum sem sýnd eru á myndinni en þau eru valin af handahófi. Þannig getur orðið samdráttur á milli einstakra ára í tilteknum sviðsmyndum þótt vöxtur sé líklegri. Greiningin byggir á reynslu skv. sögulegum gögnum fyrir tímabilið 2002-2016 og eru frá Ferðamálastofu. Greiningin er gerð af Analytica.

### 3.1.3.1 *Breytingar á vægi: Bretar og Bandaríkjamenn áfram fjölmennastir*

Bandaríkjamenn og Bretar eru fjölmennustu hópar ferðamanna til Íslands í dag og langtum fjölmennari en aðrir hópar með samtals um 41% af heildarfjölda gesta. Næst á eftir er safnhópurinn „aðrir“ en þar er eru öll lönd sem ekki eru talin sérstaklega. Það er sá hópur sem mun knýja mikinn hluta vaxtarins á komandi árum og því mikilvægt að öðlast betri yfirsýna og halda áfram greiningum á þeim hópi.

Byggt á þróun síðustu ára munu þó bæði Bandaríkjamenn og Bretar halda stöðu sinni sem stærstu einstöku upprunastaðir ferðamanna. En vægi annarra þjóða er áfram svipað í stórum dráttum. Þróun hagsældar í þessum tveimur löndum er því stór áhrifaþáttur á spá um framtíðina. Tveir viðburðir koma til hugar þegar þau mál eru rædd: Forsetakosningar í Bandaríkjunum sem nýlega fóru fram og útganga Bretlands úr ESB. Aðrir slíkir atburðir kunna að verða með ótilgreindum áhrifum. Athygli vekur að Þjóðverjar sem lengi vel voru meðal helstu gesta virðast vera að minnka hlutfallslega í vægi.

### 3.1.3.2 *Kínverjar: Stóra spurningin*

Kínverjar munu auka vægi sitt úr því að vera 3,8% ferðamanna í að verða 6% hér á landi árið 2020 og 10% árið 2025. Þróunin á heimsvísu bendir þó til að Ísland hljóti þá að vera nokkur eftirbátur heimsmarkaðsins og hugsanlega er þar þróun sem ekki hefur komið nógu skýrt fram í sögulegum gögnum.

*Kínverskum ferðamönnum hefur fjölgað mjög í heiminum og eru þeir nú fjölmennasti hópur ferðamanna í heiminum og eru tvöfalt fleiri en Bandaríkjamenn sem koma í öðru sæti. Útgjöld Kínverja til ferðamála hafa nærri fimmfaldast á árabílinu 2005-2012 og eyða þeir mest allra þjóða í ferðapjónustu.*

*Kínverskir ferðamenn hafa nokkur sérkenni sem gætu haft mikil áhrif komi til þess að hlutdeild þeirra á íslenskum ferðamarkaði aukist. Þeir ferðast meira í skipulögðum hópum bæði stórum og litlum. Ferðatíminn markast einnig af þeim tíma árs sem þeir vænta þess að eiga frí. Talað er um s.k. „gylltar vikur“ kringum nýja árið sem fellur seint í janúar eða byrjun febrúar annars vegar og þjóðhátíðardaginn sem er í fyrstu viku október.*

*Áhrifin eru þau að eftirspurn eftir ferðum til Íslands gæti aukist mjög utan háannatímans og kæmu gistinætur til með að falla helst á stærri gististöðum sem geta tekið á móti hópum ef um eldra fólk er að ræða en jafnvel að íbúðir þar sem ná má hagkvæmri gistingu fyrir litla hópa sjái aukna eftirspurn. Kínverskir ferðamenn eru einnig þekktir fyrir mikil fjárráð og eyða fúlgum fjár í lúxus vörur og þjónustu. Spurningin er þá hvort Ísland sé nógu aðlaðandi í augum þeirra sem mestu eyða.*

## 3.2 **Fjöldi gistinátta**


### 3.2.1 ***Meira lýsandi mælikvarði en fjöldi ferðamanna***

Lagt er til að umfang ferðmennskunnar verði fremur metið með tilliti til fjölda gistinátta en heildarfjölda ferðamanna líkt og verið hefur. Fjöldi ferðamanna er ágætur mælikvarði þegar hegðun svo sem dvalarlengd er nokkuð einsleit og stöðug. En vísbendingar eru um að dvalarlengd sé að stytast og að nokkur hluti gistinátta sé óskýrður sem gerir mælikvarðann fjölda ferðamanna minna lýsandi. Fjöldi gistinátta gefur sterkari vísbendingar um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif ferðapjónustunnar og er því lagt til að sá mælikvarði fái aukið vægi í umræðunni og að kapp sé lagt á að gera aðgengilegar upplýsingar hvað hann varðar enn vandaðri.

Fjöldi gistinátta sem áfangastaðurinn Ísland getur boðið upp á er bundinn á hverri gefinni stund en getur tekið breytingum. Það hversu margar gistinætur eru nýttar af þeim sem mögulega mætti nýta er nýting rúma í ferðapjónustunni. Nýting herbergja er nátengdur mælikvarði sem kann að vera áreiðanlegri á hótelum.

### 3.2.2 Nýting er heilbrigðismælikvarði

Nýting gististaða er að aukast yfir allt árið á Íslandi og nálgast metnun á sumrin. Jafnvel yfir veturinn má orðið sjá mjög mikla nýtingu á hótélum og öðrum gististöðum. Með aukinni aðsókn yfir vetrarmánuðina verður heildarnýting yfir árið meiri og flökt milli árstíða er greinilega orðið minna.



Gengið er út frá að nýtingarhlutfall herbergja á öllum hótélum sé góð vísbending um heilbrigði greinarinnar þótt slíkt þurfi ekki að raunin á stökum hótélum þar sem verð á herbergi og kostnaðarliðir geta vegið þyngra. Líkt og í öðrum viðskiptum er það afkoma hvers árs sem er besti mælikvarðinn á heilbrigði greinarinnar. Því er ekki úr vegi að nefna að tekjur af hverju tiltæku herbergi er ekki síður áhugaverður mælikvarði sem er ekki almennt aðgengilegur hvað varðar íslensk hótél. Þeim gögnum er ekki safnað af opinberum aðilum.

Þau 10 svæði Evrópu sem hafa mesta nýtingu gististaða eru með nýtingu á bilinu 70-80% á ársgrundvelli<sup>1</sup> sem er sama og má sjá á höfuðborgarsvæðinu en undanfarin 4 ár hefur nýting hótélherbergja verið á því bili<sup>2</sup>. Tölfræði Eurostat í ofangreindum samanburði er gefin upp fyrir Ísland í heild (NUTS2 svæðaskipting) og er nýtingin þá 55-60% á ársgrundvelli árið 2014. Sjá Mynd 3. En líkt og kemur fram að ofan er ársnýting hótela á höfuðborgarsvæðinu orðin meira en 80%.

Rýni þessa mælikvarða gefur ekki tilefni til áhyggna af vægi heimagistingar á markaði þar sem hótél og gistiheimili eru vel nýtt, sér í lagi að sumri.

Annar þáttur sem gæti skýrt betur jafnvægi í greininni milli árstíða eru nákvæmari upplýsingar um verðla en slíkum upplýsingum er ekki safnað af opinberum aðilum hér á landi.

<sup>1</sup> [http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/File:Top\\_10\\_and\\_bottom\\_10\\_EU\\_tourist\\_regions\\_in\\_terms\\_of\\_bedroom\\_occupancy\\_rates\\_in\\_hotels\\_and\\_similar\\_establishments\\_by\\_NUTS\\_2\\_regions\\_2014\\_\(%C2%B9\)\(%25\)\\_RYB2016.png](http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/File:Top_10_and_bottom_10_EU_tourist_regions_in_terms_of_bedroom_occupancy_rates_in_hotels_and_similar_establishments_by_NUTS_2_regions_2014_(%C2%B9)(%25)_RYB2016.png)

<sup>2</sup> Hagstofa Íslands, nýting herbergja á hótélum 2000-2016


### 3.2.3 *Þróunin í fjölda gistinguáttu*

Skráðar gistinguáttu á hótélum árið 2010 voru 1,05 milljónir á landinu öllu, þ.a. 768 þ. á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2015 er skráður fjöldi gistinguáttu á hótélum um 2,5 milljónir, þ.a. um 1,7 m. á höfuðborgarsvæðinu. Á sama tíma hefur nýtingarhlutfall herbergja á hótélum á landinu öllu aukist úr 55.3% í 78.8%.

Þróunin í fjölda gistinguáttu hefur að mestu fylgt fjölda ferðamanna til Íslands þótt hlutfallið þar á milli rokki aðeins til, hugsanlega með kostnaðarþróun. Áætla má **að heildarfjöldi gistinguáttu á höfuðborgarsvæðinu hafi verið 3,6 milljónir talsins á árinu 2016**. Á árinu má reikna með að hver ferðamaður sem komi til landsins sé ávísun á 2,03 gistinguáttu á höfuðborgarsvæðinu. Hæst hefur hlutfallið verið 2,30 árið 2002 og lægst farið í 1,95 árið 2008. Er hér stuðst við skráningu Hagstofu Íslands á upplýsingum. Sá breytileiki sem kemur fram í þessu hlutfalli getur haft áhrif á 350.000 gistinguáttu fyrir hverja milljón ferðamenn sem til landsins koma eða sem nemur 480 hótélherbergjum í fullri nýtingu og munar um minna. Vísbendingar eru um að hlutfall gistinguáttu á gest sé heldur fallandi frá árinu 2012. Ef kostnaður við gistingu og annað upphald eykst er líklegt að það haldi áfram að falla frekar en að fjöldi ferðamanna dragist saman. Allir verðlagsþættir hafa þar áhrif: gengi, vextir og ávöxtunarkrafa fjárfesta í greininni.

Vakin er athygli á umfjöllun í kafla 5.2 þar sem fram kemur að um 40% gistinguáttu á landinu séu óskráðar miðað við kannanir Ferðamálastofu á heildardvalarlengd.


Bedroom occupancy rates in hotels and similar establishments, by NUTS 2 regions, 2014 (1)  
(%)



Mynd 3 Samanburður á nýtingum landsvæð í Evrópu<sup>3</sup>

<sup>3</sup> [http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/File:Bedroom\\_occupancy\\_rates\\_in\\_hotels\\_and\\_similar\\_establishments\\_by\\_NUTS\\_2\\_regions\\_2014\\_\(%C2%B9\)\\_\(%25\)\\_RYB2016.png](http://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php/File:Bedroom_occupancy_rates_in_hotels_and_similar_establishments_by_NUTS_2_regions_2014_(%C2%B9)_(%25)_RYB2016.png)

### Ferðamenn og gistinætur á höfuðborgarsvæðinu




Mynd 4 Þróunin í fjölda ferðamanna til Íslands og fjölda gistinátta á höfuðborgarsvæðinu. Gistinætur áætlaðar fyrir árið 2016. Tölur á milli línanna sýna hlutfallið milli gildanna árin 2000, 2005, 2010 og 2015. Heimild: Hagstofa Íslands.

### 3.3 Framboð gistirýma

#### 3.3.1 Breytingar frá ári til árs

Alls er framboð gistirýma mjög vaxandi undanfarin ár og ekki er lát á af tilkynningum af fyrirhuguðum verkefnum að dæma. Miklar breytingar eru að verða í þeim stofni gistirýma sem svo dregst saman eða þenst út að hluta mill árstíðanna frá aldamótum. Lang mestu munar þar um heilsárshótel sem eru um þrír fjórðu hlutar aukningarinnar í fjölda gistirýma. Alls hefur fjöldi gistirýma þrefaldast síðan um aldamótin. Sjá má heildarbreytinguna á Mynd 5.

### Framboð allra gististaða á höfuðborgarsvæðinu



Mynd 5 Heildarfjöldi rúma á öllum gististöðum á höfuðborgarsvæðinu. Brotlínana sýnir 12 mánaða meðaltal. Heimild: Hagstofa Íslands

### 3.3.2 *Árstíðabundnar breytingar*

Töluverð árstíðarsveifla er í framboði á gistirýmum sem kemur fram með ólíkum hætti eftir tegund gististaða, munar þar um nokkur hundruð rými sem sveiflast til milli veturs og sumars. Mynd 5 sýnir þessar sveiflur mjög greinilega einnig.

Sumarið 2015 voru 13.300 gistirými í boði á öllum skráðum gististöðum samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Miðað við breytingar á fjölda hótelryma má reikna með að í lok árs 2016 hafi verið minnst 14.100 gistirými til staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Rými á hótélum fjölga jafnt og þétt í rykkjum eins og við er að búast þegar stórar einingar eru byggðar og hefur ekki miklar árstíðarsveiflur. Sama má segja um farfuglaheimili og að einhverju marki um íbúðargistingu/íbúðarhótel. Sveiflan skýrist að mestu af heimagistingu og gistiheimilum. Líklega má líta svo á að heimagisting sé framboð sem birtist aðallega á sumrin en að gistiheimilum sé að einhverju leyti lokað yfir háveturinn enda birtast toppar í heimagistingu yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst en gistiheimilin rífa seglin frá desember til febrúar. Þá eru um 300 rými á sérstökum sumarhótelum sem eðli málsins samkvæmt starfa eingöngu á sumrin.

Ekki er hægt að draga ályktanir um annað en að óskráð gisting fylgi nokkurn veginn sama takti og skráð gisting þar sem fjöldi gistinátta og nýting skráðra gististaða virðist haldast í hendur við fjölda ferðamanna til landsins.

## 4 **Áhrif á vinnumarkað**

### 4.1 **Fjöldi starfa í ferðapjónustu**

Framboð vinnuafns hérlendis ræðst af fjölda fólks á vinnufærum aldri, atvinnuþátttöku og vinnutíma.<sup>4</sup> Eftirspurn eftir vinnuafli ræðst hins vegar af þörfum atvinnulífsins, launakostnaði og framleiðni.

Hraður uppgangur ferðapjónustunnar hefur þýtt mikla aukningu í eftirspurn eftir vinnuafli. Mynd 6 sýnir vinnuafnsnotkun í einkennandi greinum ferðapjónustu frá árinu 2008 skv. tölum Hagstofu Íslands. Tölurnar hafa verið leiðréttaðar fyrir árstíðasveiflu til að sýna betur undirliggjandi þróun. Sjá má að vinnuafnsnotkun í þessum greinum dróst nokkuð saman í hruninu, einkum í veitingarekstri en hefur risið hratt frá ársbyrjun 2009. Þannig var fjöldi starfandi í viðkomandi greinum um 11.500 í ársbyrjun 2009 en eru nú um 26.500. Fjöldinn hefur þannig meira en tvöfaldast á tímabilinu og sl. 12 mánuði hefur fjölgunin numið um 4 þús. störfum. Fjölgunin ein og sér segir þó ekki nema hluta sögunnar en engar opinberar upplýsingar liggja fyrir um vinnutíma í þessum atvinnugreinum til að meta umfang vinnunnar mælt í ársverkum. Með vorinu kunna að koma fram áhugaverðar upplýsingar sem Hagstofan vinnur úr staðgreiðsluskrá.


Gagnlegt er að setja ofangreindar tölur í samhengi við fjölda starfandi á vinnumarkaði hérlendis en þar er um að ræða um 199 þús. Manns á þriðja ársfjórðungi 2016. Undanfarið ár hefur starfandi fólki fjölgað um 13 þús. **Fjölgunin í einkennandi greinum ferðapjónustu nemur því tæplega þriðjung fjölgunarinnar undanfarið ár.**

Almennt er vinnumarkaðspátttaka á Íslandi mikil, um 85% en er mun nær 75% almennt meðal OECD ríkja.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> Vinnufær aldur er í þessu samhengi gjarnan skilgreindur sem 16-74 ár.

<sup>5</sup> OECD gagnasafn og Hagstofa Íslands.






#### 4.2 Þáttur innflytjenda

Fjölgun starfandi er nokkuð umfram „náttúrulega fjölgun“ þjóðarinnar en munurinn skýrist af innflytjendum. **Tölfræðigreining Analytica bendir til að um helmingur af fjölgun starfa í ferðapjónustu sl. ár sé aðflutt vinnuafli** og þannig ljóst að framboð innlendra eykst ekki nægilega hratt til að svara eftirspurn. Vöxturinn í ferðapjónustu þýðir þannig að ekki er eingöngu þörf á gistirými fyrir ferðamenn heldur einnig þörf á húsnæði fyrir innflytjendur sem starfa í greininni og fjölskyldur þeirra. Á þessu ári gæti fjölgun erlendra starfsmanna í ferðapjónustu hérlendis numið rúmlega 2 þús. manns. Erlent vinnuafli er reyndar ekki einskorðað við ferðapjónustu heldur einnig mikið notað í byggingariðnaði og nokkrum öðrum atvinnugreinum.

Í skýrslu Vinnuálastofnunar<sup>6</sup> segir að fjölgun starfa hafi verið mjög bundin við ferðapjónustu síðustu ár. Ljóst sé að leita þurfi eftir erlendu vinnuafli í stóran hluta þeirra starfa sem bætast við greinina, helst störf fyrir ófaglærð en einnig fyrir fólk með framhaldsmenntun og að einhverju marki fyrir fólk með háskólamenntun. Sama er uppi á teningnum hvað varðar byggingariðnaðinn.

Þegar litið er til þróunar í fjölda fólks á vinnufærum aldri er áberandi hversu mikið hraðar innflytjendum fjölgar en innfæddum. Þetta má sjá á Mynd 7. Náttúruleg fjölgun innlendra er um 0,7% á ári en innflytjendum hefur fjölgað um 9,4% á ári á því 20 ára tímabili sem gögnin ná til.

<sup>6</sup> Staða og horfur á vinnumarkaði á árunum 2016-2018



Svipaða sögu má segja af Reykjavík þótt tölur um innflytjendur og innfædda liggja ekki fyrir þar eftir aldri fyrir hópana aðskilda. Þegar litið er til heildarmannfjölda í Reykjavík þá hefur innfæddum fjölgað um 0,15% árlega síðustu 18 ár en innflytjendum um 9,5% árlega. Af þessu má m.a. ráða á að innflytjendur til landsins eru mikilvægur og vaxandi hluti vinnuafslins og ekki bara þegar litið er til skammtímaþróunar. Það eru einnig innflytjendur sem drífa þörfina eftir húsnæði í Reykjavík. Innfæddir virðast leita annað á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt gögnum Analytica. Frekari umfjöllun um þennan þátt er að finna í kafla 5.1.1.

### 4.3 Óbein áhrif vegna mannvirkjagerðar

Annar þáttur vinnumarkaðarinnar er tengdur hinum miklu umsvifum í ferðaþjónustunni: byggingaframkvæmdir hvers konar. Samtöl við aðila á markaðnum leiða í ljós tilgátur um að mikil umsvif rati ekki í hagtolur, m.a. vegna svo kallaðra þjónustuviðskipta þar sem starfsmenn koma sem hluti af þjónustu með ákveðnum byggingaeiningum eða gegnum starfsmannaleigur. Sá fjöldi starfsmanna sem komi fram í hagtolum sé þannig nokkuð vanmetinn og er sú kenning studd misræmi í framleiðsluvexti og starfsmannafjölda. Vöxtur í starfsmannahópi greinarinnar setur einnig töluverðan þrýsting á húsnæðismarkaðinn. Almennt er greinin þó talin telja um 12.000 manns.

Þá er það rætt að hugsanlega séu ákveðin „innri ruðningsáhrif“ að verða á byggingamarkaði þar sem betur fjármögnuð og örugg verkefni séu tekin umfram önnur verkefni með meiri eigin áhættu og óvissri eða rýrri fjármögnun. Þannig standi opinberar framkvæmdir og stærri verkefni í íbúðum, hótélum og fleiru í vegi fyrir að íbúðarhúsnæði rati á verkefnalista verktaka.

Framleiðsla í mannvirkjagerð er ekki eingöngu nýframkvæmdir heldur eru viðhalds- og endurbótaverkefni mjög mannaflsfrekur þáttur greinarinnar sem virðist vera erfitt að draga fram lýsandi upplýsingar um. Ef litið er til miðborgar Reykjavíkur er þar líklega töluverð eftirspurn eftir slíkum framkvæmdum t.d. vegna aldurs húsnæðisstofnsins. Vænta má

skýrslu Byggingafulltrúa á næstu misserum sem hugsanlega getur varpað ljósi á þróunina í uppbyggingu í Reykjavík á liðnu ári.

## 5 Áhrif á húsnæðismarkað


### 5.1 Breytingar í nýtingu húsnæðis

Íbúðarhúsnæðisstofnar breytast yfirleitt hægt en stöðuglega. Megnið af því húsnæði sem verður notað í náinni framtíð hefur þegar verið byggt. Því skiptir töluverðu máli hvernig það húsnæði sem til er, er notað. Þá er víst að húsnæði heldur flest þeim notum sem því var ætlað nema til komi sérstakar aðstæður. Líkt og áður kom fram liggja ekki fyrir upplýsingar um breytingar á notkun húsnæðis og einhver ástæða er til að halda að þar sé vöntun á skráningum eða að breytingar skili sér ekki til Fasteignaskrár Þjóðskrár.

Þegar kemur að ferðapjónustunni leiðir greiningin í ljós að tveir þættir kunni að hafa mest áhrif: Aukin ásókn í að nýta húsnæði fyrir gistingu og eftirspurn eftir húsnæði fyrir vaxandi vinnumarkað af völdum ferðapjónustunnar beint. Þá eru óbein áhrif af því að ferðapjónustan og afleiddur vöxtur kallar á ýmsar framkvæmdir sem aftur auka eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði fyrir vaxandi vinnumarkað í mannvirkjagerð. Í kafla 4 er farið ítarlega yfir vöxt vinnumarkaðarins undanfarið. Þessi kafli lýsir þeim áhrifum í stærra samhengi og heimfærir á húsnæðiseftirspurn auk þess sem rýnt er í það hvað stýri ákvarðanatöku þegar húsnæði er nýtt fyrir gistingu.

#### 5.1.1 Staðbundnar breytingar á íbúafjölda

Umhverfis- og skipulagssvið hefur tekið saman tölur yfir fjölda íbúa á hverja íbúð í Reykjavík í heild og einnig fyrir svæðin innan Hringbrautar. Þar má sjá einhver merki þess að íbúum sé að fækka miðað við fjölda íbúða meðan sá fjöldi er nokkuð stöðugur í borginni í heild. Sér í lagi má sjá breytingar frá árinu 2013 þegar segja má að umræðan um heimagistingu fari á flug. Styður það við þá tilgátu að ferðapjónustan sé að yta íbúum á brott. Fækkun íbúa nemur á þessu tímabili frá 2013 nemur um 500 manns eða 3,7% íbúafjöldans og samsvarar u.þ.b. 250-300 íbúðum.



Þegar hverfin eru skoðuð nánar má sjá að fækkun íbúa í Austurbænum en að íbúafjöldi standi í stað í Vesturbænum sem einnig kemur heim og saman við staðsetningu og eftirspurn eftir gistingu. Áhrifin eru með öðrum orðum mjög staðbundin. Fækkun erlendra


ríkisborgara í Austurbænum kann að vera annað merki um þá ásókn sem er í að breyta íbúðarhúsnæði í gistaða.

Fjölgun erlendra ríkisborgara er þáttur í vexti allra hverfa borgarinnar. Mestra áhrifa gætir í Efra-Breiðholti þótt hlutfallslega sé vöxtur í hlutfalli erlendra ríkisborgara mest á Kjalarnesi en fjöldinn ekki veigamikill. Önnur hverfi þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara vex örar en í borginni allri eru: Árbær, Bakkar, Hlíðar og Seljahverfi. Hverfin þar sem hlutfall erlendra ríkisborgara vex hægar en í borginni í heild eru Laugarnes og Austurbær þar sem hlutfall þeirra lækkar í heildina og eru það einu hverfin það sem það gerist. Önnur hverfi með hægari vöxt í hlutfalli erlendra ríkisborgara þótt heildarhlutfall aukist eru Grafarholt vestra, Heimar-Vogar, Norðurmýri og Háaleiti.

### 5.1.2 Mannfjöldapróun í borginni allri

Viðvarandi fjölgun hefur verið á íbúum borgarinnar undanfarin ár ef frá eru talin árin 2010 og 2012. Fækkun varð þá á íbúum Reykjavíkur, að líkindum í tengslum við efnahagsástand þeirra ára. Það sem má lesa út úr þróuninni síðustu 15 ár er að vöxturinn er drifinn áfram af innflytjendum og að þær breytingar eru mjög tengdar þróun á vinnumarkaði.

Alls fjölgaði íbúum um 10.900 frá 2001 og var hlutur erlendra ríkisborgara 11.100 manns. Íslenskum ríkisborgurum fækkar í reynd. Erlendir ríkisborgarar drífa áfram vöxtinn í íbúafjölda með áberandi hætti 2008, 2009 og 2016 en eru jafnframt þeir sem mest áhrif hafa á fækkun íbúa 2010 og 2012. Erlendum ríkisborgurum fjölgar eða fækkar eftir atvikum þessi ár um meira en heildarbreyting íbúafjöldans segir til um.



Tölur um fjölda erlendra Ríkisborgara ná aftur til ársins 1998. Má þar sjá hvernig íbúafjöldinn breytist í samræmi við efnahagsástand. Í töflunni að neðan má sjá hvernig fjölgunin breytist á 6 ára tímabilum frá 1998 til dagsins í dag. Nettó innflutningur tekur kipp með miklum efnahagsvexti á árabílinu 2004-10 en heildarfjölgun íbúa er fer minnkandi.

	Erlendir ríkisborgarar	Íbúar alls
<b>1998-2004</b>	3.050	6.535
<b>2004-2010</b>	6.762	5.038
<b>2010-2016</b>	3.053	4.134

**Breytingar á fjölda íbúa Reykjavíkur**  
 Heimild: Árbók Reykjavíkur / Hagstofa Íslands.

## 5.2 Áhrif deiliahagkerfis á húsnæðisframboð

Á álagstímum er nýtingarhlutfall á hótellherbergjum nú yfir 90% á höfuðborgarsvæðinu. Hin mikla eftirspurn eftir gistirými hefur leitt af sér stóru aukna skráningu á íbúðum og herbergjum til útleigu á vefsíðum á borð við Airbnb. Árið 2010 voru einungis 3 eignir skráðar á vef Airbnb til útleigu en sumarið 2016 hafði þeim fjölgað þúsundfalt og voru þá um 3 þúsund gistirými í Reykjavík skráð til útleigu á vef Airbnb<sup>7</sup>. Þrátt fyrir margfalt aukið framboð í gegnum deiliahagkerfið hefur nýtingarhlutfall hótellherbergja yfir sumarmánuðina aukist á milli ára frá árinu 2010<sup>8</sup>.

Í júlí árið 2016 var 1 af hverjum 23 íbúðum í Reykjavík í útleigu til ferðamanna, sem samsvarar um 4,4% íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Jafnframt eru 12,5% íbúða miðsvæðis í Reykjavík leigðar út í gegnum vefinn Airbnb<sup>9</sup>. Gera má ráð fyrir því að hlutföllin hafi aukist nokkuð síðustu ár þar sem framboð af nýju íbúðarhúsnæði hefur verið takmarkað og þá sérstaklega miðsvæðis í Reykjavík.

Niðurstaða greiningar Analytica á framboði gististaða sem auglýstir eru á Airbnb bendir til að á liðnu ári hafi 1621 staður verið í útleigu að jafnaði. Til samanburðar eru skráðar heimagistingar (flokkur I) á höfuðborgarsvæðinu 210 talsins. Ekki er ljóst hversu mörg rúm eru í notkun en framboð rúma út frá stærð eignanna bendir til að framboðið geti verið um 3.800-4.200 rúm þar sem flestir staðir eru heilar íbúðir með einu eða fleiru herbergjum og þá 1-2 rúmum í hverju herbergi. Mögulegar gistinætur á þessum stöðum liggja þá á bilinu 1.387.000-1.533.000 á árinu.

Gera má ráð fyrir að öll heimagisting sem skráð er, sem og stór hluti minni gistiheimila og íbúðargistingar nýti sér þjónustu síðunnar til að markaðssetja sig. Á höfuðborgarsvæðinu um að ræða meira en 400 gististaði sem eru í flokki I eða II. Eftir standa um 1.200 gististaðir sem geta boðið um 1,1 milljón gistinátta.


Heildarfjöldi gistinátta erlendra ferðamanna skv. gögnum Hagstofu var um 6,5 milljónir árið 2015 og þar af voru gistinætur í sk. íbúðargistingu 482 þúsund og á farfuglaheimilum 439 þúsund. Skráðar gistinætur skv. gögnum Hagstofu segja ekki alla söguna þar sem gistinætur í gegnum m.a. deiliahagkerfið eru ekki skráðar og því eru þær upplýsingar ekki auðfánlegar.

Kannanir Ferðamálastofu gefa til kynna að meðaldvöl hvers ferðamanns sé um 7,6 dagar. Út frá þeim upplýsingum má áætla hver heildarfjöldi gistinátta er á hverju ári, þ.e. með óskráðum gistinóttum.

<sup>7</sup> <http://www.airdna.com>

<sup>8</sup> Skv. gögnum Hagstofunnar.

<sup>9</sup> Skýrsla Íslandsbanka: Íslenskur íbúðamarkaður.



Mynd 10 Áætluð skipting heildarfjölda gistinátta erlendra ferðamanna á Íslandi.

Mynd 10 sýnir þróun á hlutfallslegri skiptingu heildarfjölda gistinátta erlendra ferðamanna. Á árinu 2010 er hlutur hótela um 30% af heildarfjölda gistinátta en er um 26% árið 2015. Eins og fram hefur komið hefur aukning á nýtingarhlutfalli hótélherbergja þó aukist á tímabilinu en deiliahagkerfið virðist anna umframeftirspurn og því líklega ekki dregið afgerandi á hlut hótela. Minnkandi hlutur hótela af heildarfjölda gistinátta stafar af heildaraukningu fjölda ferðamanna þar sem framboðs aukning hótélherbergja heldur ekki í við eftirspurn eftir gistirými. Óskráð gistirými getur átt við húsnæði í einkaeigu þ. á m. Airbnb, gistingu hjá vinum og ættingjum og gistingu á tjaldsvæðum en skráning þar virðist ófullkomin. Skv. könnunum Ferðamálastofu virðist reyndar mjög stór hluti þeirra sem hingað koma gista á tjaldsvæðum og virðist mega rekja um fjórðung gistinátta erlendra ferðamanna til tjaldsvæða. Hins vegar gætu um 10% gistinátta á landinu öllu hafa verið í svokallaðri. Airbnb gistingu m.v. könnun frá sumrinu 2014.

Ef reiknað er með að 10% gistinátta á landinu séu í heimagistingu eru það um 900.000 gistinátta á árinu 2016 en þær eru taldar hafa verið 9 milljónir skv. skráningu Hagstofunnar á gistinóttum á árinu 2015 og þekktri fjölgun ferðamanna á árinu 2016. Þessi niðurstaða kemur nokkurn veginn heim og saman við greininguna að ofan þar sem slegið var á að gististaðir í deiliahagkerfinu gætu mætt þörf fyrir 1,1 milljón gistinátta.

Ef það er svo að um 40% gistinátta séu vantaldar í opinberum skráningum vantar í reynd að gera grein fyrir 6,1 milljón gistinátta og þær eru í reynd 15,2 milljónir talsins á landsvísi árið 2016. Það er þó vel hægt að reikna með að stór hluti þessara náttu séu utan höfuðborgarsvæðisins t.d. í gistingu í tjaldi eða húsbíl.

Við framangreinda umfjöllun má bæta að tölfræðigreining Analytica bendir til að til skemmri tíma rati þrjár af hverjum fjórum nýjum ferðamönnum til landsins í hótélgistingu en til lengri tíma stefni þetta hlutfall á tæplega helming. Sú niðurstaða virðist ekki ríma illa við niðurstöðu kannana Ferðamálastofu.

### 5.2.1 Ábati af útleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna

Fjölgun erlendra ferðamanna hefur haft neikvæð áhrif á framboð húsnæðis til útleigu almennum leigumarkaði þar sem fórnarkostnaðurinn hefur hækkað talsvert síðustu ár. Áætlað er nú að 80-90% af gistirýmum sem eru til útleigu hafi ekki tilskilin rekstrarleyfi<sup>10</sup>.

Algengasta tegund íbúðarhúsnæðis til útleigu á vefnum Airbnb er eins herbergja íbúð<sup>11</sup>. Leiða má út ábata af útleigu í gegnum Airbnb sem mismun í fjölda gistanótt sem þarf til að greiða allan rekstrarkostnað fyrir íbúðarhúsnæði í útleigu á Airbnb og íbúðarhúsnæði í útleigu á almennum leigumarkaði.

#### 1 herbergja íbúð í fjölbýli

Markaðsvirði fasteignar	26,000,000 kr.
Veðhlutfall	80%
Lán 1	16,099,200 kr.
Lán 2	4,700,800 kr.
Meðalvextir	6.8%
Upphæð láns	20,800,000 kr.

#### Tekjur

Verð á gistinótt	130 USD
USD/ISK	110 kr.
Verð á gistinótt	14,300 kr.

#### Gjöld

Gjald tekið fyrir þrif	5,500 kr.
Umsýslukostnaður sem hlutfall af tekjum	20%

#### Árlegur almennur rekstrarkostnaður

Væntar leigutekjur á mánuði á leigumarkaði	180,000 kr.
Hússjóður	312,000 kr.
Viðhald & tryggingar	260,000 kr.
Fasteignagjöld	
... Atvinnuhúsnæði	429,000 kr.
... Íbúðahúsnæði	52,000 kr.

Tafla 1: Forsendur um tekjur og gjöld vegna útleigu á Airbnb.

Út frá ofangreindum forsendum má áætla hver ábati af útleigu slíkrar íbúðar til ferðamanna er miðað við útleigu á almennum leigumarkaði. Miðað er við eins herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Við öflun rekstrarleyfis kemur til aukinn kostnaður vegna fasteignagjalda þar sem íbúðin fellur undir það að vera atvinnuhúsnæði.

Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis í Reykjavík eru 1,6% á meðan fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis eru 0,2%. Eins og sést í töflu 1 þá er talsverður munur á árlegum kostnaði eftir því hvort eignin sé flokkuð sem atvinnuhúsnæði eða íbúðarhúsnæði til eigin nota. Ef litið er á fjölda gistinátta sem þarf til að vega upp á móti tilfallandi árlegum kostnaði þá er hægt að bera saman fýsileika þess að leigja út eins herbergja íbúð á Airbnb miðað við útleigu á almennum leigumarkaði.

#### Airbnb

	Rekstrarleyfi	Óskráð gisting	Leigumarkaður
Gistinætur	201	170	344

Tafla 2: Fjöldi gistinátta sem þarf til að vega upp á móti árlegum kostnaði.

<sup>10</sup> Skýrsla Háskólans á Bifröst: Íbúðagisting – Rannsókn á umfangi íbúðagistingar í ferðapjónustu.

<sup>11</sup> Aðkeypt skýrsla frá airdna.co.

Í ofangreindri töflu sést að það þarf 170 gistinætur í útleigu í gegnum Airbnb til að veða upp á móti tilfallandi árlegum kostnaði. Jafnframt þurfa gistinætur að vera 201 ef viðkomandi er með rekstrarleyfi. Hins vegar þarf íbúðin að vera í útleigu í um 344 daga á ári m.v. væntar leigutekjur á mánuði. Ávinningurinn af því að leigja út íbúð í gegnum Airbnb virðist vera talsverður af því gefnu að nýtingahlutfall sé yfir 71% og þá sérstaklega þegar um óskráð gistirými er um að ræða. Leiguverð þyrfti að hækka um 100% til að standa á pari við óskráða gistingu í gegnum Airbnb miðað við þetta tiltekna dæmi en aftur á móti er óvissa um útleiguhlutfall aðila sem bjóða íbúð sína til leigu á Airbnb.

### 5.2.2 Fjöldi gistinátta sem þarf til að veða upp fórnarkostnað.

Til að ná utan á umfangi skráðra íbúða á Airbnb eftir hverfum voru upplýsingar sóttar af vef Expectus sem hefur að geyma yfirlit yfir allar íbúðir skráðar í apríl árið 2016. Í töflunni hér að neðan eru útlistaðir fjöldi íbúða í hverju hverfi. Herbergi eða heimagisting er ekki hlutur af fjöldanum sem birtist í töflunni að neðan heldur er einungis um að ræða íbúðir til leigu.

	Verð á nótt (ISK) eftir fjölda gesta			Fjöldi íbúða
	1 - 3	4 - 5	6 +	
Miðborg	10,966	14,149	26,836	929
Vesturbær	10,510	13,704	22,692	556
Laugardalur	9,478	11,476	20,192	351
Hlíðar	10,309	11,676	24,332	363
Háaleiti	8,766	10,321	19,162	120
Grafarvogur	7,638	23,668	17,475	67
Breiðholt	8,231	11,235	14,119	78
Árbær	7,006	11,547	31,486	39
Norðlingaholt	7,000	12,524	24,521	19

Tafla 2: Verð fyrir hverja nótt í íslenskum krónum ásamt fjölda íbúða skipt á svæði í Reykjavík í apríl 2016<sup>12</sup>.

Samkvæmt tölum Þjóðskrár um mánaðarleigu í apríl árið 2016 út frá þinglýstum leigusamningum þá er mánaðarleiga eins herbergja íbúðar í Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar um 153 þúsund krónur. Það er talsvert lægri leiga en myndi fást fyrir sambærilega íbúð í 101 Reykjavík, þar sem leigan er a.m.k. 180 þús. krónur m.v. auglýst leiguhúsnæði<sup>13</sup>. Það er því talsverður þrýstingur á leiguverði í 101 Reykjavík.

Sé miðað við fulla nýtingu á gistidögum skv. heimildum laga um heimagistingu eru flestar íbúðargerðir í miðborginni, þar sem verð er að jafnaði hæst, undir þeim tekjumörkum sem gefin eru upp. Það eru helst stærstu eignirnar, fyrir 6 eða fleiri gesti, sem myndu ná tveggja milljón króna markinu miðað við 90 daga nýtingu.

	Fjöldi gistinátta		
	1 Herb.	2 Herb.	3 Herb.
Reykjavík, vestan kringlumýrarbrautar og Seltjarnarnes	172	158	88
Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar	176	156	117
Grafarvogur, Grafarholt, Árbær, Norðlingaholt og Úlfarsárdalur	211	99	88
Breiðholt	190	169	187

Tafla 3: Fjöldi gistinátta sem þarf til að veða upp fórnarkostnað.

<sup>12</sup> Upplýsingar fengnar af vefsíðu Expectus um íbúðir skráðar á Airbnb.

<sup>13</sup> <http://www.leiga.is>



Eins og sést í töflu 3 þá er almennt hagkvæmast að vera með þriggja herbergja íbúð á leigu í gegnum Airbnb. Fyrir þriggja herbergja íbúð í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnarness þarf útleigu í gegnum deiliahagkerfi í 88 daga til að tekjurnar standi jafnt við þær tekjur sem fást við útleigu á almennum markaði í heilt ár. Við útleigu eins herbergja íbúða á Airbnb í Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnarness þarf 172 gistinætur til að vega upp fórnarkostnaðinn.

Í borginni San Francisco í Bandaríkjunum eru einungis um 0.09% af öllu húsnæði í borginni skráð á vef Airbnb í júní árið 2015. Að meðaltali tekur um 211 daga að vega upp fórnarkostnað fyrir allar tegundir íbúða í bandarísku borginni. Til samanburðar eru um 4,4% af öllu íbúðarhúsnæði í Reykjavík skráð á vef Airbnb í júlí árið 2016.

Þá er vert að nefna að ásetningur þess sem starfrækir heimagistingu eða leigir út íbúð til ferðamanna þarf ekki að vera að reka fasteignina að öllu leyti sem gististað. Fyrir marga er aðallega um aukatekjur af eigin heimili að ræða. Áhrifin af slíku fyrirkomulagi gerir búsetu í miðborginni og nágrenni hennar því auðsóttari fyrir þá sem geta „niðurgreitt“ eigin húsnæðiskostnað með aukatekjum af því að leigja fasteignina út þegar það hentar.

### 5.3 Ný lög um útleigu gistirýma

#### 5.3.1 Efni lagabreytinganna

Samkvæmt nýjum lögum sem taka gildi árið 2017 er einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki heimilt að leigja út lögheimili sín gegn endurgjaldi.

Með lögnum er aðilum heimilt að leigja út samþykkt íbúðarhúsnæði, gistirými eða orlofshús í samtals 90 daga á ári hverju og jafnframt mega tekjur af starfsemi ekki vera hærri en tvær milljónir kr. á ári.

Starfsemi er skráningarskyld og er starfsemi einnig starfsleyfisskyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Endurnýja þarf skráningu árlega og afhenda sýslumanni yfirlit yfir þá daga sem gistirými var leigt út ásamt tekjum af starfsemi.

Heimagisting er þá endurskilgreind og verður ekki leyfisskyldur rekstur en er skráningarskyldur. Áður útgefin leyfi munu þó halda gildi sínu og kunna að verða endurnýjuð. Breytingarnar fela í sér að skorðum rekstrarins verður breytt. Eftir sem áður skal fasteignin hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits.

Hverjum einstaklingi er þá heimilt að leigja út sitt eigið lögheimili og eina aðra fasteign í hans eigu. Heildarleigutími fasteignanna má ekki fara yfir 90 daga árlega og einnig gilda tekjumörkin 2 milljónir króna fyrir þær eignir samanlagt. Þessar skorður setja mjög skýr mörk fyrir framboði gistinátta sem hver viðbótareign getur skapað.

Ólíkir eftirlitsaðilar innan sveitarfélaganna munu samræma álit sitt og gefa í sameiningu út. Verður af því nokkuð hagræði fyrir umsækjanda þótt fyrsta bið eftir álit dragist nokkuð. Þá reynir slíkt fyrirkomulag á innra skipulag í starfsemi sveitarfélaganna.

Við leit að upplýsingum á heimasíðu Reykjavíkurborgar<sup>14</sup> eru eingöngu almennar upplýsingar um að starfsleyfisskyldur rekstur skuli hlýta lögum. Sér í lagi eru nefnd framleiðsla og dreifing matvæla, almennt þann rekstur sem fellur undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málefni gististaða eru ekki nefnd sérstaklega og ekki er vísað á vef Umhverfisstofnunar þar sem má t.d. finna samræmd starfsleyfisskilyrði heimagistingar. Samræmd starfsleyfisskilyrði heimagistingar voru síðast uppfærð í maí

<sup>14</sup> Reykjavík.is>þjónusta>Umhverfi og Heilbrigðiseftirlit>Heilbrigðiseftirlitið>Starfsleyfi


2010. Engar leiðbeiningum um hvernig megi uppfylla skilyrðin eru gefin á riti. Til stendur að uppfæra samræmd starfsleyfis skilyrði á árinu 2017<sup>15</sup>.

Eitt skilyrði í nýjum lögum er að skráð heimagisting fær tiltekið númer sem nýta skal við markaðssetningu eignarinnar og skráningu þar sem eigninni er miðlað. Númer þetta er þó ekki að sinni sett í sambandi við fastanúmer eignar í þjóðskrá en slíku myndi fylgja mikið hagræði.

### 5.3.2 **Áhrif nýrra laga á skráð gistirými**

Í undirkaflanum er fjallað um þróun og hlutfallslega skiptingu gistirýma í Berlín, London og Reykjavík með hliðsjón af setningu nýrra laga sem er ætlað að spyrna við húsnæðisskortri í borgunum.

#### 5.3.2.1 *Berlín*



Á myndinni fyrir ofan má sjá tímaröð yfir skráð gistirými í Berlín á Airbnb og þar með talin herbergi. Eins og sést á mynd 11 þá hefur talsvert dregið úr skráðum gistirýmum á Airbnb í Berlín eftir að lög um leigu gistirýma á deiliahagkerfisvefsíðum voru kynnt til sögunar. Lögnum er fyrst og fremst ætlað að spyrna við húsnæðisskortri í borginni<sup>17</sup>.

Aðilar sem leigja út íbúð án þess að hafa til þess sérstakt rekstrarleyfi geta fengið sekt sem nemur allt að €100,000. Leyfilegt er þó að leigja út herbergi á heimili án rekstrarleyfis svo lengi sem leigjandi er sjálfur viðstaddur í íbúðinni.

Hlutfallslegur samdráttur í skráðum gistirýmum á Airbnb frá febrúar fram í júlí árið 2016 er um 22,5%. Samdrátturinn er um 40% fyrir skráðar íbúðir til útleigu á vef Airbnb yfir sama

<sup>15</sup> Gunnar Alexander Ólafsson sérfræðingur

<sup>16</sup> Gögn af vefsíðu www.Airdna.com.

<sup>17</sup> <http://www.loc.gov/law/foreign-news/article/germany-law-restricting-airbnb-and-other-vacation-rentals-takes-effect-in-berlin/>

tímabil<sup>18</sup>. Það kann að vera að árstíðasveifla ýki samdráttinn yfir tímabilið en ekki eru nægileg gögn til að meta sérstaklega áhrif árstíðasveiflu.


Samdrátturinn hefur verið talsverður frá því lög um útleigu gistirýma á Airbnb tóku gildi. Eins og sést á ofangreindri mynd, þá sér ekki enn fyrir endann á lækkunarferlinu sem hófst undir lok síðasta árs. Myndin sýnir heildarfjölda skráðra gistirýma í Berlín en það má ætla að lækkunarferlið sé enn skarpara fyrir heilar íbúðir til útleigu. Löggin virðast þjóna tilgangi sínum í borginni og ætla má að framboð af leiguhúsnæði aukist talsvert í kjölfar lagasetningarinnar.

Herbergi	Íbúð				
	Stúdíó	1 herbergi	2 herbergi	3 herbergi	4+ herbergi
49.2%	4.6%	29.9%	12.2%	3.2%	0.9%

Tafla 5: Hlutfallsleg skipting skráðra gistirýma í Berlín í október 2016.<sup>19</sup>

Eins og sést í töflu 5 eru Herbergi hlutfallslega mest skráð á vef Airbnb í Berlín í október árið 2016. Það kann að vera að hlutfallsleg skipting hafi breyst eftir að lög um gistirými voru innleidd í Berlín og meiri þungi færst yfir í Herbergi vegna þeirra hvata sem löggin skapa.

### 5.3.2.2 London



Á Mynd 12 sést að stígandi hefur verið í skráðum gistirýmum á vef Airbnb frá því í nóvember árið 2014. Samkvæmt lögum um útleigu gistirýma í London er heimilt að leigja út gistirými í allt að 90 daga samtals. Airbnb hyggst framfylgja nýsettum lögum um útleigu gistirýma með því að setja skorður á fjölda gistinátta sem hver notandi getur skráð í kerfinu. Brot á lögum um útleigu gistirýma í borginni getur kostað viðkomandi að hámarki £20,000<sup>21</sup>. Hámarks sektarfjárhæð miðast við hvert brot.

<sup>18</sup> <http://www.independent.co.uk/news/world/europe/airbnb-rentals-berlin-germany-tourist-ban-fines-restricting-to-protect-affordable-housing-a7008891.html>

<sup>19</sup> Skýrsla Airdna um skráðar íbúðir í Berlín.

<sup>20</sup> Gögn af vefsíðu [www.Airdna.com](http://www.Airdna.com).

<sup>21</sup> <https://www.gov.uk/government/speeches/short-term-use-of-residential-property-in-london>


Þó svo að stígandi hafi verið í fjölda skráðra gistirýma frá því í lok árs 2014 er líklegt að aukning framboðs gistirýma muni koma til með að dragast saman eftir áramót í London miðað við þróunina í Berlín.

Íbúð					
Herbergi	Stúdíó	1 herbergi	2 herbergi	3 herbergi	4+ herbergi
42.7%	5.4%	22.9%	20.1%	5.8%	3.2%

Tafla 6: Hlutfallsleg skipting skráðra gistirýma í London í október 2016<sup>22</sup>.

Í ofangreindri töflu má sjá hlutfallslega skiptingu gistirýma í London í október 2016. Hlutfallslega eru flest skráð gistirými í borginni herbergi líkt og í Berlín.

### 5.3.2.3 Reykjavík



Það hefur verið mikil hlutfallsleg aukning á framboði gistirýma í Reykjavík á vef Airbnb eins og sjá má á Mynd 13. Hins vegar vekur athygli að hlutfallsleg skipting gistirýma er talsvert frábrugðin í samanburði við borgirnar London og Berlín þar sem hlutfallslegt framboð einkaherbergja er mun meira en í Reykjavík.

Íbúð					
Herbergi	Stúdíó	1 herbergi	2 herbergi	3 herbergi	4+ herbergi
26.4%	5.8%	32.3%	23.8%	7.7%	3.9%

Tafla 7: Hlutfallsleg skipting skráðra gistirýma í Reykjavík í september 2016<sup>24</sup>.

Eins og sést í töflu 7 þá er hlutfallslega mest framboð af eins herbergja íbúð eða um 32,3%. Það er líklegt að framboð gistirýmis á Airbnb hafi haldist í hendur við eftirspurn eftir íbúðum til skammtímaleigu síðustu ár og þar með valdið þrýstingi til hækkunar á

<sup>22</sup> Skýrsla Airdna um skráðar íbúðir í London.

<sup>23</sup> Gögn af vefsíðu www.Airdna.com.

<sup>24</sup> Skýrsla Airdna um skráðar íbúðir í Reykjavík.

fasteignaverði og þá sérstaklega á eins til tveggja herbergja íbúðum miðsvæðis í Reykjavík.

Þar sem undirliggjandi fjölgun íbúða í Reykjavík á síðunni er mjög mikil er erfitt að átta sig á árstíðarbundnum áhrifum, en dýfa í framboði í september vekur spurningar um hvort umræða um yfirvofandi gildistaka lagasetningar hafi haft áhrif. Ef svo er má vænta þess að töluvert bakslag verði í áhrifunum ef ekki kemur til þess að eftirlitsaðilar láti vita af sér. Ef gert verður áttak í eftirliti með eignum til leigu má vænta þess að fjöldi eigna á skrá dragist fljótt saman. Áhrifin á verðlag og bókanir á gististöðum sem hafa tilskilin leyfi eða eru skráð verða eflaust merkjanleg.

### 5.3.3 **Áhrif dómsmáls á skammtímaleigu íbúða í fjölbýli til ferðamanna**

Nýverið féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur sem húsfélag í Skuggahverfi hafði höfðað mál á hendur eiganda íbúðar sem var boðin til leigu í gegnum deiliahagkerfisvefsíðu. Samkvæmt dómnum er óheimilt að leigja íbúð í skammtímaleigu án samþykkis allra eiganda<sup>25</sup>. Niðurstaða dómsins hefur vakið talsverða athygli þar sem áður hafði Kærunefnd húsamála komist að annarri niðurstöðu<sup>26</sup>.

Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands<sup>27</sup>. Ef dómur Hæstaréttar Íslands er í samræmi við þann dóm sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur þá er líklegt að eftirspurn eftir fasteignum í fjölbýli miðsvæðis í Reykjavík dragist saman. Það er jafnframt líklegt að skráðar íbúðir til útleigu á deiliahagkerfisvefsíðum á borð við Airbnb dragist saman í kjölfarið.

## 5.4 **Möguleg samantekin áhrif á húsnæðismarkaðinn**

Samanburður á fjölda ferðamanna og nýtingu gististaða gefur góða mynd af fyrri frammistöðu markaðarins og hvernig hann bregst við aukinni eftirspurn. Með þær forsendur í huga sem gefnar eru upp í líkani fyrir fjölda ferðamanna, fjölda herbergja á gististöðum og söguleg áhrif þessara þátta á nýtingu er unnt að rýna inn í framtíðina.

Framboð gististaða þenst út í takt við eftirspurn ferðamanna eftir gistingu bæði innan ársins og milli ára. Vegna árstíðarsveiflunnar í komu ferðamanna má glögglega sjá minni nýtingu að vetri en yfir háannatímamann. Eitthvað er vitað um uppbyggingu á stærri gististöðum, hótelum sér í lagi enda yfirleitt um verkefni sem kalla á aðkomu skipulagsyfirvalda og fleiri.

Sé tekið mið af væntigildi spár Analytica og aðhvarfsgreiningu með tilliti til fjölda herbergja á gististöðum er ljóst að mikil ofmettun einkennir markaðinn fyrir gististaði næstkomandi sumur. Nýting þyrfti að vera 146% næsta sumar og enn hærri komandi ár sem er vitanlega ómögulegt. Aukið framboð þarf til að mæta fjöldanum nema fjöldinn minnki eða hegðun ferðamanna breytist með aukinni nýtingu gistingar utan höfuðborgarsvæðisins eða með styttri ferðum. Einhver merki eru um að ferðir séu þegar teknar að stytast og ætti sú þróun að koma fram að hluta í aðhvarfsgreiningu. Metið var hversu mörg herbergi myndi þurfa til viðbótar við fyrirsjáanlega fjölgun rýma svo nýting færi ekki yfir 100%.

<sup>25</sup> <https://www.domstolar.is/domar/domur/?id=3ff73428-b2dc-4ec5-99cf-6d2bc34ff79f>

<sup>26</sup> [http://www.urskurdir.is/Felagsmala/K\\_husamala/nr/6228](http://www.urskurdir.is/Felagsmala/K_husamala/nr/6228)

<sup>27</sup> <https://www.haestirettur.is/default.aspx?SearchAction=Search&pageid=fd8e17eb-6e70-11e5-80c3-005056bc50d4&Verdict=&CaseNumber=624%2F2016&LawParagraphs=&Keywords=&Parties=&FromDate=&ToDate=>

	Vænt framboð, fjöldi herbergja	Nýting	Herbergi sem vantar svo nýting fari ekki yfir 100%
<b>2017</b>	6.500	146%	6.500
<b>2018</b>	7.500	162%	8.800
<b>2019</b>	8.400	183%	11.800
<b>2020</b>	8.800	217%	16.600

Jafnvel þótt miðað væri við lágspána myndi engu að síður vanta 9.000 herbergi til að anna eftirspurninni sumarið 2020. Hver og einn fjárfestir mun greina markaðinna á eigin forsendum og má vera ljóst að flestir á þeim markaði hafi komist að þeirri niðurstöðu að enn megi bæta í framboð gististaða.

Ef eftirspurn umfram það sem mögulegt er að mæta yrði að öllu leyti mætt með heimagistingu hefði það í för með sér að nýta þyrfti 4.500 íbúðir á næsta ári og 6.000 íbúðir þar næsta ár sem gististaði og jafnvel mun fleiri. Er þá miðað við að hver heimagisting sé ígildi 1,5 herbergis að meðaltali. Ekki er unnt að meta með fyrirbyggjandi gögnum hvernig það kæmi út varðandi fasta búsetu í viðkomandi íbúðum þar sem óljóst er hversu margir eru með tilfallandi leigu og hverjir eru með íbúðir að öllu leyti í skammtímaútleigu og hvernig það dreifist yfir árið í reynd. Ef allir mögulegir staðir fullnýta sínar 90 daga heimildir að sumri til er enn eftir að greina frá því hvernig eftirspurn að vetri yrði mætt.

Reynslan sýnir að þessi þróun mun enn auka ásókn í að nýta húsnæði í miðborg Reykjavíkur og næstu hverfum til að reka heimagistingu. Fyrirsjáanlegt er að slík ásókn mun valda aukningu í rekstri óleyfisstaða. Ekki eru merki um annað en að fjöldi íbúa í miðborginni geti fækkað í kjölfarið og að fasteignaverð hækki enn. Búast má við að fyrirsögnunum um breytingu íbúða í gististaði, þar sem það er hægt muni enn fjölga.

Vöxtur í íbúafjölda vegna ferðapjónustunnar er töluverður líkt og greina má í umfjöllun um vinnumarkaðinn. Gróft mat á fjölda starfa miðað við væntigildi fjölda ferðamanna næstu ár segir að reikna megi með 2.600 nýjum störfum á komandi ári í ferðapjónustunni og alls hátt í 10.000 störf næstu 4 ár. Ekki er unnt að greina landfræðilega dreifingu þessara starfa að sinni en gagna kann að vera að vænta hjá Hagstofunni með vorinu sem geta fyllt upp í myndina.

Reikna má með að sumarstörf verði mikið til utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við skiptingu gistinátta. Á ársgrundvelli verði þá hið minnsta helmingur starfanna til í Reykjavík, líklega eitthvað fleiri vegna greina sem ekki eru beinlínis háðar gistingu. Þá má einnig reikna með að leita þurfi út fyrir landsteinana eftir að minnsta kosti öðrum hverjum starfsmanni. Íslenskur vinnumarkaður er í reynd mettaður sbr. atvinnupátttöku tölur og spurning er hvort ferðapjónustan geti rutt öðrum störfum úr vegi með þau kaup og kjör sem þar eru.

	Ný störf í ferðapjónustu	Uppsafnað
<b>2017</b>	2.600	
<b>2018</b>	2.000	4.600
<b>2019</b>	2.000	6.600
<b>2020</b>	3.000	9.600
<b>2021</b>	4.000	13.600
	<b>13.600</b>	

Áhrifin á fasteignamarkað eru því varfærnislega áætluð að eitt af hverjum fjórum störfum í ferðapjónustunni kalli á eftirspurn eftir einni nýrri íbúð og þá 500-750 íbúðum árlega, alls 2.500 íbúðir næstu fjögur ár og 3.500 næstu fimm ár.

Rétt er að geta þess að búsetuskilyrði farandverkafólks og þeirra erlendu starfsmanna sem eru að hefja búsetu hér á landi eru ekki vel þekkt en tilfinning margra sem rætt hefur verið við er að búsetukosturinn sé ekki endilega eins og best verður á kosið. Margir búi saman í íbúð eða vinnuveitandi útvegi húsnæði á vinnustaðnum. Þá eru brögð að því að búið sé í ólöglegu húsnæði, t.d. iðnaðarhúsnæði. En stór hluti fólks kann einnig að búa við þrengsli þótt í samþykktu húsnæði sé og má telja það nokkurs konar húsnæðisskort eða að minnsta kosti skort á æskilegum húsnæðiskosti. Einhver húsnæðispörf starfsfólks ferðapjónustunnar og fleiri hefur verið leyst með nýtingu húsnæðisins á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði, Ásbrú en þar hefur bæst við húsnæði fyrir 700-1.000 manns undanfarin misseri.

Þáttur byggingariðnaðarins er alveg ótalinn enda ekki bein afleiðing af ferðapjónustunni þótt afleiddu áhrifin séu til staðar. Nokkuð vantar upp á að áreiðanleiki upplýsinga um fjölda starfand í greininni sé til staðar svo hægt sé að meta húsnæðispörf starfsmanna betur. Einnig vantar að gera betur grein fyrir tengslum ferðapjónustunnar og byggingariðnaðarins.

Sú tala sem oft er nefnd þegar árleg húsnæðispörf höfuðborgarsvæðisins er metin, 1.800 íbúðir er því vel hægt að tvöfalda þegar litið er til áhrifa ferðapjónustunnar á húsnæðisframboð vegna bæði gististaða og starfsfólks í ferðapjónustu.



# Gististaðir í Reykjavík


## Þróun, áskoranir og stýring

þekkingarleit -ar kv  
sér kunnáttu, það að vilja vita e-ð  
> að fylla á viskubrunninn  
ubrunninn 2  
garþrá, fróðleiksást, fróð  
anfýsi virðing  
námfr  
heiður • það  
virða > njóta vir  
sýna e-m virðingu / ber  
fyrir e-u eða e-m á  
ar) kv 1 ávöxtur, niður  
sem leiðir af einhverju > hafa  
arferði for|skot HK 1 frestur 2 forh  
ferði for |  
sína þegar hann fær t.d. að byrja fyrr eða hefur tekist að komast frá  
þeim > 100 metra for



# Dagskrá

- ▶ Aðdragandi
- ▶ Helstu niðurstöður
- ▶ Skilgreining vandans
- ▶ Fræðilegur grunnur
- ▶ Erlendar fyrirmyndir
- ▶ Stýring gæða og umfangs
- ▶ Greining á stefnumörkun Borgarinnar
- ▶ Drög að tillögum



- 
- ▶ SEA biður um tilboð í greiningarvinnu meðal nokkurra ráðgjafa í ágúst s.l.
  - ▶ Skýrslu skilað í lok október s.l.
  - ▶ Verkefnið að skoða fordæmi fyrir stýringu á hótél uppbyggingu erlendis og uppfæra líkan um nýtingu hótela m.v. ferðamannafjölda og fjölda hótélherbergja.
  - ▶ Fá dæmi um þak á hótéluppbyggingu – tókum til að rýna skipulagsskilmála og aðra stefnumörkun Borgarinnar hvað þetta varðar.
  - ▶ Rýnt í vísindalegan grundvöll út frá auðlinda- og borgarhagfræði.
  - ▶ Tillögur um áhugaverðar leiðir dregnar fram.

- ▶ Mikil og fordæmalaus fjölgun ferðamanna í reynd og í kortunum. Nýting hótela í hæstu hæðum. Fjölgun hótélherbergja heldur varla í við þróunina.
- ▶ Sambúðarvandi íbúa og ferðamanna vegna samkeppni um takmarkaða auðlind. En þolmörk óþekkt.
- ▶ Efnahagslegur ávinningur og meira líf í borginni vegna ferðamanna.
- ▶ Samsöfnun á afmarkaðan stað, miðborgina, ekki tilviljun heldur lögmál samsöfnunar. Nýir staðir þurfa eigin gæði eða að vera „ódýrari“.
- ▶ Mikið unnið með litlum sigrum í að færa út jaðar miðborgarinnar.
- ▶ Dreifing í tíma og rúmi góð. En virkar að dreifa yfir árið? Er það æskilegt?

- ▶ Áhrif gistipjónustu á hagkerfi borgarinnar lítið rannsökuð og mælikvarðar endurspegla það.
- ▶ Fáar borgir með fasta kvóta á hótelfarfsemi. Víðtækari skipulagsúrræði. Margar borgir leita eftir fleiri hótelum.
- ▶ Erfitt að nálgast nákvæm gögn um það hvernig stefna er byggð upp.
- ▶ Hugsanlega vænlegra að líta til aukinna krafna um gæði þjónustunnar, áhrif hennar á umhverfið, framlag til markmiða borgarinnar um efnahagslegan ávinning og framlag til markmiða ferðamálastefnunnar.

## Vandinn

- ▶ Rýrir upplifun af heimsókninni
- ▶ Íbúar keppa um pláss og gæði við ferðamenn
- ▶ Aukin samkeppni milli þjónustu sem hentar íbúum aðallega og þjónustu við ferðamenn

## Ávinningur

- ▶ Breiðari þjónustugrundvöllur
- ▶ Aukin samkeppni í þjónustuframboði
- ▶ Aukin rekstrar- og atvinnutækifæri
- ▶ Hækkun eignaverðs

Hvernig er dreifing þessa vanda og ábata, landfræðilega og félagslega?

## Borgarhagfræði

- ▶ Samsöfnun líkrar starfsemi
- ▶ Sokkinn kostnaður við að leita þjónustu
- ▶ Gisting utan þéttasta þjónustusvæðis þarf að verða mun ódýrari
- ▶ Ný samsöfnunarsvæði verða til. Mikill ávinningur.

## Auðlindahagfræði

- ▶ Sameignarvandi
- ▶ Hver er auðlindin?
- ▶ Í hverju felst ofnýting?
- ▶ Hvernig er nýting takmörkuð?

## Umhverfis- og neytendasálfræði

- ▶ Hvað er áreiti og hvaða áhrif hefur það á hvern?


- 
- ▶ Fá dæmi um harða, einfalda kvóta á uppbyggingu
  - ▶ Kaupmannahöfn, Stokkhólmur: Almennir skipulagsskilmálar og vöntun á hótelum.
  - ▶ Alger frysting í Barselóna 1,6 M íbúar 7,9M túristar
  - ▶ Brugge: 19.000 íbúar – 1.000.000 ferðamenn í gistingu + 4.400.000 dagferðamenn
  - ▶ Dubrovnik: 43.000 íbúar – 2.500.000 ferðamenn í gistingu + 1.112.000 í skemmtiferðaskipum
  - ▶ Amsterdam með áhugaverða og metnaðarfulla uppbyggingarstefnu fyrir hótél.

## Rýmiskröfur:

- ▶ Eru herbergin í nágrenni við almenningssamgöngur af háum gæðum?
- ▶ Geta nærliggjandi götur tekist á við umferðina og er nægt pláss fyrir bílastæði?
- ▶ Eru hindranir í umhverfislöggjöf fyrir verkefninu?
- ▶ Er stærð hótelsins og herbergjanna í takt við umhverfið?
- ▶ Hafa herbergin neikvæð áhrif á nærliggjandi íbúasvæði?
- ▶ Eru innviðir fyrir ferðamenn í næsta nágrenni?

## Gæða- og efnahagslegar kröfur:

- ▶ Getur hótelið bætt fasteignina, nærliggjandi umhverfi eða framboð borgarinnar?
- ▶ Setur fyrirtækið sér háleita stefnu í samfélagslegri ábyrgð?
- ▶ Eru herbergin sérlega vistvæn/sjálfbær miðað við gildandi staðla og reglur?
- ▶ Hefur verið sýnt fram á fjárhagslegan fýsileika verkefnisins?
- ▶ Er fjárfestir og lánveitandi að baki tillögunni?
- ▶ Er blönduð starfsemi?




**Hotel  
ladder  
MRA**





- 
- ▶ Fylgjast þarf með efnahagslegu heilbrigði geirans:
    - > Herbergjaverð
    - > REVPAR
    - > Laun
    - > Nýting herbergja
  
  - ▶ Samkeppnishæfni
    - > Frammistaða og áhrif greinarinnar
    - > Geta áfangastaðar til að veita gæði og þjónustu
    - > Fýsileiki áfangastaðar
    - > Viðbrögð í stefnumörkun og efnahagsleg tækifæri

# Forsendur spár

Árlegur vöxtur fjölda ferðamanna	Lágspá	Miðspá	Háspá
2016	15%	20%	25%
2017	5%	10%	15%
2018	4%	7%	10%
2019	4%	7%	10%
2020	4%	7%	10%




## FJÖLGUN HERBERGJA




# Spá um nýtingu

Nýting hótelherbergja að sumri




# Heimildir í skipulagi



## Heimild til reksturs gistirýma


Kort sýnir samanburð á heimild til reksturs gistirýma við landnotkunarstefnu Aðalskipulags um miðbæjarsvæði


### Skýringar

 Aðalgötur innan íbúðarsvæða

### Heimild

 Ekki gert ráð fyrir gistirýmum

 Heimild fyrir rekstur gistirýma

 Skilmálar eiga við um rekstur gistirýma

### Miðborgarsvæði

 M1a

 M1b


 M1c



0 50 100 200 300  
m

**VSÓ RÁÐGJÖF**

# Heimildir í skipulagi



## Heimild til reksturs gistirýma

Kort sýnir samanburð á heimild til reksturs gistirýma við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030

### Skýringar

— Aðalgötur innan íbúðarsvæða

### Heimild

▨ Ekki gert ráð fyrir gistirýmum

▤ Heimild fyrir rekstur gistirýma

▧ Skilmálar eiga við um rekstur gistirýma

### Landnotkun Aðalskipulags

■ Hafnir (H)

■ Innri höfn

■ Miðborg

■ Miðsvæði (M)

■ Opin svæði (OP)

■ Samfélagsþjónusta (S)

■ Strandsvæði (ST)

■ Vegir, götur og stígar (VE)

■ Veitur og helgunarsvæði (VH)

■ Verslun og þjónusta (VP)

■ Vötn, ár og sjór (V)

■ Íbúðarbyggð (IB)



0 50 100 200 300  
m

VSÓ RÁÐGJÖF



FERÐAMÁLASTOFA – ICELANDIC TOURIST BOARD  
ERLENDIR FERÐAMENN Á ÍSLANDI  
SUMAR 2014



## AÐFERÐ

BLS. 6

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

BLS. 7

## ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

	Bls.
Sp.1: ÞJÓÐERNI	16
Sp.2: BÚSETULAND	19
Sp.3: MARKAÐSSVÆÐI	22
Sp.4: ALDUR	25
Sp.5: KYN	28
Sp.6: STARFSHEITI	31
Sp.7: HEIMILISTEKJUR	34
Sp.8: ÍSLAND SEM FERÐAMANNASTAÐUR	37
Sp.9: HUGMYNDIN AÐ ÍSLANDSFERÐ	40
Sp.10: HUGMYNDIN AÐ ÍSLANDSFERÐ	43
Sp.11: ÍHUGAÐIR FYRST AÐ FERÐAST TIL ÍSLANDS	46
Sp.12: TÍMABIL FRÁ BÓKUN AÐ BROTTFÖR	49
Sp.13: ÁHRIFAPÆTTIR UM ÁKVÖRÐUNINA AÐ KOMA TIL ÍSLANDS	52
Sp.14: ÍSLENSK NÁTTÚRA SEM ÁHRIFAPÁTTUR	55
Sp.15: UPPRUNI UPPLÝSINGA UM ÍSLAND	58
Sp.16: TILGANGUR HEIMSÓKNAR	61
Sp.17: FERÐAFÉLAGAR	64
Sp.18: HEILDARLENGD ÍSLANDS DVALAR	67
Sp.19: LANDSSVÆÐI - NÆTURDVÖL	70
Sp.20: LENGD DVALAR Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI	73
Sp.21: LENGD DVALAR Á SUÐURLANDI	76
Sp.22: LENGD DVALAR Á NORÐURLANDI	79
Sp.23: LENGD DVALAR Á AUSTURLANDI	82
Sp.24: LENGD DVALAR Á VESTURLANDI	85
Sp.25: LENGD DVALAR Á REYKJANESSKAGA	88
Sp.26: LENGD DVALAR Á VESTFJÖRÐUM	91
Sp.27: LENGD DVALAR Á HÁLENDINU	94
Sp.28: TEGUND GISTINGAR	97
Sp.29: FJÖLDI NÁTTA Á HÓTELI/GISTIHÚSI	100
Sp.30: FJÖLDI NÁTTA Á TJALDSVÆÐUM	103
Sp.31: FJÖLDI NÁTTA Í ÍBÚÐ EÐA HÚSI Í EINKAEIGU	106
Sp.32: FJÖLDI NÁTTA Á FARFUGLAHEIMILUM/HÁLENDISSKÁLUM	109



## ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR FRH.

	Bls.
Sp.33: FJÖLDI NÁTTA HJÁ ÆTTINGJUM/VINUM	112
Sp.34: FJÖLDI NÁTTA Á FERÐAÞJ.BÆJUM/BÆNDAGISTINGU	115
Sp.35: FJÖLDI NÁTTA Í SUMARHÚSUM/GESTAÍBÚÐUM	118
Sp.36: FJÖLDI NÁTTA Í ANNARRI GISTINGU	121
Sp.37: ÞJÓNUSTA Á GISTISTAÐ	124
Sp.38: AÐSTAÐA Á GISTISTAÐ	127
Sp.39: ÞJÓNUSTA Á VEITINGASTÖÐUM	130
Sp.40: ÚRVAL VEITINGASTAÐA	133
Sp.41: AFÞREYING Í ÍSLANDSFERÐINI	136
Sp.42: FJÖLDI HEIMSÓKNA Í SUNDLAUGAR	139
Sp.43: FJÖLDI HEIMSÓKNA Á SÖFN	142
Sp.44: FJÖLDI FERÐA MEÐ LEIÐSÖGUMANNI	145
Sp.45: FJÖLDI HVALASKOÐUNARFERÐA	148
Sp.46: FJÖLDI HEIMSÓKNA Í NÁTTÚRULAUGAR	149
Sp.47: FJÖLDI HEIMSÓKNA Í HEILSULINDIR/DEKUR	152
Sp.48: FJÖLDI HEIMSÓKNA Á SÝNINGAR/LISTAGALLERÝ	155
Sp.49: FJÖLDI BÁTTFERÐA	158
Sp.50: FJÖLDI GÖNGU/FJALLAFERÐA MEÐ LEIÐSÖGUMANNI	159
Sp.51: FJÖLDI HESTAFERÐA	162
Sp.52: FJÖLDI JÖKLA/SNJÓSLEÐAFERÐA	165
Sp.53: FJÖLDI SKIPTA Á HÁTÍÐIR/VIÐBURÐI	166
Sp.54: FJÖLDI ANNARRA ÆVINTÝRAFERÐA	169
Sp.55: FJÖLDI HEIMSÓKNA Á AÐRA MENNINGARVIÐBURÐI	172
Sp.56: FJÖLDI HELLASKOÐUNARFERÐA	173
Sp.57: FJÖLDI HJÓLAREIDAFERÐA	174
Sp.58: FJÖLDI KAYAK/FLÚÐASIGLINGAFERÐA	175
Sp.59: FJÖLDI VEIÐIFERÐA	176
Sp.60: FJÖLDI NORÐURLJÓSAFERÐA	177
Sp.61: FJÖLDI HEIMSÓKNA Á GOLFVELLI	178
Sp.62: FJÖLDI SKÍÐA/SNJÓBRETТАFERÐA	179
Sp.63: ÞJÓNUSTA FYRIRTÆKJA Í NÁTTÚRUTENGDRI AFÞREYINGU	180
Sp.64: FJÖLBREYTNIFYRIRTÆKJA Í NÁTTÚRUTENGDRI AFÞREYINGU	183
Sp.65: ÞJÓNUSTA FYRIRTÆKJA Í MENNINGARTENGDRI AFÞREYINGU	186
Sp.66: FJÖLBREYTNIFYRIRTÆKJA Í MENNINGARTENGDRI AFÞREYINGU	189
Sp.67: ÞJÓNUSTA FYRIRTÆKJA Í HEILSUTENGDRI AFÞREYINGU	192
Sp.68: FJÖLBREYTNIFYRIRTÆKJA Í HEILSUTENGDRI AFÞREYINGU	195





## ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR FRH.

	Bls.
Sp.69: HVADA FERÐAMÁTI VAR NÝTTUR Í FERÐINNI	198
Sp.70: ÁSTAND VEGA	201
Sp.71: VEGAMERKINGAR (NÚMER/HEITI VEGA)	204
Sp.72: VEGAMERKINGAR (AÐVÖRUNARSKILT/ÞJÓNUSTUMERKI)	207
Sp.73: ÁNINGAR-/ÚTSÝNISSTAÐIR VIÐ VEGI	210
Sp.74: VEGAKERFIÐ Í HEILD	213
Sp.75: HEIMSÓTTIR LANDSHLUTAR/STAÐIR	216
Sp.76: MERKINGAR OG UPPLÝSINGAR Í FERÐAMANNAIÐNAÐI	221
Sp.77: AÐGENGI AÐ FERÐAMANNASTÖÐUM	224
Sp.78: HREINLÆTISAÐSTAÐA Á FERÐAMANNASTÖÐUM	227
Sp.79: ÖRYGGISÞÆTTIR FERÐAMANNAIÐNAÐARINS	230
Sp.80: HÁTTSEMI GESTA	233
Sp.81: ALMENNT ÁSTAND FERÐAMANNASTAÐA	236
Sp.82: MIKILVÆGI GÆÐAVOTTUNAR FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJA	239
Sp.83: ÖNNUR LÖND HEIMSÓTT Í SÖMU FERÐ	242
Sp.84: TEGUND FERÐAR	245
Sp.85: HVAR VAR BÓKUÐ: PAKKA FERÐ	248
Sp.86: HVAR VAR BÓKUÐ: FERÐ Á EIGIN VEGUM	251
Sp.87: HVAR VAR BÓKUÐ: FERÐ Á VEGUM VINNU	254
Sp.88: FLUGMIÐAKOSTNAÐUR	257
Sp.89: PAKKA FERÐARKOSTNAÐUR	260
Sp.90: INNIHALD PAKKA FERÐAR	263
Sp.91: Í HVAÐ VAR EYTT, Í FERÐINNI	266
Sp.92: EYTT Í VEITINGASTAÐI/BARI/KAFFIHÚS	269
Sp.93: EYTT Í GISTINGU	272
Sp.94: EYTT Í MATVÖRUR Í MATVÖRUVERSLUNUM	275
Sp.95: EYTT Í AFÞREYINGU/SKEMMTANIR (AÐGANGSEYRIR)	278
Sp.96: EYTT Í VARNING Í VERSLUNUM	281
Sp.97: EYTT Í ALMENNINGSSAMGÖNGUR	284
Sp.98: EYTT Í ANNAN FERÐAKOSTNAÐ (BENSÍN)	287
Sp.99: EYTT Í BÍLALÆIGUBÍL	290
Sp.100: EYTT Í ÁFENGISKAUP Í ÁFENGISVERSLUNUM	293
Sp.101: FJÖLDI FJÖLSKYLDUMEDLIMA MEÐ Í FÖR	296
Sp.102: NÁTTÚRUPASSI - LÆGSTA VERÐ Á MÓTIGÆÐUM	299
Sp.103: NÁTTÚRUPASSI - GÓÐ KAUP	302
Sp.104: NÁTTÚRUPASSI - HÁTT VERÐ	305



## ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR FRH.

	Bls.
Sp.105: NÁTTÚRUPASSI -OF HÁTT VERÐ	308
Sp.107: LÍKINDI Á AÐ HEIMSÆKJA ÍSLAND AFTUR	311
Sp.108: LÍKLEGASTI ÁRSTÍMI FYRIR NÆSTU HEIMSÓKN	314
Sp.109: STÓÐ ÍSLANDSFERÐIN UNDIR VÆNTINGUM	317
Sp.110: HEIMSÓKNIR TIL ÍSLANDS ÁÐUR	320
Sp.111: FJÖLDI HEIMSÓKNA TIL ÍSLANDS ÁÐUR	323
Sp.112: ÞRJÚ MINNISSTÆÐ ATRÍÐI ÚR FERÐINNI	326
Sp.113: HVAR ER ÚRBÓTA ÞÖRF (ÞRJÚ ATRÍÐI)	332
Sp.114: STYRKLEIKAR ÍSLENSKRAR FERÐAÞJÓNUSTU	338



## MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir Ferðamálastofu. Hún var lögð fyrir útlenda ferðamenn á Íslandi, þá sem heimsóttu landið mánuðina frá júní 2014 til ágúst 2014 og fjallar um upplifun þeirra af dvölinni.

Könnunin hófst 14. júlí og endaði 15. október 2014.

Starfsmenn Maskínu söfnuðu netföngum frá ferðamönnum á Keflavíkurlflugvelli og farþegum Norrænu á Seyðisfirði. Um það bil 1600 netföng söfnuðust á mánuði, 1500 á Keflavíkurlflugvelli og 100 á Seyðisfirði. Í kjölfarið var ferðamönnum send netkönnun með tölvupósti. Áminning var send þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað.

Það söfnuðust 4.728 netföng og 2.629 manns svöruðu, sjá nánar hér að neðan.

### Úrtak og svörun

Upphaflegt úrtak:	4728
Ógild netföng:	142
Endanlegt úrtak:	4586
Svöruðu ekki:	1956
<b>Fjöldi svarenda:</b>	<b>2629</b>
<b>Svarhlutfall:</b>	<b>57,3%</b>



## Vinsamlegast hafið samband við Ferðamálastofu fyrir opinbera birtingu gagna.

Reykjavík, 5. desember 2014.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Ásmundur Pálsson

Helga Lára Haarde

Ævar Þórólfsson

## STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

**Meðaltal** í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.


**Staðalfrávik** í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

**Kí-kvaðrat próf** er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.

**ANOVA** er skammstöfun á Analysis of Variance sem hefur verið nefnt dreifigreining á íslensku. ANOVA metur það hvort marktækur munur er á meðalgildum svara við spurningu á samfelldum kvarða.



## Ferðamenn á Íslandi 2013-2014





Meðalaldur: 41 árs

### ÞJÓÐERNI




### Markaðssvæði






## Ferðamenn á Íslandi 2013-2014

### Hlutfall ferðamanna sem heimsótti hvern landshluta




### Hlutfall ferðamanna sem nýtti tegundir gististaða






## Spurningar á kvarðanum 0-10

■ Sumar 2014  
■ Vetur 2013/2014




## Spurningar á kvarðanum 1-5






## Heildarfjöldi gistinguáttá á Íslandi




## Heildarfjöldi gistinguáttá eftir landshlutum á Íslandi\*



\*Aðeins þeir sem gistu í viðkomandi landshluta.



## Fjöldi skipta greitt fyrir afþreyingu\*




\*Aðeins þeir sem greiddu fyrir einhverja af þessum afþreyingum.






## Meðalupphæð eytt í eftirfarandi (ISK)\*



\*Aðeins þeir sem sögðust hafa greitt fyrir eitthvað af þessu.





## Hvað var minnistæðast úr Íslandsferðinni (þrjú atriði)? - Allt nefnt





## NÁTTURUPASSI SUMAR





Ferðamenn voru spurðir fjögurra spurninga um hvaða verð þeir væru tilbúnir að greiða fyrir Náttúrupassann (sp.102-sp.105). Þeir voru spurðir hvaða upphæð væri of lág, hvað væri góð kaup, ekki dýrt og borgadýrt. Á efri myndinni sést safntíðni (cumulative frequency) fyrir hverja spurningu eftir verðskimunarkvarða (Price Sensitivity Meter) markmiðið hagfræðingsins Peter Van Westendorp. Þeirra línurnar tvær afmarka það verð sem markmiðið er með samkvæmt þessari tilfelli 1000 og 8.500 krónur.

